**ARI TRAUSTI GUÐMUNDSSON**

*Lyftir lóðum og klífur fjöll til að auka orkuna*

heilsa bækur

allt Í MIÐJU BLAÐSINS





**MÓTETTUKÓRINN 25 ÁRA**

*Hörður Áskelsson við stjórn frá upphafi*

Margt sem stendur upp úr

**TÍMAMÓT 22**





**PÉTUR ÞÓR GUNNARSSON**

*Gallerí Borg snýr aftur*

Gengur hreint til verks

**FÓLK 38**





# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. nóvember 2007 — 316. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


**ÞRIÐJUDAGUR**

### Kökukonsertar hefja göngu sína



Söngkonurnar Hallveig Rúnarsdóttir, Margrét Sigurðardóttir og konfektgerðarmeistarinn Hafliði Ragnarsson syngja saman á óvenjulegum tónleikum.

**MENNING 26**

### Brask með miða



Borið hefur á svartamarkaðsbraski með miða á jólatónleika Björgvins Halldórssonar.

**FÓLK 38**

### Hjartað slær heima

Íslenskir unglingar eru stoltir af því að vera Íslendingar, eins og fram kemur í rannsókn Þórodds Bjarnasonar og Atla Hafþórssonar.

**TILVERA 16**

### Hermann verður fyrirliði



Hermann Hreiðarsson verður fyrirliði íslenska landsliðsins gegn Dönum á morgun. Leikaðferð Íslands verður 4-5-1.

**ÍÞRÓTTIR 32**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**KÓLNANDI VEÐUR -** Í dag verður vestlæg átt, 8-15 m/s, hvassast á Norður- og Vesturlandi. Léttskýjað eystra en dálítil væta með morgninum vestan til en styttir svo upp. Hiti 3-7 stig en frystir víða síðdegis eða í kvöld.

**VEÐUR 4**




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í ágúst-október 2007


# Aðgerðum ítrekað frestað

**Yfirlæknir gjörgæsludeildar Landspítalans við Hringbraut segir húsnæðisskort geta sett sjúklinga í hættu. Ekki sé hægt að bíða eftir nýju sjúkrahúsi. Ráðherra útilokar ekki að flýta viðbyggingu gjörgæsludeildar.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut býr við mikinn húsnæðisskort. Ástandið er orðið það alvarlegt að Alma Dagbjört Möller, yfirlæknir gjörgæslulækninga, segir ekki hægt að bíða þar til deildin verði flutt í nýtt sjúkrahús sem á að byggja. Finna verði bráðabirgðalausn hið fyrsta.

Alma segir að ítrekað hafi þurft að fresta aðgerðum á sjúklingum af því að ekki hafi verið hægt að koma þeim fyrir í sjúkrarúmum á gjörgæsludeild eftir aðgerð. Þá séu alþjóðlegar kröfur um lágmarksrými fyrir hvern sjúkling engan veginn uppfylltar. Hver sjúklingur fái um fjórtán fermetra pláss en það eigi að vera minnst 25 fermetrar svo koma megi tækjum fyrir með góðu móti.

Lyfjaherbergi deildarinnar er 2,4 fermetrar að stærð og segir Alma það ekki við hæfi á deild sem byggi á flóknum lyfjagjöfum. Þá þurfi að geyma dýr tæki deildarinnar víðs vegar um húsið, jafnvel á göngum þar sem tækjageymsla rúmi aðeins brot af þeim búnaði sem þurfi. Alma hefur sjálf látið aðstandendum sjúklinga eftir skrifstofu sína. „Gjörgæsludeild er sérstök að því leyti að þar dvelja ættingjar sjúklinga mjög mikið og gista oft á spítalanum.“

Alma segir starfsfólki gjörgæslunnar mjög annt um sína sjúklinga en þröngur og óviðunandi húsakostur geri því mjög erfitt fyrir. Sjálf hefur Alma teiknað bráðabirgðalausn fyrir deildina. Hún felst í því að afar einföld viðbygging yrði sett ofan á þak röntgendeildar. Byggingin yrði notuð fyrir geymslur, aðstöðu fyrir starfsfólk og aðstandendur. Tillögur hennar eru nú til umsagnar hjá húsafriðunarnefnd.

„Það er spurning hversu lengi er hægt að bíða. Sjúklingum fjölgar og aðgerðirnar verða sífellt flóknari og hafa í för með sér fleiri nauðsynleg tæki sem sjúklingarnir þarfnast. Hér eru veikustu sjúklingar spítalans og þessi óviðunandi aðstaða getur skapað hættu fyrir sjúklinga auk þess sem hún reynir verulega á starfsfólk,“ segir Alma.

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra kveðst vita af húsnæðisvanda heilbrigðisstofnana. Hann vill ekki útiloka að þrýst verði á um að flýta viðbyggingu gjörgæsludeildar en segir að ný aðstaða verði ekki hrist fram úr erminni. **- kdk/** **sjá síðu 6**



**HERRAMAÐURINN SARKOZY** Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti tók ljúflega á móti Margréti Þórhildi Danadrottningu og Hinrik prins í forsetahöllinni í París, þrátt fyrir harðar kjaradeilur opinberra starfsmanna í landinu. Nordicphotos/AFP

Mikil lækkun í Kauphöllinni:

## Gengishækkun ársins að hverfa

**VIÐSKIPTI** Úrvalsvísitalan féll um 3,65 prósent í Kauphöllinni í gær en það er næstmesta dýfa hennar á árinu. Vísitalan endaði í 6.956 stigum og hefur hún ekki verið jafn lág síðan seint í janúar.

Gengi bréfa í fjármálafyrirtækjum lækkaði mest, svo sem í Existu sem fór niður um 5,8 prósent.

Pétur Aðalsteinsson, sérfræðingur hjá VBS Fjárfestingabanka, segir fjárfesta verða að hugsa sig vel um áður en þeir ákveði að selja hlutabréf sín þegar óróleiki sé á mörkuðum. **- jab /** **sjá síðu 29**

Orkuveita Reykjavíkur:

## Ekki hlutafélag

**ORKUMÁL Hlutafélagavæðing Orkuveitunnar er ekki á dagskrá nýs meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur. Mat borgarfulltrúa er að sá styr sem hefur staðið um fyrirtækið fresti ákvörðunum um hlutafélagavæðingu um ótiltekinn tíma. Stýrihópur Svandísar Svavarsdóttur hefur tillögu um breytt rekstrarform fyrirtækisins til umfjöllunar.** **- shá /** **sjá síðu 4**

Togskipið Þorvaldur Lárusson fékk virkt tundurdufl í veiðarfærin við Látrabjarg:

## Orkan á við tonn af dínamíti

**LANDHELGISGÆSLAN** „Strákarnir tóku þessu með ró og gengu tryggilega frá duflinu. En svona eftir á að hyggja læðist sú hugsun að manni að það þyrfti ekki um að binda ef þetta myndi springa,“ segir Sigurður Ó. Þorvarðarson, skipstjóri á Þorvarði Lárussyni SH 129 frá Grundarfirði. Skipið fékk tundurdufl í trollið á laugardag þar sem það var að veiðum undan Látrabjargi. Um 350 kíló af virku sprengiefni eru í dufli af þessari tegund.

Sigurður segir það koma reglulega fyrir að skip fái tundurdufl í veiðarfærin. Hann sigldi strax til hafnar á Rifi eftir að hafa ráðfært sig við Vaktstöð siglinga og þar fóru hann og sjö skipverjar aðrir í land. Sprengjusérfræðingar Landhelgisgæslunnar tóku við duflinu og sprengdu það á afviknum stað.

„Orkan sem leysist úr læðingi þegar svona dufl springur jafngildir einu tonni af dínamíti. Það er ljóst að ef svona dufl spryngi um borð í báti á stærð við Þorvald Lárusson myndi hann hverfa af yfirborði sjávar, enda var þessum duflum ætlað að sökkva stórum flutninga- og herskipum,“ segir Sigurður Ásgrímsson, sprengjusérfræðingur Landhelgisgæslunnar. Hann segir að um þýskt dufl frá seinni heimsstyrjöld hafi verið að ræða en þeim var hent í hafið við Ísland í tugþúsundavís á stríðsárunum. **- shá**



**DUFLIÐ Á BRYGGJUNNI** Jónas Þorvaldsson sprengjusérfræðingur stendur hér við þýska tundurduflið, sem er úr áli. Eftir rúm sextíu ár í sjónum er það enn heillegt og stórhættulegt. MYND/SIGURÐUR ÁSGRÍMSSON




## SPURNING DAGSINS



*Þórður, voru krakkarnir snuðaðir um laugardagsnammið?*

„Þeir hafa ábyggilega ekki verið ánægðir með tilboð í versluninni; þeir þurfa samt ekki öxi til að fá bland í poka hér.“

Þórður Björnsson, kaupmaður í Sunnubúð, var rændur af fjórir grímuklæddum sextán ára unglingspiltum um helgina. Þeir ógnuðu honum með exi og slógu í andlitið. Þórður segir þá mega koma aftur en þeir verði þá að borga fyrir vörurnar.

Nýr hæstiréttur í Pakistan fer að vilja Musharrafs forseta:

# Forsetakjörið dæmt löglegt

**PAKISTAN, AP** Hæstiréttur í Pakistan kvað í gær upp þann úrskurð að forsetakjör, sem fram fór í byrjun október, hefði verið löglegt. Pervez Musharraf geti því setið áfram eitt kjörtímabil í viðbót.

Stjórnarandstaðan segir ekkert mark takandi á dómstólnum eftir að Musharraf rak megnið af dómurum hans fyrir stuttu. Nýju dómararnir séu gagnrýnislausir á forsetann og lúti vilja hans í einu og öllu.

Lögmæti forsetakjörsins hafði verið dregið í efa vegna þess að Musharraf er æðsti yfirmaður hersins, en samkvæmt stjórnarskrá landsins er yfirmönnum í hernum ekki heimilt að starfa í stjórnmálum.

Musharraf hefur jafnan sagt að hann myndi segja af sér yfirmennskunni í hernum jafnskjótt og lögmæti forsetakjörsins hefur verið staðfest, og sitja þá sem borgaralegur forseti.

Einn af helstu leiðtogum stjórnarandstöðunnar, Imran Khan, sem er fyrrverandi krikketstjarna, hóf í gær hungurverkfall í fangelsi, sem hann var hnepptur í nýverið. Hann segist ekki ætla að neyta matar fyrr en dómsvaldið verður endurreist. „Hann gæti orðið ansi grannur,“ segir fyrrverandi eiginkona hans, Jemima Khan.

Musharraf ætlar í dag að bregða sér til Sádi-Arabíu að ræða þar við ráðamenn um samstarf á ýmsum sviðum. **- gb**



**PERVEZ MUSHARRAF** Honum er væntanlega ekkert að vanbúnaði lengur að segja af sér sem æðsti yfirmaður hersins. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Ellefu ára stúlku nauðgað:

# Átta ára liggur undir grun

**BANDARÍKIN, AP Þrír drengir á aldrinum átta til níu ára eru grunaðir um að hafa rænt og nauðgað ellefu ára stúlku í Georgíuríki í Bandaríkjunum. Atvikið átti sér stað á fimmtudaginn og tilkynnti móðir stúlkunnar það til lögreglu á sunnudaginn að sögn lögreglustjórans í bænum Acworth.**

**„Fórnarlambið sagði að þau hefðu verið að leika sér úti og að hún hefði verið neydd inn í skóg þar sem hún var kynferðislega áreitt og einn drengurinn nauðgaði henni.“**

**Drengirnir eru í haldi lögreglu ákærðir fyrir nauðgun, mannrán og kynferðislega áreitni. - sdg**





**EIGANDI TORRENT.IS** Svavar Lúthersson fékk að halda tölvubúnaðinum en var gert að loka vefsíðunni. Hann vildi fá að halda hluta síðunnar opinni en fékk ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Borga eina milljón fyrir lokun Torrent

**Sýslumaðurinn í Hafnarfirði lagði í gær lögbann á starfsemi vefsíðunnar torrent.is þar sem notendur skipast á efni sem hagsmunsamtök segja varið af höfundarrétti. Lögð var fram einnar milljónar króna trygging fyrir lögbanninu.**

**DÓMSMÁL** „Mér líst illa á ákvörðun sýslumanns um að leggja lögbann á starfsemi vefsins,“ segir Svavar Lúthersson, eigandi torrent.is

Sýslumaðurinn í Hafnarfirði lagði í gær lögbann á torrent.is að kröfu fjögurra samtaka höfundaréttarhafa myndefnis og tónlistar. Smáís, SÍK, STEF og FHF greiddu sýslumanninum eina milljón króna tryggingu og þurfa innan viku að höfða staðfestingarmál á hendur torrent.is fyrir Héraðsdómi Reykjaness. Þetta eru Samtök myndrétthafa á Íslandi, Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar, Framleiðendafélagið og Félag hljómplötuframleiðenda.

Björn Hansson í aðfarardeild sýslumanns segir að farið hafi verið í gærmorgun á heimili Svavars til að framfylgja lögbanninu. Þar hafi verið ákveðið að halda málinu áfram á skrifstofu sýslumannsins og aðilar farið þangað til að ræða málið.

Lögbannskrafa hagsmunasamtakanna var tvíþætt: Annars vegar var þess krafist að starfrækslu torrent. is yrði hætt og hins vegar að lagt yrði hald á tölvubúnað torrent.is. Björn segir að aðeins hafi þótt vera ástæða til að verða við fyrri kröfunni. Torrent.is hafi síðan verið lokað.

Í lögbannskröfunni segir að torrent.is geri notendum síðunnar kleift að fá aðgang að og deila innbyrðis hljóð- og myndefni sem sé höfundarréttarvarið og á áðurnefnd samtökin eigi réttin að. Þess vegna hafi þurft að loka síðunni og taka tölvurnar.

„Mitt persónulega mat er að lögbannið sé allt of víðtækt. Það hefði verið hægt að setja lögbann á skráarskiptahluta vefsins og leyfa aðgangshlutanum að vera áfram uppi, til dæmis til að veita fréttir og upplýsingar,“ segir Svavar, sem kveðst hafa haldið uppi þessu sjónarmiði ásamt lögmanni sínum á skrifstofu sýslumanns. Það hafi ekki hlotið undirtektir.

„Við gerum ráð fyrir að allt höfundarréttarvarið efni sé með leyfi rétthafa þar til annað kemur í ljós. Skilmálar okkar hljóða upp á að notendur staðfesta að þeir muni eingöngu senda inn efni sem þeir hafa rétt á að senda inn. Við höfum fengið ábendingar frá rétthöfum um að fjarlægja efni sem síðan hefur verið gert. Þetta er ekki algengt,“ segir Svavar, sem telur of snemmt að segja til um næstu skref torrent.is „En við munum leita réttar okkar,“ segir hann.

**gar@frettabladid.is**





Við rúllum upp samkeppninni

Allt sem þú þarft...




...alla daga

Meðallestur þriðjudaga til laugardaga, 18–49 ára.

Fíton/SÍA


Íbúi í Fannarfelli 6 segir snör viðbrögð lögreglumanna hafa bjargað mannslífum:

# Framganga lögreglu skipti sköpum

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglumenn sem staddir voru að Fannarfelli 6 vegna andláts íbúa þar björguðu mannslífum í brunanum í fyrradag með framgöngu sinni og snörum viðbrögðum. Þetta er mat Halldórs Norðquist, sem býr á hæðinni fyrir neðan íbúðina sem brann.

„Þau tvö sem voru inni í íbúðinni voru sótsvört og jafnvel með sviðið hár svo það er alveg ljóst að hefðu lögreglumennirnir ekki fundið fyrir reyknum og brugðist svona vasklega við hefði ekki verið spurt að leikslokum,“ segir Halldór. „Það er því alveg ljóst að þeir björguðu lífi þeirra beggja og jafnvel þeirra sem búa á sömu hæð.“

Hann er einnig ánægður með framgöngu starfsfólks slökkviliðsins og Rauða krossins. „Við fengum öll góða aðhlynningu og meira að segja var athugað með líðan mína daginn eftir. Ég er hjartveikur og þau höfðu áhyggjur af því að ég fengi hjartakast en ég var í lagi enda fannst mér ég vera í góðum höndum.“

Arnar Rúnar Marteinsson aðalvarðstjóri staðfestir að lögreglumennirnir hafi farið að Fannarfelli 6 vegna andláts íbúa. „Það er alltaf ómögulegt að segja hvað hefði gerst hefðu þeir ekki verið á svæðinu en það er mat manna sem þarna voru að það hafi hugsanlega haft úrslitaáhrif,“ bætir hann við.

Alls voru fjórtán lögreglumenn sendir á vettvang. **- jse**



**LÖGREGLUNNI ÞAKKLÁTUR** Halldór Norðquist þorir ekki að hugsa þá hugsun til enda hefðu lögreglumenn ekki verið til staðar og orðið eldsins varir morguninn örlagaríka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# HLJÓÐIÐ MAGNAST Í HÁTÆKNI

## Erum komin í jólaskap



**Yamaha RX-V1800 heimabíómagnari**

Magnar bæði hljóð og mynd.Tengdu allt við magnarann og síðan magnarann við sjónvarpið.

**Verð 129.995 kr.**

Powered by ABT HDMI™

8CH EXT. INPUT · dts HD Master Audio · DOLBY DIGITAL-PLUS · DOLBY TRUEHD



EISA AWARD · Best Product 2006-2007 · WHAT HI-FI? AWARDS 2007 · iF product design award 2007

**KEF KHT3005 heimabíó**

Margverðlaunað heimabíó frá KEF. 3000 serían frá KEF er byltingarkennd nýjung. Frábær hljómgæði úr smáum og stílhreinum heimabíóhátölurum.

**Verð 119.995 kr.**




HD ready · digital

**Hitachi 42" P42HO1 plasma**

- Upplausn: 1024 x 1080 punktar
- Skerpa: 10.000 : 1
- Birta: 1500 cd/m2
- 2 x HDMI tengi

Geysivinsælt tæki. Tökum við pöntunum

**Verð 199.995 kr.**




1080 · digital

**Hitachi 37" Full HD L37V01 LCD**

- Upplausn: 1920 x 1080 punktar
- Skerpa: 800 : 1
- Birta: 500 cd/m2
- 2 x HDMI tengi

**Verð 199.995 kr.**




1080

**Palladine EPT4250MD LCD**

- Upplausn: 1920 x 1080 punktar
- Skerpa: 1.600 : 1
- Birta: 500 cd/m2
- 2 x HDMI tengi

**Verð 189.995 kr.**




HD ready

Íslensk valmynd og íslenskur leiðarvísir fylgir.

**Palladine EPT2650M LCD**

- Upplausn: 1366 x 768 punktar
- Skerpa: 1.000 : 1
- Birta: 500 cd/m2
- HDMI tengi

**Verð 69.995 kr.**

## Loksins á Íslandi!



**Sonos BU130**

Dreifðu tónlistinni þráðlaust um húsið með Sonos. Með einni fjarstýringu stjórnar þú tónlistinni í hverju rými fyrir sig

**Verð 99.995 kr.**

## Náðu tökum á öllum græjunum á heimilinu



**Logitech Harmony 895 fjarstýring** – ein fjarstýring sem stjórnar öllum tækjunum!

**Verð 39.995 kr.**

PIPAR • SÍA • 72319

**Opnunartími:** virka daga 9-18 | laugardaga 12-17 **Ármúli 26 / Sími 522 3000 / www.hataekni.is**

Hátækni

## GENGIÐ 19.11.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 60,75 | 61,05 |
| Sterlingspund | 124,48 | 125,08 |
| Evra | 88,87 | 89,37 |
| Dönsk króna | 11,924 | 11,994 |
| Norsk króna | 11,01 | 11,074 |
| Sænsk króna | 9,573 | 9,629 |
| Japanskt jen | 0,5498 | 0,553 |
| SDR | 96,15 | 96,73 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
117,8733

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Iðnaðarráðherra svaraði fyrirspurn um íslenska ákvæðið í Kyoto-bókuninni:

# Ótímabært að taka ákvörðun

**ALÞINGI** Engir annmarkar valda því að ekki sé hægt að berjast áfram fyrir svokölluðu íslensku ákvæði í Kyoto-bókuninni um loftslagsmál.

Þetta kom fram í svari Össurar Skarphéðinssonar iðnaðarráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur, þingmanns Framsóknarflokksins, á Alþingi í gær. Siv spurði meðal annars hvort ekki væri rétt að ræða þessi mál og taka ákvörðun um það hvort óskað yrði eftir endurnýjun á íslenska ákvæðinu.

Fram kom í máli ráðherrans að hann teldi að ekki væri rétti tíminn til að taka ákvörðun um þessi mál. Aðallega hefði verið rætt um mikilvægi þess að ná utan um losun gróðurhúsalofttegunda hjá þeim löndum sem ekki væru aðilar að bókuninni. Þá hefði verið rætt um svokallaða geiranálgun, þar sem reynt yrði að ná utan um losun á gróðurhúsalofttegundum einstakra geira. Sagði Össur þá nálgun þjóna hagsmunum Íslands mun betur en séríslensk undanþága.

Iðnaðarráðherra sagði enn fremur að um þessar mundir væri það mikilvægast að smáþjóðir, líkt og Ísland, berðust fyrir því „að reyna að fá þessi stóru lönd, þessi efnahagslegu tígrisdýr eins og Indland og Kína og fleiri, til að taka þátt í þessu samningaferli.“ - þeb



**RÁÐHERRANN** Össur segir mikilvægt fyrir smáþjóðir eins og Ísland að fá lönd eins og Indland og Kína inn í samningaferli um losun gróðurhúsalofttegunda. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Einn er í haldi lögreglu:

# Skotárás hótað í norskum skóla

**NOREGUR, AP** Lögreglan í Noregi handtók á sunnudag skólapilt sem grunaður er um að hafa hótað skotárás í milliskóla á norsku eyjunni Askøy skammt frá Björgvin. Honum var sleppt úr haldi í gær. Á myndbandi sem var sett inn á myndbandavefinn YouTube sást mynd af Erdalskólanum og dagsetningin í gær kom fram. Myndbandið var svipað því sem finnskur nemandi setti inn á sama vef áður en hann skaut átta til bana í finnskum skóla fyrir skömmu.

Ábending um myndbandið barst á laugardaginn frá konu í Bretlandi að sögn lögreglu. - sdg

Grunaðir um nauðgun:

# Gæsluvarðhald var framlengt

**DÓMSMÁL** Tveir litháískir ríkisborgarar sem setið hafa inni að undanförnu vegna rannsóknar á nauðgunarmáli voru í gær úrskurðaðir í áframhaldandi gæsluvarðhald til 21. desember.



**Á LEIÐ Í HÉRAÐSDÓM** Annar Litháanna sem eru í haldi vegna nauðgunar.

Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins lagði fram kröfu þessa efnis og Héraðsdómur Reykjavíkur féllst á hana.

Ekki var ljóst síðdegis í gær hvort mennirnir myndu kæra úrskurðinn til Hæstaréttar, en það gerðu þeir síðast þegar þeir voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald.

Nauðgunin sem mennirnir eru í haldi út af átti sér stað við Laugaveg og var afar hrottaleg. - jss

## BANDARÍKIN

### Hryðjuverkamálaráðgjafi frá

Fran Townsend, helsti ráðgjafi Bandaríkjaforseta í hryðjuverkavarnamálum, hefur boðað afsögn sína eftir fjögur og hálft ár í starfi. Með henni missir George W. Bush forseti enn einn af kjarnaráðgjöfum sínum úr Hvíta húsinu, fimmtán mánuðum fyrir lok kjörtímabils síns.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Farið fram á gæsluvarðhald

Lögreglustjórinn á Selfossi hefur farið fram á gæsluvarðhald yfir karlmanni á þrítugsaldri í þágu rannsóknar á hnífstungumáli við Hellisheiðarvirkjun. Dómari tók sér frest til hádegis á dag. Maðurinn er grunaður um að hafa stungið félaga sinn með hnífi í vinnubúðum virkjunarinnar á laugardag.

# Hlutafélagavæðing OR ekki á dagskrá

**Meirihlutinn í borgarstjórn segir hlutafélagavæðingu Orkuveitunnar ekki á dagskrá. Stýrihópur Svandísar Svavarsdóttur á að taka afstöðu til breytts rekstrarforms. Stjórn fyrirtækisins vildi að Orkuveitan hf. tæki til starfa í janúar.**

**ORKUMÁL** Hlutafélagavæðing Orkuveitu Reykjavíkur er ekki á dagskrá nýs meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur. Stjórn Orkuveitunnar beindi því til eigenda fyrirtækisins í september að rekstrarformi þess yrði breytt. Mat núverandi borgarmeirihluta er að sá styr sem hefur staðið um fyrirtækið og málefni þess fresti ákvörðunum um hlutafélagavæðingu um ótiltekinn tíma.

„Það er ekki á dagskrá að hlutafélagavæða Orkuveituna eins og pólitíkin stendur núna“, segir Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir að í bili séu hugmyndir um breytt rekstrarform úti af borðinu. Stýrihópur Svandísar um málefni fyrirtækisins hefur tillögu um breytt rekstrarform fyrirtækisins til umfjöllunar en hefur ekki tekið formlega ákvörðun.

Stjórn Orkuveitunnar samþykkti á fundi 3. september að beina því til eigenda fyrirtækisins að rekstrarformi hennar yrði breytt úr sameignarfélagi í hlutafélag. Hlutafélagið átti að taka til starfa 1. janúar 2008, samkvæmt hugmyndum þáverandi forstjóra og aðstoðarforstjóra, Guðmundar Þóroddssonar og Hjörleifs B. Kvaran, en fulltrúar minnihlutans, Svandís og Dagur, greiddu atkvæði gegn tillögunni.

Helstu rökin með breytingunni voru ábending Eftirlitsstofnunar EFTA vegna samkeppni Orkuveitunnar við hlutafélög á orkumarkaði og skattamál. Töldu Guðmundur og Hjörleifur að 800 milljónir myndu sparast árið 2008 þar sem skattahlutfall af tekjum Orkuveitunnar myndi lækka úr 28 prósent í 18 prósent. Gagnrýni Svandísar og Dags snerist um að málið væri illa undirbúið, og að gögn vantaði til að taka rökstyðja ávinning breytingarinnar. Einnig taldi Svandís að í raun væri breytingin illa dulbúin tilraun til einkavæðingar.

Eftir að stjórn Orkuveitunnar lagði til að fyrirtækið yrði hlutafélagavætt var skipaður þverpólitískur starfshópur eftir umfjöllun um málið í borgarráði. Niðurstaða fékkst ekki áður en meirihlutinn sprakk um miðjan október. Málinu var síðan beint inn í stýrihóp Svandísar um málefni Orkuveitunnar, sem ekki hefur unnist tími til að fjalla um málið.

svavar@frettabladid.is



**ORKUVEITUHÚSIÐ** Hugmyndir um að breyta Orkuveitu Reykjavíkur í hlutafélag hafa verið slegnar út af borðinu vegna ólgu í kringum fyrirtækið að undanförnu. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR**



**DAGUR B. EGGERTSSON**



**SYRGJANDI MÓÐIR** Móðir syrgir sjö ára son sinn eftir að björgunarmenn fundu lík drengsins á akri skammt frá þorpinu þeirra. NORDICPHOTOS/AFP

3.100 látnir í Bangladess:

# Fórnarlömbum fellibyls fjölgar

**BANGLADESS, AP** Tala látinna eftir fellibylinn Sidr sem reið yfir Bangladess á fimmtudaginn hækkar stöðugt eftir því sem björgunarmenn komast til afskekktari svæða og er nú komin upp í 3.100.

Yfir þúsund manns er enn saknað að sögn talsmanns hersins, Ullah Chowdhury. Óttast er að fjöldi látinna sé mun meiri en komið hefur fram.

Þeir sem komust lífs af segja að koma hefði mátt í veg fyrir mörg dauðsfallanna en fólk hafi hunsað aðvaranir um fellibylinn og tilmæli um að færa sig hærra inn í landið.

Hjálparsamtök hafa heitið aðstoð upp á 1,5 milljarða króna. - sdg

## ÚSBEKISTAN

### Karimov fram enn á ný

Islam Karimov, sem hefur stjórnað Úsbekistan með harðri hendi frá því áður en Sovétríkin liðuðust í sundur árið 1991, hefur gefið kost á sér til endurkjörs í forsetakosningum sem fram eiga að fara 23. desember. Samkvæmt stjórnarskrá má hann það ekki en enginn efast samt um að hann verði endurkjörinn. Fáeinum öðrum hefur verið leyft að bjóða sig fram til málamynda.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
flugfelag.is
Netið
Þú færð alltaf hagstæðasta verðið á www.flugfelag.is



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

**SIGLUM INN Í KULDATÍÐ**
Það styttir upp vestan til þegar líður á morguninn og sunnan til eftir hádegi. Uppúr því fer svo að kólna og í kvöld má búast við að hitatölurnar verði komnar niður fyrir núllið, síst þó út til stranda. Á morgun verður yfirleitt frost á landinu og sömu sögu er að segja á fimmtudag. Eins og staðan er nú gæti hlýnað á föstudag og orðið frostlaust næstu helgi.

**REYKJAVÍK Í DAG**
Fremur stíf vestan átt. Lítilsháttar rigning með morgninum en þurrt eftir hádegi. Kólnandi.

*um hádegi »*



*» á morgun*




8-13 m/s austan til og með ströndum nyrðra, annars hægari.

*» fimmtudagur*




8-13 m/s norðan og austan til, annars hægari.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 8°C hálfskýjað | London | 11°C rigning | Friedrichshafen | 6°C alskýjað |
| Billund | 6°C alskýjað | París | 13°C rigning | Lúxemborg | 7°C skúrir |
| Osló | 1°C heiðskírt | Amsterdam | 10°C skúrir | Alicante | 21°C alskýjað |
| Stokkhólmur | 4°C hálfskýjað | Frankfurt | 7°C alskýjað | Róm | 15°C alskýjað |
| Gautaborg | 7°C alskýjað | Berlín | 5°C alskýjað | Las Palmas | 25°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.toyota.is

# VIÐ SELJUM BARA BLÁA OG GULA BÍLA!

## BNB sölugreining

**Flest treystum við á leiðsögn annarra þegar kemur að kaupum á notuðum bíl. Við hjá Betri notuðum bílum boðum því nýja siði til að gera bílakaupin öruggari og einfaldari: BNB sölugreiningu.**

Fagmenn okkar framkvæma ítarlega greiningu á öllum bílum sem koma til greina í sölu. Þeir þurfa að ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur m.a. mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

### Úrvalsbíll

**Er í verksmiðjuábyrgð. 12 mánaða viðbótarábyrgð*:**

- Ef bíllinn bilar þá sjáum við um að láta gera við hann
- Við lánum þér annan bíl á meðan
- Við tökum umframábyrgð á bremsuhlutum (sliti)
- 14 daga skiptiréttur
- Neyðarsími

### Gæðabíll

**Er ekki í verksmiðjuábyrgð. 3 mánaða viðbótarábyrgð*:**

- Vélbúnaðar
- Rafbúnaðar
- Drifbúnaðar
- Hemlakerfis
- Fjöðrunarbúnaðar
- Stýrisbúnaðar

**Veldu aðeins Úrvalsbíl eða Gæðabíl og við ábyrgjumst betri notaðan bíl, hvorn kostinn sem þú velur.
Þú mátt treysta því.**

ÍSLENSKA SIA.IS/ TOY 30815 11/07

*Ábyrgðarskilmála má nálgast hjá BNB Nýbýlavegi og umboðsmönnum Toyota

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421-4888

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstöðum
Sími: 470-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

**KJÖRKASSINN**




*Hefurðu áhyggjur af loftslagsbreytingum?*

| | |
|---|---|
| Já | 61,2% |
| Nei | 38,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Fylgdist þú með umfjöllun um brúðkaup Jóns Ásgeirs og Ingibjargar Pálmadóttur?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Afbrotatölfræði embættis ríkislögreglustjóra í október 2007:

# Fimm stútar teknir á dag

**LÖGREGLUMÁL** Rúmlega 1000 hegningarlagabrot voru skráð í málaskrárkerfi lögreglunnar í október. Ölvunarakstursbrot voru 153 sem jafngildir því að fimm einstaklingar voru teknir að meðaltali á dag fyrir slík brot um allt land.

Umferðarlagabrot voru 5.289 talsins sem er fjölgun frá sama mánuði síðastliðin fjögur ár. Fíkniefnabrot voru skráð 157 sem er nánast sami fjöldi brota og í október árið 2004.

Kynferðisbrot hafa mikið verið í umræðunni að undanförnu. Tilkynnt var um 234 slík brot á tímabilinu og voru flest þeirra skráð í janúar.

**Vettvangur kynferðisbrota janúar til október 2007**

- Akbraut/bifreiðastæði 15,0 %
- Fyrirtæki 6,0 %
- Heimili/einkalóð 50,4 %
- Samkomustaður 6,0 %
- Stofnanir 4,3 %
- Utandyra 3,4 %
- Annað eða ekki skráð 15,0

HEIMILD: RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI



**AFBROTATÖLUR** Umferðarlagabrotum hefur fjölgað samkvæmt bráðabirgðatölum frá ríkislögreglustjóra.

Hraðakstursbrot voru 3.383 í október þetta árið sem er tæp þriðjungsfjölgun frá því í október í fyrra. Þjófnaðarbrot, eignaspjöll, innbrot og fíkniefnabrot voru færri en í fyrra en fleiri en í október árið 2005.

Áfengislagabrot, líkamsmeiðingar og árásir voru fleiri í október í ár en síðastliðin tvö ár. - jss

Staðfesting frá ráðuneyti:

# Fimm skólar til skoðunar

**MENNTAMÁL Iðnskólinn í Reykjavík, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, Flensborgarskólinn í Hafnarfirði, Fjölbrautaskólinn við Ármúla og Menntaskólinn í Kópavogi eru þeir skólar sem menntamálaráðuneytið hefur haft til skoðunar vegna skila á upplýsingum um fjölda nema sem ljúka skólaári með prófi. Þetta kom fram í tilkynningu frá ráðuneytinu.**

**Skólameistarar skólanna fimm hafa sent inn athugasemdir vegna málsins. Málið er nú til athugunar hjá ráðuneytinu, sem mun ekki tjá sig frekar um það að svo stöddu.** - þeb

Bara að vera saman skiptir máli þótt við séum ekki að gera neitt sérstakt, það þarf ekki að vera neitt skipulagt.

Senda



Hefur þú hugmynd um hvað virkar best?

Rannsóknir sýna að ein besta forvörnin gegn fíkniefnum er

að börn og foreldrar verji tíma saman

Kynntu þér málið á www.forvarnardagur.is

FORVARNARDAGURINN TAKTU ÞÁTT! HVERT ÁR SKIPTIR MÁLI

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 07-0340

**Miðvikudagurinn 21. nóvember** er forvarnardagur í öllum grunnskólum landsins. Ofangreind fullyrðing er byggð á áralöngum rannsóknum fræðimanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík á hegðun ungmenna og hvað skilar árangri í forvörnum. Forvarnardagurinn er samstarfsverkefni eftirfarandi aðila:

Forseti Íslands · Reykjavíkurborg · UMFÍ · Samband íslenskra sveitarfélaga

Verkefnið er styrkt af actavis

# Sjúklingum fjölgar í óviðunandi húsnæði

**Sjúklingum á gjörgæsludeild hefur fjölgað mikið á síðustu árum. Ekki er von á nýju húsnæði fyrr en eftir átta ár. Yfirlæknir deildarinnar segir ekki hægt að bíða. Núverandi ástand sé hættulegt og finna verði lausn til bráðabirgða.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Sjúklingum á gjörgæsludeild hefur fjölgað um fimmtán prósent frá árinu 2003. Spár sýna að á næstu árum muni gjörgæslusjúklingum fjölga enn frekar. Ekki er þó von á nýju húsnæði fyrr en í fyrsta lagi eftir átta ár. Það segir Alma Dagbjört Möller, yfirlæknir deildarinnar, of langan tíma. Finna verði bráðabrigðaúrræði hið fyrsta. Ítrekað hafi þurft að fresta aðgerðum, svo sem hjartaaðgerðum, vegna þess að ekkert rými sé fyrir sjúklingana.

Alma hefur sjálf teiknað upp hugmyndir að einfaldri viðbyggingu við spítalann sem gjörgæsludeildin gæti notað til að geyma tæki, vinnuaðstöðu fyrir starfsfólk og aðstöðu fyrir ættingja sjúklinga. Hún segir málið þó komið mjög skammt á veg þrátt fyrir að hún hafi sett fram hugmyndirnar í mars 2006. Engir peningar séu eyrnamerktir fyrir úrbótum.

Sjálf hefur Alma látið eftir skrifstofu sína til þess að aðstandendur geti fengið rými til að hvílast en hún segir gjörgæsludeildir sérstakar að því leyti hve ættingjar sjúklinga dvelji þar mikið.

„Það sem hefur bjargað málunum á þessari deild er hve margt gott starfsfólk er hér. Ég er samt ekki viss um að þetta fólk treysti sér til að una mikið lengur við núverandi aðbúnað án þess að fá svör um bráðbrigðaúrræði,“ segir Alma.

Þá bendir hún á að á deildinni starfi um hundrað manns. Það fólk hafi nær enga aðstöðu aðra en lítið herbergi sem geti rúmað um tíu manns. Það afdrep eigi samt að nýtast sem hvíldaraðstaða, fundarsalur og matsalur alls fólksins.

Verði engar úrbætur gerðar áður en nýr spítali rís segir Alma það geta skapað áhættu fyrir sjúklinga.



**AFDREP Á HUNDRAÐ MANNA VINNUSTAÐ** Í þessu herbergi eiga hinir níutíu til hundrað starfsmenn deildarinnar að matast, halda fundi og hvílast.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SKRIFSTOFA YFIRLÆKNIS** Alma hefur látið aðstandendum deildarinnar eftir skrifstofu sína. Á gjörgæsludeildum hafa sjúklingar oft langa viðdvöl og ættingjar vilja vera mikið í námunda við þann sjúka. Því sé nauðsynlegt að aðstaðan sé góð.



**MEÐ NÝJAR HUGMYNDIR** Alma lét teikna upp afar einfalda byggingu sem gæti komið ofan á röntgendeildina. Myndin sem hún heldur á sýnir byggingu setta saman úr gámum. Hún tekur þó fram að þetta sé ekki sú hugmynd sem húsafriðunarnefnd hafi til umfjöllunar heldur hafi hún látið gera gámamyndina til að varpa skýru ljósi á nauðsyn þess að eitthvað verði gert.

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra segist vita af húsnæðisvanda heilbrigðisstofnana og ljóst sé að ekki sé hægt að bíða með allar framkvæmdir þar til nýr spítali rísi. „Þetta er ein af ástæðunum fyrir því að ég setti saman nýja nefnd sem hefur það hlutverk að skoða aðstöðu heilbrigðisstofnana í heild sinni. Það eru mörg mál sem þarf að finna lausn á fyrr en seinna og ný sjúkrahússbygging mun ekki leysa allan vanda,“ segir Guðlaugur.

karen@frettabladid.is




EPSON

Epson photo R265



ALVÖRU LJÓSMYNDAPRENTARI

- Prentar á geisladiska
- Prentar út á jaðar blaðsíðu
- 6 aðskilin blekhylki
- 5760 dpi upplausn
- Prentar allt að 30 bls. á mínútu

Verð frá 14.900 kr.

ÞÓR HF Ármúla 11 • Sími 568 1581 • www.thor.is

Ó! - 10296

Svandís Svavarsdóttir segir vel koma til greina að grunnskólabörn ferðist ókeypis:

# Fargjöld eru ekki númer eitt

**SAMGÖNGUR** Mikilvægara er að gera strætó að raunverulegum valkosti við einkabílinn en að allir borgarbúar fái að ferðast ókeypis, að mati Svandísar Svavarsdóttur, staðgengils borgarstjóra og stjórnarmanns í Strætó.

„Það þarf að fjölga stórkostlega mikið forgangsakreinum og auka tíðni ferða. Þannig verður fólk fljótara á milli í strætó. Ég held að þetta sé aðalatriðið,“ segir hún. Þegar ökumenn sjái strætó bruna framhjá fari þeir að líta á hann sem eftirsóknarverðan valkost.



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR** Staðgengill borgarstjóra gengur oftast í vinnuna enda býr hún nálægt skrifstofunni. Hún tekur strætó af og til, síðast fyrir um tíu dögum.

Frí fargjöld komi því í þriðja sæti, á eftir breytingum á gatnakerfi og aukinni tíðni ferða.

„En tilraunin um að framhalds- og háskólanemar fái ókeypis í strætó hefur gefist vel og mér finnst koma mjög vel til greina að bæta grunnskólabörnum inn í hana,“ segir Svandís.

Hún vill að farþegarnir sjálfir komi að ákvarðanatöku og hafi tækifæri til að koma að hugmyndum um bætta þjónustu. Því muni Svandís leggja til á stjórnarfundi Strætós að stofnað verði félag farþega. Formaður þess félags fái síðan sæti í stjórn Strætós. - kóþ



ENNEMM / SÍA / NM30504




Minnihlutinn í bæjarstjórn langeygur eftir skýringum á lóðamáli í Hveragerði:

# Svör um Tívolílóð í bæjarráði

**SVEITARSTJÓRNIR** Minnihlutinn í bæjarstjórn Hveragerðis segir það vekja furðu að enn hafi ekki borist upplýsingar frá lögmanni bæjarins varðandi svokallaða Tívolílóð á Austurmörk 24.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu varð sérstök áritun sem kaupandi byggingaréttar á lóðinni bætti inn á skjöl til þinglýsingar til þess að eignarhald á lóðinni sjálfri færðist yfir til hans frá Hveragerðisbæ. Þetta kom í ljós þegar krafist var uppboðs á byggingaréttinum sem lagður hafði verið að veði fyrir skuldabréfum upp á 400 milljónir króna. Bréfin lentu í vanskilum.



**AUSTURMÖRK 24** Verið er að greiða úr því hvernig eignarhald á Tívólílóðinni í Hveragerði færðist frá bænum yfir til byggingarréttarhafa á lóðinni. MYND/LOFTMYNDIR EHF.

Minnihlutinn í bæjarstjórn bendir á að nú sé kominn rúmur mánuður frá því lögmanni bæjarins var falið að gæta hagsmuna bæjarins í þessu máli.

„Í ljósi alvarleika málsins krefst minnihluti A-listans þess að bæjarstjóri beiti sér fyrir því að greinargerð lögmanns bæjarins verði lögð fram á næsta bæjarráðsfundi,“ segir í bókun minnihlutans á bæjarstjórnarfundi frá því á fimmtudag.

Meirihluti Sjálfstæðisflokks í bæjarstjórnin svaraði því til á fundinum að beðið sé svara frá sýslumannsembættinu á Selfossi. Greinargerð lögmanna verði lögð fram á næsta fundi bæjarráðs.

- gar

# Berlusconi blæs til sóknar hægriafla

**Nýr hægriflokkur stofnaður til að safna fylgi gegn Romano Prodi og vinstristjórn hans. Berlusconi vill sameina hægri- og miðjuflokka í einn stóran flokk og telur sig eiga vís atkvæði sjö milljón kjósenda. Hann vill flýta kosningum.**

**ÍTALÍA, AP** Silvio Berlusconi, fyrrverandi forsætisráðherra á Ítalíu, ætlar að stofna stóran hægriflokk sem á að koma í staðinn fyrir gamla flokkinn hans, Forza Italia.

Berlusconi hefur árum saman sagst vilja stofna stóran flokk sem gæti sameinað ítölsku hægriflokkana, sem hafa verið margir og flestir smáir. Ekki er þó víst að sameiningin verði jafn vel heppnuð og hann vonast til, því viðbrögð annarra flokksleiðtoga á hægrivængnum hafa verið treg. Strax í gær lýsti Gianfranco Fini, leiðtogi Þjóðarbandalagsins, eins af hægriflokkunum, því yfir að hann ætlaði hreint ekki að ganga til liðs við nýja flokkinn.

„Hugmyndin, eins og hann kynnti hana í gær, vekur ekki áhuga okkar,“ sagði Fini í gær. „Eða að ganga í Þjóðarflokkinn. Við ræðum það ekki einu sinni.“

Fini sagði þó að Þjóðarbandalagið gæti vel hugsað sér að ræða við nýja flokkinn um nýtt bandalag hægri- og miðjuflokka.

Enn er ekki komið endanlegt nafn á nýja flokkinn, sem stofnaður verður 2. desember næstkomandi. Berlusconi segir þó að flokkurinn verði annaðhvort kenndur við þjóð eða frelsi, eða hvort tveggja – fái sem sagt að heita Þjóðarflokkurinn, Frelsisflokkurinn, eða Þjóðfrelsisflokkurinn.

„Nýjungin verður sú að nýi flokkurinn verður í miðju stjórnmálanna,“ sagði Berlusconi í blaðaviðtali sem birtist í gær. „Við höfum alltaf látið okkur dreyma um þetta, en aðrir flokkar hindruðu okkur í því. Nú höfum við látið verða af þessu og nú verður ekki aftur snúið.“



**SILVIO BERLUSCONI** Nýi flokkurinn verður stofnaður 2. desember. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýja flokknum verður ætlað að vinna bug á stjórn Romanos Prodi og Berlusconi segist sannfærður um að nýi flokkurinn eigi sjö milljón atkvæði vís í næstu kosningum. Hann krefst þess nú að kosningum verði flýtt og vill jafnframt breyta kosningafyrirkomulaginu á Ítalíu.

Sumir stjórnmálaskýrendur á Ítalíu sögðu í gær að aðrir hægriflokkar gætu ekki annað en gengið til liðs við Berlusconi vegna þess að án hans gætu þeir ekki myndað þingmeirihluta. Dagblaðið Corriere della Sera segir að Berlusconi muni nú í raun segja við hina hægriflokkana: „Annað hvort eruð þið með mér eða á móti mér.“

gudsteinn@frettabladid.is











# Nú er **tækifærið!**

**SPRON, í samstarfi við Þróunarbanka Evrópu CEB og Norræna fjárfestingarbankann NIB,** býður konum með mótaða og samkeppnishæfa viðskiptaáætlun, hagstætt athafnalán* til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd.

ARGUS 07-0809

**Fáðu aðstoð hjá viðskiptastjórum SPRON**
og draumurinn gæti orðið að veruleika!

CEB COUNCIL OF EUROPE DEVELOPMENT BANK

NIB NORRÆNI FJÁRFESTINGARBANKINN

*75 ára* | spron

*Háð útlánareglum SPRON

**Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is**



**Á FERÐ Í SNJÓ** Ýmsir fararskjótar voru í boði fyrir ferðamenn eftir að þeir stigu frá borði sögulegrar lestar í Brocken-fjöllum í Þýskalandi þar sem snjór liggur nú yfir öllu. Sumir voru á tveimur jafnfljótum meðan aðrir létu ýta sér í kerru eða draga sig á sleða. NORDICPHOTOS/AFP

Evrópuverkefni um jafnrétti í sveitarfélögum kynnt:

# Mikill munur á milli sveitarfélaga

**JAFNRÉTTI** „Meginhugmyndin er að búa til upplýsingar um það hvernig sveitarfélögin standa sig í jafnréttismálum,“ segir Kjartan Ólafsson, sérfræðingur hjá rannsóknar- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri, um niðurstöður Evrópuverkefnis sem snýst um að þróa tæki til að mæla stöðu jafnréttismála í sveitarfélögum.

„Með því að búa til upplýsingarnar verður til jákvæður hvati fyrir sveitarfélögin og fær þau til þess að hugsa um eitt eða annað. Það er ekki einungis hlutfall kvenna í sveitarstjórnum skiptir máli heldur þarf að huga að atriðum eins og til dæmis framboð á leikskólaplássum og tekjuskiptingu kynjanna.“

Lokaráðstefna verkefnsins, sem ber heitið Tea for two, var haldin á Hótel Loftleiðum á föstudaginn.

Kjartan telur ríka ástæðu til að skoða stöðu jafnréttismála í hverju sveitarfélagi og skapa heilbrigða samkeppni milli þeirra..

„Það er ofboðslega mikill munur aðstæðum og viðhorfum fólks á milli tiltölulegra nálægra staða á Íslandi. En á þessum vettvangi verður jafnréttið til.“

Spurningar um stöðu kvenna og karla voru sendar sveitarfélögum á Íslandi, Búlgaríu, Finnlandi, Grikklandi og Noregi. Auk samanburðar á milli sveitarfélaga innanlands verður því hægt að bera saman niðurstöður um jafnrétti á milli fimm ríkja. - eb




**SAMKEPPNI MILLI SVEITARFÉLAGA** Huga þarf að atriðum á borð við framboð á leikskólaplássum og tekjuskiptingu kynjanna.

Heilbrigðisráðherra:

## Kannar reglur um sölu á erfðamengjum

**HEILBRIGÐISMÁL Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra ætlar að kanna hvort þörf sé á sérstökum reglum um sölu á erfðamengjum til einstaklinga.**

**Þetta kom fram í svari hans við fyrirspurn Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur, þingmanns Samfylkingarinnar, í fyrirspurnartíma á Alþingi í gærdag.**

**Engar reglur eru til um sölu á upplýsingum af þessu tagi, en Íslensk erfðagreining býður einstaklingum nú upp á sölu á erfðamengjum þeirra með tilliti til ákveðinna sjúkdóma. - þeb**

Ísland-Grænland:

## Utanríkisráðherra til Nuuk

**UTANRÍKISMÁL** Aleqa Hammond, sem fer með utanríkismál í grænlensku landstjórninni, hefur boðið Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur í opinbera heimsókn til Grænlands og hefur hún þegið boðið.



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**

Að því er fram kemur á fréttavef grænlenska útvarpsins, KNR, hittast þær Hammond og Ingibjörg í Nuuk skömmu eftir áramót.

„Hinn aukni áhugi á heimskautasvæðinu í ljósi loftslagsbreytinga gerir að verkum, að við munum hafa gagn af því að skiptast á skoðunum við Íslendinga,“ tjáði Hammond KNR. - aa

Venesúelsk kona óttaðist um líf sitt þegar kærasti hennar réðst á hana í ölæði í janúar á þessu ári:

# Hélt að kærastinn myndi drepa sig

**DÓMSMÁL** „Ég hef aldrei orðið jafn hrædd á ævinni,“ sagði 35 ára gömul kona frá Venesúela fyrir dómi í gær, en hún kærði þáverandi sambýlismann sinn fyrir líkamsárás sem átti sér stað í íbúð ákærða í Mosfellsbæ í lok janúar. Hinn ákærði er íslenskur flugstjóri sem var sakaður um að smygla konunni til landsins í fyrra með íslenskri fragtflugvél frá New York.

Aðalmeðferð málsins hófst í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Konan bar fyrir dómi að maðurinn ætti við áfengisvandamál að stríða, hann drykki illa og yrði árásargjarn þegar hann væri drukkinn. Þá kom fram fyrir dómi að maðurinn hefði verið kallaður á fund hjá yfirmönnum sínum hjá Icelandair eftir að nágranni mannsins gerði þeim viðvart um ítrekuð drykkjulæti úr íbúð hans. Maðurinn var skikkaður í áfengismeðferð í kjölfarið.

Meint líkamsárás átti sér stað í lok janúar. Konan kveðst hafa vaknað um nóttina við að maðurinn var að kasta upp vegna ölvunar. Hann hafi svo stuttu síðar veist að henni í svefnherbergi íbúðarinnar, hreytt í hana fúkyrðum og haft uppi kynferðislega tilburði, en hún hafnað honum.

Í kjölfarið færði konan sig á milli herbergja, að því er hún greindi frá fyrir dómi, en segir manninn hafa elt sig. Hann hafi haldið áfram að áreita hana þar til hann reif hana á hárinu að glugga í íbúðinni og skipaði henni að kalla á hjálp. Konan flúði þá inn á baðherbergi og læsti að sér en maðurinn sparkaði þá upp hurðina. Þar tók hann hana hálstaki og skellti utan í vegg þar til hún missti meðvitund.

Þegar konan komst til meðvitundar kastaði maðurinn henni í gólfið og lét spörkin dynja á henni þar sem hún lá. Þegar konan flúði svo undan manninum út úr íbúðinni sparkaði maðurinn í bak hennar. Konan kvaðst hafa óttast um líf sitt og sér hefði aldrei orðið jafn brugðið.

Maðurinn neitaði sök í málinu, sagði konuna hafa fengið brjálæðiskast og ráðist á sig að tilefnislausu. Hann hafi reynt að verja sig og útilokaði ekki að konan hefði hlotið áverka vegna þess. Hann sakaði konuna um að veita sér áverka sjálf því hún hafi viljandi rekið sig utan í hurðarkarm í íbúðinni. Hún hafi jafnframt hótað sér að hún myndi sjá til þess að hann missti vinnuna. aegir@frettabladid.is



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Aðalmeðferð í málinu fór fram í Héraðsdómi í gær. Ákærði neitaði sök í málinu og sagði konuna hafa ráðist á sig að tilefnislausu. Hann hefði reynt að verja sig.


FÁLKAHÚSIÐ



Fálkahúsið Hafnarstræti 1-3, 101 Reykjavík, er í eigu tveggja einkahlutafélaga.
Allt hlutafé beggja félaganna er til sölu og er húsið eina eign þeirra.

Nánari upplýsingar veita Lögmenn Borgartúni 33, Reykjavík.

Friðarráðstefna undirbúin:

## Palestínskum föngum sleppt

**JERÚSALEM, AP** Ísraelsstjórn féllst í gær á að sleppa 441 palestínskum fanga úr fangelsi og hét því að byggja ekki fleiri landnemabyggðir á Vesturbakkanum. Var þetta tilkynnt rétt fyrir undirbúningsfund forsætisráðherra Ísraels, Ehuds Olmert, og forseta Palestínu, Mahmouds Abbas, fyrir friðarráðstefnu sem áætlað er að fari fram í Maryland í Bandaríkjunum í næstu viku.

Ísraelsmenn líta á ráðstefnuna sem táknrænt upphaf nýrra friðarviðræðna en Palestínumenn vilja hnitmiðaðri dagskrá á ráðstefnunni. **- sdg**

Evrópusambandið skorar á væntanlega Kosovostjórn að hafa hemil á sér:

# Sjálfstæði væri ótímabært

**EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP** Utanríkisráðherrar Evrópusambandsins hvetja Hashim Thaci, sem væntanlega verður næsti forsætisráðherra Kosovo-héraðs, að hafa hemil á sér og lýsa ekki strax yfir sjálfstæði þótt samningaviðræður við Serba skili ekki árangri.

„Ég er viss um að hann skilur muninn á því að vera stjórnmálamaður í stjórnarandstöðu og forsætisráðherra,“ sagði Carl Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar. „Kosovo nýtur nú þegar í raun sjálfstæðis frá Serbíu. Ég held varla að Kosovo vilji sjálfstæði frá alþjóðasamfélaginu.“

Thaci, sem er fyrrverandi leiðtogi kosovo-albanskra skæruliða, sigraði í þingkosningum í Kosovo um helgina. Hann hefur sagst ætla að lýsa yfir sjálfstæði hinn 10. desember, þegar frestur Sameinuðu þjóðanna rennur út til að miðla málum milli albanska meirihlutans í héraðinu og stjórnvalda í Serbíu, sem gera enn tilkall til Kosovo-héraðs, bæði vegna sögulegra tengsla og til að verja serbneska minnihlutann í Kosovo.

Næstu viðræður verða haldnar í Brussel í dag, og síðan verða aftur viðræður í Vínarborg í byrjun næstu viku. Javier Solana, utanríkismálafulltrúi Evrópusambandsins, sagðist enn vonast til þess að árangur náist í viðræðunum, þótt líkur til þess þyki nú hverfandi. **- gb**



**KOSIÐ Í KOSOVO Á SUNNUDAG** Serbneski minnihlutinn í Kosovo hunsaði kosningarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## AÐ UTAN



Íran:

### Chavez í Teheran

Hugo Chavez, forseti Venesúela, spáir því að gengisfall Bandaríkjadals muni binda enda á „hina illu heimsvaldastefnu Bandaríkjastjórnar“. Chavez sagði þetta í írönsku höfuðborginni Teheran, þar sem hann var til skrafs og ráðagerða með starfsbróður sínum, Mahmoud Ahmadinejad, í kjölfar OPEC-fundar í Sádi-Arabíu sem þeir báðir sóttu. Venesúela og Íran hafa stóraukið samstarf um uppbyggingu olíuiðnaðar í báðum löndum.

Spánn:

### Konunglegur hringitónn

Giskað er á að yfir hálf milljón Spánverja hafi hlaðið upptöku af því þegar Jóhann Karl Spánarkonungur sagði Hugo Chavez, forseta Venesúela, að halda kjafti í reiðilegri orðasennu á leiðtogafundi fyrir skemmstu. Fyrir niðurhal hringitónsins hefur safnast andvirði 133 milljóna króna. Símafyrirtækin hafa baktryggt sig gagnvart höfundarrétti með því að láta leikara lesa inn reiðiorð konungsins. Í Venesúela hafa háskólanemar einnig sótt sér upptökuna í síma sína í mótmælaskyni við stjórnarhætti forsetans.



Eyjaálfa:

### Hvalveiðum mótmælt

Ríkisstjórnir Ástralíu og Nýja-Sjálands skoruðu á japönsk yfirvöld í gær að kalla heim flota hvalveiðiskipa sem lagði úr höfn í Japan á sunnudag. Flotinn stefnir á hvalamið í Suður-Kyrrahafi þar sem hann ætlar meðal annars að veiða hnúfubaka í fyrsta sinn í rúmlega fjörutíu ár. Japanskir embættismenn neituðu því að hvalveiðiskipin hefðu slökkt á ratsjám sínum til að dyljast. Grænfriðungar sögðu skip samtakanna, Esperanza, vera á hælum japönsku hvalveiðiskipanna og myndi fylgja þeim eftir alla leið á miðin. Forsvarsmaður japanska vísindaveiðaleiðangursins, Hajime Ishikawa, sagði að hvalfriðunarsinnar væru „ofbeldisfullir umhverfishryðjuverkamenn“.





# Allt í drasli mælir með

**Burt með uppsafnaðan kísil**
Frábært til að fjarlægja erfiða bletti, uppsöfnuð óhreinindi, fitu, gúmmíför, kísil og sápuskánir. Notist á postulín, keramik, ryðfrítt stál o.fl. Auðvelt að skola og skilur ekki eftir himnu.

**Fita og önnur óhreinindi hverfa**
skotvirkar á erfiða bletti eins og fitu, blek, vaxliti, varalit, vín, matarleifar og fleira. Efninu er úðað beint úr brúsanum á blettinn og síðan þurrkað. Þarf ekki að skola. Skilur ekki eftir leifar.

**Skítur á veggjum ekki vandamál**
Hvimleið fingraför og skítur á veggjum eru ekki lengur vandamál með SD-20 hreinsiefninu.

**Burt með blettina!**
Náðu burt blettum og öðrum óhreinindum úr sófum og teppum með Contempo teppa- og blettahreinsi.

**Helluborðið eins og nýtt**
Helluborðið verður eins og nýtt með Sterling keramikhelluhreinsi.

Allt í drasli

BESTA
- hrein fagmennska!

Grundargötu 61 • Grundarfirði
Sími: 430 0000

Brekkustíg 39 • Njarðvík
Sími: 420 0000

Miðási 7 • Egilsstöðum
Sími: 470 0000

Ármúla 23 • Reykjavík
Sími: 510 0000


Meintur handrukkari sýknaður af ráni og líkamsárás í Héraðsdómi Reykjavíkur:

# Lögregla klúðraði skýrslutöku

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði í liðinni viku þrítugan karlmann af ákæru um rán og líkamsárás.

Ákæra mannsins var í nokkrum liðum. Manninum var gefið að sök að hafa gengið í skrokk á karlmanni í Sandgerði í febrúar með þeim afleiðingum að fórnarlambið viðbeinsbrotnaði. Maðurinn neyddi þá sama mann, með hótunum um frekari líkamsmeiðingar, til að taka út fé í tveimur sparisjóðum og afhenda sér að morgni sama dags.

Þá var maðurinn ákærður fyrir annað rán, en honum var gefið að sök að hafa neytt annan mann, með ofbeldi og hótunum um ofbeldi, til að millifæra rúmar þrjú hundruð þúsund krónur af bankareikningi sínum yfir á bankareikning ákærða.

Maðurinn var sýknaður af líkamsárásinni á þeim grundvelli að læknisvottorð hefði ekki borið með sér að fórnarlambið hefði verið viðbeinsbrotið þegar það kom á slysadeild.

Ekki þótti sannað að maðurinn hefði beitt mennina tvo ofbeldi sem hann átti að hafa neytt til að láta sig fá peninga, þar sem engin vitni reyndust að þeim atburðum. Þá kemur fram í sýknudóminum að lögregluskýrsla sem tekin var af hinum ákærða hafi ekki þótt tæk fyrir dómi, þar sem láðst hafi að hafa vott viðstaddan við yfirheyrslu, eins og lög gera ráð fyrir.

Ákærði ritaði undir umrædda lögregluskýrslu, en kvaðst fyrir dómi ekki hafa vitað um innihald hennar þar sem hann hafi verið undir áhrifum fíkniefna og sé þar að auki lesblindur.

Sakakostnaður af málinu, rúmar þrjú hundruð þúsund krónur, féllu á ríkissjóð.

- æþe

Veiðar Íslendinga úr deilistofnum á Norður-Atlantshafi allt að 500 þúsund tonn:

# Ekki sátt um úthafskarfaveiðar

**SJÁVARÚTVEGUR** Ekki náðist sátt um stjórn veiða á úthafskarfa við Reykjaneshrygg á ársfundi Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) sem lauk í Lundúnum í gær. Strandríkin samþykktu samkomulag um stjórn á kolmunnaveiðum og veiðum á úthafskarfa í síldarsmugunni. Samþykkt var tillaga um makrílveiðar sem Íslendingar mótmæltu.

Þrátt fyrir að samkomulag hafi ekki náðst um veiðar á úthafskarfa við Reykjaneshrygg nú var samþykkt að halda sérstakan fund í janúar 2008 þar sem heildaraflamark yrði ákveðið og skiptingu þess á milli allra aðildaríkja NEAFC. Úthafskarfaveiðar í síldarsmugunni svokallaðri voru takmarkaðar við 14.500 tonn, enda stendur stofninn illa að mati Alþjóða hafrannsóknaráðsins (ICES).



**Á TROLLI** Ekki hefur enn náðst sátt um veiðar á úthafskarfa við Reykjaneshrygg. Fundi í janúar er ætlað að skera úr um heildaraflamark og skiptingu í veiðunum.

Samkomulag um stjórn veiða á kolmunna náðist með samþykkt allra ríkjanna og ákveðið að veidd verði 1.266 tonn árið 2008, þar af er hlutur Íslands 203 þúsund tonn.

Heildaraflamark úr norsk-íslenska síldarstofninum verður rúmlega 1,5 milljónir tonna, og fá Íslendingar rúm 220 þúsund tonn af því. Þá var samþykkt tillaga um stjórn makrílveiða sem Ísland mótmælti á þeim forsendum að ekki væri tekið tillit til stöðu Íslands sem strandríkis.

- shá


ADRO™
Einstök hljóðvinnsla

HEYR HEYR

• Öll þjónusta fyrir heyrnartækjanotendur
• Heyrnarmælingar, heyrnartæki
• Ráðgjöf, viðgerðarþjónusta, tæknilausnir
• Starfsfólk með áratuga reynslu

HEYRNARSTÖÐIN

3. hæð, Kringlunni • Tímapantanir virka daga frá 9-17 í síma 568 6811 • www.heyrnarstodin.is

vodafone

# Verð sem æpir á þig!

## Flottir GSM símar á frábæru tilboði



**Sharp GX-17**
Einfaldur og léttur sími. VGA myndavél, MMS, innrautt Bluetooth.

**Útsöluverð**
**1.990 kr.**
**Verð áður**
**9.900 kr.**



**Sharp GX-29**
Nettur samlokusími. VGA myndavél. MMS, Bluetooth.

**Útsöluverð**
**2.990 kr.**
**Verð áður**
**16.900 kr.**



**Samsung e860**
Algjör töffari! 1,3 MP myndavél, MMS, innrautt Bluetooth.

**Útsöluverð**
**6.990 kr.**
**Verð áður**
**21.900 kr.**



**Motorola PEBL U-6**
Spennandi samlokusími í flottum litum. VGA myndavél, MMS, Bluetooth.

**Útsöluverð**
**6.990 kr.**
**Verð áður**
**19.900 kr.**



**Nokia 6230i**
Sá gamli góði nú í uppfærðri útgáfu. 1,3 MP myndavél, MMS, EDGE, innrautt Bluetooth, FM útvarp.

**Útsöluverð**
**9.990 kr.**
**Verð áður**
**24.900 kr.**



**Nokia N73**
Öflugur myndavélasími. 3,2 MP myndavél, MMS, EDGE, innrautt Bluetooth, FM útvarp.

**Útsöluverð**
**24.990 kr.**
**Verð áður**
**44.900 kr.**

Þeir sem kaupa fyrir 20.000 kr. eða meira fá fartölvubakpoka í kaupbæti.
Tilboðin gilda meðan birgðir endast og eingöngu í verslunum Vodafone.

**Gríptu augnablikið og lifðu núna**

# NÚ ER TÆKIF

ALLIR SEM KAUPA NISSAN JEPPA FÁ 33“ BREYTINGU Í KAUPBÆ

**Nissan Patrol**

**Dísil sjálfskiptur**

**4.690.000 kr.**

VERÐ MEÐ 33“ BREYTINGU




ENNEMM / SÍA / NM30856



## Frábær þjónusta á nýju verkstæði

Starfsfólk Ingvars Helgasonar ehf. hefur á undanförnum árum unnið stöðugt í því að bæta þjónustu við viðskiptavini sína. Nýlega opnaði þjónustudeildin eitt fullkomnasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvar. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur það að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.




NISSAN 4x4

**Nissan Pathfinder**

Dísil sjálfskiptur

**4.950.000 kr.**

VERÐ MEÐ 33" BREYTINGU



**Nissan Navara**

Dísil sjálfskiptur

**3.390.000 kr.**

VERÐ MEÐ 33" BREYTINGU



Bíll á mynd Navara LE

Um leið og við bjóðum væntanlega viðskiptavini velkomna í skemmtilegt samstarf, viljum við bjóða núverandi viðskiptavinum að koma og kynna sér nýjungarnar og hver veit nema einhver af verkstjórunum okkar, þeir Gulli, Kári eða Kristján, skreppi með þér út að skipta um peru eða þurrkublað.

Kveðja frá þjónustudeild.

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, sími 525 8000, www.ih.is / Opið: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16

INGVAR HELGASON

## „ORÐRÉTT“

### Öxin

**„Svo sá ég öxina. Þá varð ég hræddur.“**

ÞÓRÐUR BJÖRNSSON, KAUPMAÐUR Í SUNNUBÚÐ, VISSI EKKI HVAÐAN Á SIG STÓÐ VEÐRIÐ ÞEGAR ÞRÍR GRÍMUKLÆDDIR RÆNINGJAR RUDDUST INN Í BÚÐINA GRÁIR FYRIR JÁRNUM.
**Fréttablaðið 19. nóvember.**

### Lýtalausa ensku, takk

**„Þó að ég sé Íslendingur sem tali aðallega móðurmálið hef ég ákaflega gott eyra fyrir ensku og geri miklar kröfur um framburð.“**

GÍSLI INGVARSSON LÆKNIR ER ÞREYTTUR Á ENSKUFRAMBURÐI ÍSLENSKRA FRÉTTAMANNA.
**Morgunblaðið 19. nóvember.**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** NENAD MILOS, ÞJÁLFARI HJÁ SUNDFÉLAGI HAFNARFJARÐAR

## *Sundmenn hætta of snemma*



„Ég er farinn að hafa meira á tilfinningunni að ég eigi heima í þessu landi og hef meiri áhuga á því sem gerist og er til umfjöllunar í samfélaginu eins og til dæmis Reykjavík Energy Invest og því máli. Það er að sjálfsögðu hluti af lífi mínu núna þó að slík mál séu mér ekki jafn mikilvæg og íþróttir en ég er atvinnuþjálfari í sundi. Íþróttir eru líf mitt,“ segir Nenad Milos, þjálfari hjá Sundfélagi Hafnarfjarðar. „Við vorum með Íslandsmeistaramótið, ÍM 25, í sundi um helgina. Það góða við það var að sundmennirnir voru spenntir og sundið gekk vel hjá þeim en svo er margt fram undan hjá okkur. Í desember er Evrópumeistaramót í Ungverjalandi, í mars er stórt mót í 50 metra sundlaug í Hollandi og svo eru Ólympíuleikarnir árið 2008 og nokkuð sem við vitað hápunkturinn og nokkuð sem við hlökkum til árið 2008. Það góða er að mínum krökkum gengur vel. Ég er með hamingjusamt fólk í kringum mig.“

Nenad segir að íslenskt sund sé alltaf að verða betra og betra. „Sundmennirnir fara batnandi í íþrótt sinni og við eigum sundmenn sem eru mjög hamingjusamir. Við verðum að horfast í augu við það vandamál að við erum að missa sundmenn úr íþróttinni, þeir hætta snemma að synda og keppa og það er synd. Við verðum að finna leið til að halda sundmönnum lengur í sundinu.“

## NEÐANJARÐAR:
### 3 MILLJÓNIR Á DAG




Neðanjarðarlestakerfið í London er það elsta í heimi, en fyrsta lestin ferðaðist undir borginni 10. janúar 1863, fyrir næstum 145 árum síðan. Kerfið er líka eitt það lengsta í heimi, en leiðirnar eru samtals um 408 kílómetrar á lengd, talsvert lengra en vegalengdin milli Reykjavíkur og Akureyrar á þjóðvegi 1. Í kerfinu eru 275 stöðvar. Að jafnaði fara um 3 milljónir farþega í lestirnar á dag. Neðanjarðarkerfi er varla réttnefni, því 55 prósent af lestarteinunum eru raunar ofanjarðar, aðeins undir miðborginni eru lestirnar á ferð undir fótum og dekkjum vegfarenda á yfirborðinu.

## SJÓNARHÓLL
MEINT SAMRÁÐ MATVÖRUVERSLANA

### *Ekki góð lykt af þessu máli*

„Það er ekki góð lykt af þessu máli, en í rauninni hefur maður engar forsendur til að segja neitt ennþá,“ segir Jón Eðvald Vignisson, verkfræðinemi við Háskóla Íslands. „Við fyrstu sýn, án þess að hafa nokkrar staðreyndir í höndunum, lítur þetta út eins og það sem er að gerast á bensínstöðvum landsins. Við vitum að einhverjir stærstu kostnaðarliðir fólks eru bensínkostnaður og matarkostnaður. Það er ekki mikil samkeppni á þessum markaði sem skilar sér til neytandans.“ Jón Eðvald býst við að breyta kauphegðun sinni, komi eitthvað misjafnt í ljós. „Maður ætti kannski að huga betur að því hvað stendur á kvittuninni þegar maður fær hana. Virkara eftirlit liggur beinast við sem lausn á málinu. En umræðan í sjálfu sér hefur mikið að segja, að þetta komist í hámæli og neytendur láti til sín taka. Fólk á ekki að láta bjóða sér hvað sem er, það er lykilatriðið.“



**JÓN EÐVALD VIGNISSON**
Nemi í verkfræði


ÞAKKARGJÖRÐAR
KALKÚNN
Á HÓTEL CABIN



Hin rómaða Þakkargjörðarveisla Hótel Cabin verður haldin dagana 22. og 23. nóvember.

Í hádeginu 22. og 23. nóvember.
Föstudagskvöldið 23. nóvember.

Verð einungis: 1.850 kr
2.550 kr föstudagskvöld

Léttir djazztónar verða leiknir yfir borðhaldi á föstudagskvöldinu.

**Borðapantanir í síma 511 6030**

HOTEL CABIN


# Hjartað slær heima

**Þótt alþjóðavæðingin geri heimsmynd fólks sífellt margbreytilegri virðist þjóðernisstolt ungra Íslendinga ekki láta undan síga. Samkvæmt rannsókn sem Atli Hafþórsson, nemandi í þjóðfélagsfræði við Háskólann á Akureyri, og Þóroddur Bjarnason, prófessor í félagsvísinda- og lagadeild, gerðu eru sjötíu prósent tíundubekkinga mjög stolt af því að vera Íslendingar. Fleiri stúlkur en drengir sögðust stoltar af þjóðerni sínu.**



**ATLI HAFÞÓRSSON OG ÞÓRODDUR BJARNASON** Rannsókn þeirra tvímenninga leiddi í ljós að íslensk ungmenni eru flest mjög stolt af þjóðerni sínu. Meðal þessara stoltu Íslendinga eru einnig börn erlendra foreldra. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

Þóroddur segir að þeim hafi fundist forvitnilegt að vita hvaða sess þjóðarvitundin skipar hjá ungu fólki nú á tímum þegar fólk ferðist mun meira en áður og fólk af öðru þjóðerni setji sífellt meiri svip á tilveru okkar.

Þeir lögðu spurningalista fyrir alla tíundubekkinga í landinu. „Til dæmis lék okkur forvitni á að vita hvort ungmenni sem á foreldra af erlendu þjóðerni sé stolt af því að vera Íslendingur.“ Í stuttu máli sagt er sú raunin með fjórtán prósent þeirra barna sem eiga erlenda foreldra. „Vissulega er þetta ekki stórt hlutfall en þó er það nokkuð mikilvægt að börn af erlendum uppruna geti verið stolt af því að vera Íslendingar,“ segir Þóroddur og bætir við glettinn á svip, „sérstaklega í ljósi þess að menn þóttu kannski ekki alvöru Íslendingar hér einu sinni ef þeir áttu danskan langafa.“

Mikill meirihluti þeirra sem eiga annað foreldrið af erlendum uppruna, eða tæp sextíu prósent, sögðust vera mjög stoltir Íslendingar. Á sömu lund svöruðu sjötíu prósent barna sem eiga íslenska foreldra.

Sum ungmennin samsama sig frekar heimabyggðinni en Íslandi í heild. „Það gæti því verið að heimsmynd til dæmis Akureyringa sé að breytast nú þegar þeir þurfa ekki að fara á suðvesturhornið til að bregða sér til útlanda. Þeir sjá kannski heimsbyggðina frekar frá sínum bæjardyrum.“

Þóroddur segir að sams konar rannsóknir erlendis sýni að þar beri börn þeirra sem búa við bágari efnahag meiri hlýhug til þjóðar sinnar en börn þeirra sem eru úr efnaðri fjölskyldum en hér sé þessu þveröfugt farið.

Einnig kom það fram að þeir sem hafa búið erlendis eru síður stoltir af þjóðerni sínu.

jse@frettabladid.is

Baldur Pálsson, slökkviliðsstjóri á Austurlandi, er Austurlandsgoði:

# Slekkur elda og sinnir sálgæslu

Baldur Pálsson er slökkviliðsstjóri á Austurlandi og jafnframt Austurlandsgoði. Hann segir að það gangi ágætlega að samræma þetta tvennt. Slökkviliðið bregðist við á ögurstund, til dæmis sjúkraflutningum og slökkvistarfi. Sem Austurlandsgoði sinni hann sálgæslu eins og hver annar prestur og haldi blót.

Baldur hefur lengi verið í Ásatrúarfélaginu en aðeins verið goði í tvö ár. Hann vann eiðinn á allsherjarþingi á Þingvöllum sumarið 2005. Goðorðið á Austurlandi hefur farið ört stækkandi síðustu árin og eru nú 40-50 menn í Ásatrúarfélaginu fyrir austan en Baldur segir að starf goða sé ekki annasamt þó að það hafi breyst mikið síðustu árin.

„Hlutverk mitt er að halda utan um þetta starf hér fyrir austan, vera í sambandi við þá sem eru ásatrúar, halda blót og síðan er þetta líka sálgæsla eins og hjá prestum. Ef upp koma einhver vandamál hjá fólki bregst ég við og veiti því aðstoð,“ segir hann.

Stefnt er að því að fjölga goðunum til að sinna öllum þeim sem eru ásatrúar og bíður Baldurs og annarra goða sú vinna að fara í gegnum fornsögurnar til að skoða hvernig goðorðin voru og hvernig kerfinu var háttað. Baldur segist ekki enn hafa haft tíma í þetta. Um stórt svæði sé að ræða.

„En stærsti þingstaðurinn hér fyrir austan var Múlaþing og af þeim er dregið nafnið Múlasýslur. Þingmúli var þingstaðurinn en þar varð síðar kirkjustaður,“ segir hann. - ghs



**BALDUR PÁLSSON AUSTURLANDSGOÐI** „Ef upp koma einhver vandamál hjá fólki bregst ég við.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# baðinnréttingar


WLU 600

## Eitt flottasta úrval landsins

Mikið úrval fyrir öll baðherbergi - til afgreiðslu af lager

**SÉR-TILBOÐ!**


WLU 06A 120 sm
Eik **58.900,- stgr.**


WLU 06A 120 sm
Hvítt háglans **58.900,- stgr.**


CT 75 75 sm
Hvítt háglans **44.900,- stgr.**


CT55 55 sm
Hvítt háglans **38.900,- stgr.**


WLU 125 45x30 sm
Hvítt háglans/eik **27.900,- stgr.**


WLU 126 50x40 sm
Hvítt háglans **28.900,- stgr.**


WLU 147 68x48
Hvítt háglans / Eik **49.900,- stgr.**


WLU 900
Hvítt háglans


WLU 700 Svart háglans

### WLU

2 stærðir af glerskápum
3 gerðir af handlaugaskápum

| | | |
|---|---|---|
| HANDLAUGARSKÁPAR | | |
| WLU 600 | 60 X 48 X 60 sm | 38.400.- stgr. |
| WLU 700 | 70 X 48 X 60 sm | 40.100.- stgr. |
| WLU 900 | 90 X 48 X 60 sm | 44.300.- stgr. |
| HÁR-GLERSKÁPUR | | |
| WLU 350 | 35 X 40 X 195 sm | 25.700.- stgr. |
| EFRI-GLERSKÁPUR | | |
| WLU 300 | 30 X 21 X 90 sm | 10.900.- stgr. |

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

## Svona erum við

> Hversu oft Íslendingar á aldrinum 18 til 80 ára neyttu léttvíns árið 2002




HEIMILD: MANNELDISRÁÐ

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** HNÚFUBAKUR VIÐ ÍSLANDSSTRENDUR

# *Forvitnir söngvarar í litlum vöðum*

Stofn hnúfubaks við Ísland er metinn hátt í þrjátíu þúsund dýr og er tegundin talin éta allt að eina milljón tonn af loðnu á ári. Hnúfubakur var alfriðaður árið 1955 og nærri stofninum gengið með veiðum, sem sést best á því að fá dýr sáust við landið fram á áttunda áratuginn eftir því sem fram kom í Fréttablaðinu í gær. Síðan ku hnúfubaki hafa fjölgað jafnt og þétt og sennilega nálgast stofninn að vera jafn stór og fyrir daga hvalveiða.



### En hvað er hnúfubakur?

Hnúfubakur er skíðishvalur. Hann verður oftast 12-13 metrar á lengd. Kvendýrin eru þyngri en karldýrin, þau vega upp undir 48 tonn en karldýrin eru kringum 30 tonnin. Lífslíkur hnúfubaks eru um 95 ár. Hnúfubakurinn er með löng bægsli, svört eða svört og hvít að ofan og hvít að neðan og hnúðóttar frambrúnir. Sporður hans er svart- og hvítmunstraður að neðan. Litamynstur á hálsi og brjósti er mismunandi en skíðin eru dökkgrá. Hnúfubakur er forvitinn hvalur, sem kemur gjarnan upp að skipum og stekkur upp úr sjó. Hann syngur mikið á fengitímanum og sést oftar nær ströndum en aðrir hvalir.

### Hvar er hnúfubak að finna?

Hann er að finna í öllum heimshöfum og fer um í litlum vöðum. Mökun fer fram í mars til maí og er meðgöngutíminn ellefu mánuðir. Kýrnar bera yfirleitt á tveggja ára fresti og er kálfurinn um fimm metra langur við fæðingu og fimm mánuði á spena.

### Hvað étur hnúfubakur?

Hann étur aðallega ljósátu, einnig loðnu, síld og fleiri tegundir.

Hnúfubakur var sjaldgæfur við Ísland eftir ofveiði Norðmanna og hefur verið friðaður frá 1955. Hann er tákn hvalafriðunarsinna.

**Heimildir: Ismennt.is og Nat.is**

## SPURT & SVARAÐ

**ÓHOLL MATVARA Í AUGLÝSINGUM**

# *Takmarkanir skila árangri*



**ÁSTA RAGNHEIÐUR JÓHANNESDÓTTIR**
Alþingismaður

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, hefur flutt þingsályktunartillögu um takmörkun auglýsinga á óhollri matvöru sem beint er að börnum.

**Hver er ástæða þess að þú leggur þetta til?**
Offita barna er eitt stærsta heilbrigðisvandamál sem vestrænar þjóðir standa frammi fyrir um þessar mundir. Alþjóða heilbrigðisstofnunin og Evrópusambandið hafa ákveðið að taka saman höndum vegna vandans og mæla nú fyrir bættu mataræði, aukinni hreyfingu og takmörkun á auglýsingum á óhollri matvöru sem beint er að börnum.

**Hvernig verður þessu framfylgt?**
Ég legg til að heilbrigðisráðherra setji reglur og nái samkomulagi við innflytjendur, framleiðendur og auglýsendur um að setja ekki auglýsingar á þessum vörum í sjónvarp fyrr en eftir klukkan níu á kvöldin, þegar börnin eru hætt að horfa. Sömuleiðis að hugað sé að því að sporna við þessum auglýsingum á netinu.


# Samgönguráð

**Flugmálastjórn Íslands - Siglingastofnun Íslands - Vegagerðin**
**Samgönguráðuneytið**

## Stefnumótun í samgöngum

Samgönguráð efnir til fjórða fundar í fundaröð sinni um stefnumótun í samgöngum. Fundarefnið að þessu sinni er:

## Samgöngur og umhverfi

**Vegagerð og umhverfi**
**Matthildur Bára Stefánsdóttir deildarstjóri hjá Vegagerðinni**

**Losun gróðurhúsalofttegunda frá skipum**
**Jón Bernódusson skipaverkfræðingur hjá Siglingastofnun**

**Græn framtíð flugsins**
**Sveinn V. Ólafsson verkfræðingur hjá Flugmálastjórn**

**Umræður og fyrirspurnir**

Fundurinn verður haldinn miðvikudaginn 21. nóvember 2007 kl. 15-17 á Grand Hótel Reykjavík. Aðgangur er ókeypis og öllum er heimill aðgangur. Væntanlegir þátttakendur eru vinsamlegast beðnir að skrá sig á netfangið postur@sam.stjr.is eigi síðar en klukkan 12:00 þann 20. nóvember 2007.




**FRÁ LANGÁ Á MÝRUM** Langá á Mýrum var ofarlega á lista yfir aflahæstu veiðiárnar í sumar eins og undanfarin ár. Langá er gott dæmi um þá uppbyggingu sem á sér stað við margar laxveiðiár. Frá 1962 hafa veiðibændur við ána byggt fimm laxastiga og vatnsmiðlunarstíflu í Langavatni auk þess að leggjast í miklar vegaframkvæmdir. Nú er hægt að aka að öllum merktum veiðistöðum á 26 kílómetra svæði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Öfgafullt laxveiðisumar að baki

**Laxveiðin sumarið 2007 er þriðja mesta stangveiði sem skráð hefur verið hér á landi. Stangveiddir laxar eru um 50 þúsund, sem er um 4.500 löxum meira en sumarið 2006. Veiðisumarsins verður helst minnst fyrir vatnslausar ár á besta veiðitíma og ævintýralega veiði á vatnasvæði Rangánna.**

Veiðin þetta sumarið er 28 prósentum yfir meðalveiði áranna 1974 til 2006 samkvæmt bráðabirgðatölum Veiðimálastofnunar. Til þess er tekið í samantekt stofnunarinnar að hluti þeirra laxa sem veiddir eru fær frelsi að nýju. Fyrirkomulaginu að veiða og sleppa vex ásmegin og um fimmtán prósentum af öllum stangveiddum laxi í íslenskum laxveiðiám er sleppt. Þriðjungur þess afla veiðist oftar en einu sinni.

Ár sem byggja sína veiði á sleppingum gönguseiða laxa sem alin eru í eldisstöðvum fengu bestu heimtur frá upphafi; tæplega sextán þúsund fiska. Þegar litið er til veiði í öðrum laxveiðiám lætur nærri að hún hafi verið um 34.600 laxar. Það er um tíu prósentum minni veiði en var sumarið 2006 en um fimm prósentum yfir meðalveiði síðustu tíu ára.

### Vatnslaust í veiðihúsinu

Laxveiðisumarsins verður minnst fyrir öfgar í veður- og vatnsskilyrðum. Um miðjan júlímánuð, þegar laxaveislan átti að standa sem hæst í mörgum ám, töluðu vanir veiðimenn um náttúruhamfarir. Ár á Vestur- og Suðvesturlandi runnu vart lengur eftir hitabylgju og glennusól sem stóð í margar vikur.

Vatnsmagnið í Norðurá í Borgarfirði er ágætt dæmi; meðalrennslið fór niður í tvo og hálfan rúmmetra á sekúndu, en rennslið er um og yfir tuttugu rúmmetra á sekúndu í venjulegu árferði. Þegar staðan var sem verst í byrjun júlí höfðu 175 laxar komið á land úr Norðurá miðað við um 800 laxa á sama tíma árið áður.

Eiríkur St. Eiríksson, stangveiðimaður og rithöfundur, sagði frá veiðiferð í Stóru Laxá í Hreppum á bloggsíðu sinni þar sem svo rammt kvað að vatnsleysinu að vatnslaust varð í veiðihúsinu. Sögurnar eru óteljandi þar sem veiðimenn freistuðu þess ekki að veiða af þeirri einföldu ástæðu að árnar runnu ekki á milli hylja.

### Ævintýri í Rangárþingi

Sumarsins 2007 verður líklega helst minnst fyrir heimtur upp úr þeim systrum Ytri- og Eystri-Rangá. Eystri-Rangá endaði með 7.525 veidda laxa og Ytri-Rangá 6.377 laxa. Ekki þarf að fjölyrða um að þessi veiði er einstök, og er þá sama hvaða mælikvarðar eru notaðir. Nægir að nefna að veiðin í Eystri-Rangá var 5.155 löxum meiri en sumarið á undan og þegar veiðimenn gengu tregir frá bökkum hennar í lok október sá ekki högg á vatni. Áin var enn búnkuð af laxi og það sama átti við um Ytri-Rangá. Hafa ber hugfast að Ytri-Rangá hefði sennilega skilað mun fleiri löxum ef veitt hefði verið á annað agn en flugu á besta tíma.

Þær upplýsingar fengust hjá leigutaka árinnar að fyrsta maðkahollið veiddi 200 laxa og síðasta veiðidaginn í ánni veiddust á fimmta tug laxa á fjórar stangir en á venjulegum degi er veitt á sextán stangir.

### Laxveiðin er mikilvæg

Það er við hæfi að minnast á það að laxveiði er ekki einungis dægradvöl þúsunda heldur gífurlega mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Vissulega er verðþróunin gagnrýnd, og ekki að ósekju. En fullyrt hefur verið í eyru blaðamanns að laxveiði sé orðin svo mikilvægur þáttur í tekjuöflun margra landsvæða að um hreint byggðamál sé að ræða.

Stangveiðin veltir rúmlega ellefu milljörðum króna á ári og skapar 1.200 störf. Það er um fimmtungur af öllum tekjum landbúnaðarins en hlutfallið er mun hærra til dæmis á Vesturlandi, þar sem fimmtíu prósent atvinnutekna í greininni tengjast laxveiði.

### Veiði að minnka?

Þrátt fyrir öfgar í veðri náði laxveiði í flestum ám um það bil meðalveiði. Þó er ástæða til að staldra við þegar veiðitölur sumarsins eru bornar saman við veiði á undanförnum árum. Áður hefur verið minnst á það fyrirkomulag að veiða og sleppa. Skiptar skoðanir eru um þessa aðferð og þarf rannsóknir á gildi hennar fyrir hina náttúrulegu stofna ánna.

Fluguveiði er að taka yfir í mörgum ám, sem hefur óumflýjanlega þær afleiðingar að veiðitölur lækka. Hver sá sem hefur staðið á bakka laxveiðiár veit að svokölluð maðkaholl hafa hækkað veiðitölur í langflestum ám á Íslandi.

Ef horft er á tölur úr Víðidalsá, þeirri frægu laxveiðiperlu, gæti einhver dregið þá ályktun að þar steðjaði að meiri háttar vandi. En svo er ekki. Hellingur af laxi gengur í árnar eins og áður en maðkahollin, sem á árum áður fóru létt með að rífa upp 300 laxa á stuttum tíma, eru úr sögunni. Þetta ber að hafa í huga við allan samanburð og eins það að margir veiðimenn veiða ekki lengur með því hugarfari að fara með sem mest heim. Árnar eru ekki lengur matarkistur stangveiðimanna.

### FIMMTÁN AFLAMESTU LAXVEIÐIÁRNAR 2007

| Laxveiðiá | Lokatölur 2007 |
|---|---|
| 1. Eystri-Rangá | 7525 (1)* |
| **2.** Ytri-Rangá/Hólsá | 6377 (2) |
| **3.** Þverá & Kjarrá | 2435 (7) |
| **4.** Selá | 2225 (3) |
| **5.** Norðurá | 1456 (14) |
| **6.** Langá | 1463 (10) |
| **7.** Hofsá í Vopnafirði | 1435 (6) |
| **8.** Laxá í Dölum | 1377 (5) |
| **9.** Miðfjarðará | 1150 (17) |
| **10.** Blanda | 1117 (23) |
| **11.** Grímsá og Tunguá | 1078 (15) |
| **12.** Laxá í Aðaldal | 1076 (27) |
| **13.** Breiðdalsá | 875 (14) |
| **14.** Laxá í Kjós | 840 (24) |
| **15.** Laxá í Leirársveit | 830 (16) |

*Mesta veiði á hverja stöng



FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is


Bullum í baði ...sturta.is
Sturtuklefar og baðker í
...breiðum bunum!
– hvað segirðu um það?
Kr. 199.000
1300x1300x2150mm
Kr. 139.000
900x900x2150mm
Kr. 208.000
1520x850x2150mm
Hátækni
Ótrúleg verð
Kr. 179.000
1820x1320x775mm
Kr. 175.000
940x940x2150mm
Kr. 147.000
1360x1360x730mm
Komdu í bað, sturtan sér um það ...sturta.is
Nudd og nautn í baði ...sturta.is
Bara að drífa sig!
Reykjavíkurvegur 64,
220 Hafnarfjörður. Sími: 565-5566
Öll viðgerða/varahluta og uppsetningaþjónusta fyrir hendi
www.sturta.is allan sólarhringinn!
sturta.is
Ekki súr, farðu úr
Hreinn og beinn ...í sturtu!

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Þingmenn vilja yfirsýn.

# Ráðherra fær tækifæri

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Tíu þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa flutt sérlega athyglisverða tillögu til þingsályktunar um samkeppnisstöðu fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga. Þeir benda réttilega á að í ýmsum tilvikum er verið að nota peninga skattborgaranna til óeðlilegrar samkeppni við fyrirtæki á markaði.

Skýr vilji þingmannanna stendur til þess að Alþingi feli viðskiptaráðherra að athuga hvort og á hvaða sviðum opinberar stofnanir eru í samkeppni gagnvart einkaaðilum. Þeir vilja að kannað verði hvort einstakar stofnanir hafi eflt samkeppni gagnvart einkaaðilum á síðustu árum. Jafnframt stendur hugur þeirra til að sjá í hversu ríkum mæli opinberar stofnanir sinna nú verkefnum sem sérhæfðir aðilar í atvinnulífinu gætu eins unnið.

Þingmennirnir nefna ýmis opinber fyrirtæki sem ýmist eru eða hafa verið í samkeppni við einkarekstur. Þar kennir margra grasa og má sjá nöfn Landmælinga, Landspítala, Heilsugæslu í Reykjavík, Siglingastofnunar, Vinnueftirlits, Vélamiðstöðvarinnar, Skýrr, Ökutækjaskrár og Fasteignaskrár.

Eðli máls samkvæmt er ekki í stuttum greinargerðum fyrir þingmálum unnt að nefna á nafn öll þau tilvik sem til álita koma. Skiljanlega er því plássi ekki eytt í að nefna þau dæmi þar sem ráðherrar hafa beinlínis beitt sér fyrir því að fjármunir skattborgaranna væru nýttir til óeðlilegrar samkeppni við einkaaðila og eru flestum í góðu minni.

Í tíð fyrri ríkisstjórnar var þannig ákveðið að nota fjármuni skattborgaranna til þess að hefja á ný ríkisrekstur á prentþjónustu. Alvarlegasta dæmið er allsendis óþarfi að rifja upp svo lifandi sem það er í hugum fólks. Það var ákvörðun fyrri ríkisstjórnar að skekkja til mikilla muna samkeppnisstöðu á útvarpsmarkaði.

Sum eldri mál af þessu tagi eru hins vegar farin að fyrnast í hugum flestra. Svo er ugglaust um þá ákvörðun á sínum tíma að misnota peninga skattborgaranna í Símanum, sem þá var í eigu ríkisins, til þess að hefja samkeppnisrekstur með afþreyingarsjónvarp. Ríkið hefur nú dregið sig út úr þeim rekstri.

Mál þingmanna deyja oftast nær drottni sínum í þingnefndum. En hér hreyfir stór hópur þingmanna við máli sem í raun réttri er starfsskylduverkefni viðskiptaráðherra. Hann þarf því ekki sérstaka samþykkt Alþingis til þess að hefjast handa við verk eins og þetta. Vel færi á að ráðherrann gripi þetta tækifæri og léti ekki málalengingar á Alþingi tefja framkvæmdina.

Núverandi viðskiptaráðherra hefur getið sér gott orð fyrir að vera skjótur til svara um hvaðeina sem að honum er beint. Þetta mál gæti verið prófsteinn á hversu kvikur hann er til athafna á mikilvægu sviði sem undir hans ráðuneyti heyrir. Ef verkefnið er skynsamlega afmarkað má vinna það hratt og láta staðreyndirnar tala fyrir þinglok að vori.

Þingmennirnir sem að þessum tillöguflutningi standa benda réttilega á að með þeirri yfirsýn sem þeir eru að kalla eftir má markvisst færa mál til betri vegar.

Markmið könnunar af þessu tagi á ekki að vera að vekja deilur um hvort heilbrigðisþjónusta á að vera á ábyrgð ríkis eða einstaklinga. Brýnast er að huga að því að ríkisvaldið sjálft virði grundvallarreglur á samkeppnismarkaði.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871

• Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík •

Samgöngumál

Samfylkingarfélagið í Reykjavík heldur fund um samgöngumál, miðvikudaginn 21. nóvember, kl. 20.30–22.00 á Hallveigarstíg 1. Húsið verður opnað kl. 20:00.



Steinunn Valdís Óskarsdóttir
formaður samgöngunefndar Alþingis
er gestur fundarins.

Fundarstjóri:
Ásgeir Beinteinsson formaður SffR.

Kaffi og meðlæti
Allir velkomnir

SffR Samfylkingarfélagið í Reykjavík

Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

• Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Flokksbræður ósammála

Magnús Þór Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Frjálslynda flokksins, og Atli Gíslason, þingmaður VG, ræddu útlendingamál í Silfri Egils á sunnudag. Magnús taldi ólíðandi að konur gætu ekki gengið um götur borgarinnar af ótta við að vera nauðgað af útlendingi. Atli taldi aftur á móti ósanngjarnt að gera greinarmun á Íslendingum og útlendingum í þessum efnum. Hinn þverpólitíski Kristinn H. Gunnarsson leggur orð í belg um þetta mál á heimasíðu sinni og þótt hann sé flokksbróðir Magnúsar er hann sammála Atla. „Frjálslynd stjórnmálaöfl um alla Evrópu berjast fyrir virðingu og umburðarlyndi," skrifar Kristinn, „og því að hver einstaklingur njóti réttinda og axli skyldur án tilvísunar til þjóðernis." Skyldi Kristinn vera að undirbúa enn ein vistaskiptin og leita til VG í þetta sinn?



### Ásta verður Ragnheiður

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir var gestur í hádegisviðtali Stöðvar 2 í gær. Í kynningunni hljóp Edda Andrésdóttir á sig og kallaði Ástu Ragnheiði Ragnheiði Ástu. Þetta eru orðin svo til sígild mistök frá því að Halldór Blöndal víxlaði nöfnum Ástu ítrekað í ræðustól Alþingis fyrir nokkrum árum, sjálfsagt þá verið að hugsa um Ragnheiði Ástu Pétursdóttur þulu. Í seinni tíð hefur Ásta Ragnheiður oft látið fyrra nafn sitt duga.

### Vænlegt til árangurs

Ásta Ragnheiður var annars mætt í hádegisviðtalið til að ræða tillögu sína um að setja takmarkanir við auglýsingum á óhollustu sem beinast að börnum. Tillaga Ástu er liður í því að sporna við vaxandi offituvanda. Ásta sagði að tillaga sín væri að breskri fyrirmynd en þar er bannað að auglýsa óhollan mat fyrir klukkan níu á kvöldin. Markmiðið er vissulega göfugt en setja má spurningarmerki við aðferðina. Neysla á áfengi hefur til dæmis aukist mjög á undanförnum árum þrátt fyrir algjört auglýsingabann, sem heildsalar virðast að auki eiga auðvelt með að sneiða hjá.



bergsteinn@frettabladid.is

# Átakalaust líf



RAGNHILDUR VIGFÚSDÓTTIR

**Í DAG** | Lífsspeki

Seint verður sagt um mig að ég forðist átök. Ég er í raun afar ginnkeypt fyrir þeim. Auk þess er ég svo löt að það þarf átak til að koma mér út úr rúminu á morgnana. Ég hjóla til dæmis aðeins í vinnuna þegar það átak er í gangi. Átökin þurfa hvorki að standa í heilan mánuð né viku til að ég taki virkan þátt í þeim, einn dagur nægir.

Í morgunsárið á degi íslenskrar tungu hlustaði ég á Lárus Pálsson lesa ljóð eftir Jónas Hallgrímsson en unglingurinn á heimilinu setti geisladisk með ljóðalestri hans í tækið. Þau feðginin lásu síðan upphátt nokkur ljóð eftir Jónas og um kvöldið sótti ég Jónasarmessu eins og kollegi minn í stétt pistlahöfunda kallaði dagskrána í Þjóðleikhúsinu. Það fannst mér góð stund, kórarnir hver öðrum betri, unun að hlusta á góðan upplestur og heiður að fá að þakka herra Sigurbirni Einarssyni biskupi fyrir framlag hans til íslenskrar tungu og menningar.

### Átök

Það er eingöngu sjálfsaginn sem fær mig til að mæta í leikfimitíma klukkan 7.15 tvisvar. Ég veit að þetta gerir mér gott, annars myndi ég sleppa því, liggja í rúminu og gera það sem mér finnst skemmtilegast, drekka kaffi og lesa skáldsögur. Ég geri allt of lítið af því, eins og ég er þó góð í því, hraðlæs með endemum og var mikill lestrarhestur á yngri árum. Ég gerði því smá átak í því á sunnudag. Ég settist inn í stofu upp úr hádegi og náði að lesa tvær góðar skáldsögur áður en ég lagðist til svefns um kvöldið. Ég gat ekki hugsað mér að mæta ólesin í enn einn kvennakrimmaklúbbinn og gat ekki horft á bókastaflann hlaðast upp, ólesinn.

Við mæðgur sátum hvor í sínum stólnum, sú átta ára las Eplasnepla og ég Love in the Present Tense, yndisleg bók. Það tók mig reyndar nokkurn tíma að draga þá stuttu úr tölvuleiknum Sims, hún gat ekki hætt í leiknum því vinur hennar hafði óvart eytt klósettinu og fólkið sem þau höfðu skapað í sameiningu varð að komast á klósettið. „Mamma, ég verð að vinna mér inn peninga til að kaupa nýtt klósett fyrir þau, maðurinn var að pissa á sig og þú skilur að það gengur ekki." Ég minnti hana á að þetta væri bara tölvuleikur og hún gæti hætt hvenær sem væri.

Loks slökkti hún á leiknum og hóf lesturinn og hafði orð á því hvað það væri huggulegt hjá okkur. Hún blandaði sér sérstakan drykk til að hafa það enn betra (trópí, sólberjasafi og sódavatn). Sjálf fékk ég mér poppkorn og er þá hæstu hæðum náð í dekrinu hjá mér. Þegar ég grét úr mér augun yfir bókinni huggaði hún mig og minnti mig á að þetta væri bara skáldsaga.

### Segðu bara nei

Á miðvikudag verður sérstakur dagur tileinkaður forvörnum. Ég heyrði Róbert Wessman ræða aðkomu fyrirtækisins að því í morgunútvarpinu. Mér heyrðist að forsetinn hefði vakið áhuga hans á efninu í Indlandsferð og hann í kjölfarið ákveðið að styrkja það. Útgangspunkturinn er að efla sjálfsmynd unglinga og viljastyrk til að segja nei við vímuefnum, líkt og forsetafrúin bandaríska boðaði um árið og allir hlógu að. „Just Say No" hét það átak og þótti álíka vonlaust og vímuefnalaust Ísland árið 2000. Forsetinn okkar hvetur okkur til að taka þátt, því hvert ár skipti máli.

Rannsóknir sýna að það er þrennt sem dugar best í baráttunni við vímuefni. Að foreldrar og börn verji tíma saman. Að unglingar taki þátt í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi og að þeir sniðgangi áfengi sem lengst. Ég tók aldrei þátt í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi, flutti að heiman fjórtán ára og varði því litlum tíma með foreldrum mínum en byrjaði ekki að drekka fyrr en sumarið sem ég varð 22 ára. Þá voru flestir vina minna löngu byrjaðir að drekka og ég búin að fara í nokkur partí þar sem vímuefni voru höfð um hönd, en ég lét þau alltaf framhjá mér fara. Ég var – og er – mjög meðvituð um að alkóhólismi er algengur í ættinni og því vil ég ekki taka neina áhættu með þetta eina líf sem ég veit fyrir víst að ég hef.

Við ræðum áfengi og vímuefni við dæturnar og höfum alltaf lagt áherslu á að þær eigi að vera búnar að ákveða hvað þær ætla að gera áður en þeim er boðinn fyrsti sopinn, taflan eða hvaða form sem eru á þessu í dag. Þær eiga ekki að gera upp hug sinn þegar þær standa frammi fyrir freistingunni, þær eiga að vera búnar að því áður, þá er mun auðveldara að segja nei.

Þegar sú eldri var fjögurra ára og var fyrst spurð hvað hún ætlaði að gera þegar henni yrðu boðin eiturlyf sagðist hún ætla að segja „nei, takk, ég má ekki vera að því". Enn í dag er það útgangspunkturinn, þær mega ekki vera að því að eyða bestu árum ævi sinnar í vitleysu, eyðileggja sambandið við vini og ættingja og svíkja sjálfa sig. Það er svo margt annað og skemmtilegra hægt að gera.

# Barnasáttmálinn átján ára

**UMRÆÐAN**

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna



STEFÁN INGI STEFÁNSSON

Þennan sama dag fyrir átján árum voru réttindi barna í fyrsta sinn leidd í alþjóðalög. Þá leit dagsins ljós Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna en í honum er staðfest að öll börn – þ.e. hver sá einstaklingur sem ekki er fullra 18 ára – njóti ákveðinna grundvallarréttinda.

Barnasáttmálinn er ekki einungis lagalegt verkfæri. Hann hefur mun víðari merkingu. Hann stendur í raun fyrir þá göfugu hugmynd að réttindi barna séu á ábyrgð allra. Þökk sé Barnasáttmálanum hafa þessi réttindi verið stöðugt í meiri forgrunni í baráttunni fyrir mannréttindum og heimurinn hefur orðið vitni að afdrifaríkum úrbótum í málefnum barna. Tíðni ungbarnadauða hefur t.a.m. lækkað ásamt fjölda þeirra barna sem vinna hættuleg störf. Baráttan gegn hættulegum barnasjúkdómum, eins og mislingum og mænuveiki, hefur einnig gengið vonum framar.

Nú þegar fyrsta kynslóðin er að vaxa úr grasi sem notið hefur verndar Barnasáttmálans allt frá fæðingu hefur 191 ríki fullgilt sáttmálann. Í rauninni eru aðeins tvö ríki heims sem ekki hafa enn gengið svo langt, Bandaríkin og Sómalía, þó fulltrúar beggja ríkja hafi skrifað undir sáttmálann. Hérlendis öðlaðist hann formlega gildi í lok árs 1992. Þetta þýðir að í dag eru 2,2 milljarðar barna sem njóta lagalegrar verndar og viðurkenningar á réttindum sínum.

Barnasáttmálinn er stefnumarkandi fyrir allt starf UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, og halda því samtökin upp á þessi merku tímamót víða um heim. Hér á Íslandi stöndum við fyrir málþingi í Norræna húsinu í dag frá 14.00 til 16.30. Þar mun m.a. fulltrúi úr alþjóðlegu barnaréttarnefndinni, Lucy Smith, flytja erindi um Barnasáttmálann og Ísland í alþjóðlegu samhengi.

Nú liggur fyrir þingsályktunartillaga á Alþingi um lögfestingu Barnasáttmálans. Málþingið er því kjörið tækifæri fyrir leika sem lærða til að fræðast betur um þennan merka sáttmála.

*Höfundur er framkvæmdastjóri UNICEF Ísland. Lengri útgáfu greinarinnar má lesa á vísir.is*







# allt



HÚSGAGNA LAGER SALA

LEÐUR SÓFASETT
HORNSÓFASETT
SÓFASETT MEÐ SKEMLI
TUNGUSÓFAR
TUNGU HORNSÓFAR
STAKIR SÓFAR
BORÐSTOFUBORÐ OG STÓLAR
SKENKAR
SÓFABORÐ
ELDHÚSBORÐ
RÚMGAFLAR
RÚM

VERÐDÆMI
LEÐURSÓFASETTT ÁÐUR ~~239,000~~
NÚ 89,900
HORNSÓFAR TAU ÁÐUR ~~198,000~~
NÚ 103,000
HORNSÓFAR LEÐUR ÁÐUR ~~249,000~~
NÚ 149,000

Dugguvogi 2. Sími 557-9510



Ari Trausti Guðmundsson lyftir lóðum í Silfur sporti tvisvar til þrisvar sinnum í viku að meðaltali og finnst það bráðnauðsynlegt upp á starfsþrekið sem og almennt þrek. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Stefnir á hátt fjall

***Ari Trausti Guðmundsson jarðeðlisfræðingur hefur stundað mikla hreyfingu allt frá unglingsaldri og er meðal annars þekktur fyrir að vera mikill fjallgöngumaður. Hann lætur það hins vegar ekki nægja heldur lyftir hann lóðum tvisvar til þrisvar sinnum í viku.***

„Ég byrjaði ekki á lyftingum og tækjastandi fyrr en ég var orðinn rúmlega þrítugur,“ segir Ari, sem er búinn að lyfta lóðum í um 25 ár. „Ég æfi að meðaltali svona tvisvar til þrisvar í viku í Silfur sporti og er þá að lyfta lóðum. Mér finnst það mjög gott og það gefur mér mikið enda þarf ég á þessu að halda bæði út af almennu starfsþreki og út af því sporti sem ég er í,“ segir hann og vísar þar til fjallgöngu og fjallaklifurs. „Þar verða menn að vera sterkir. Með sterka fætur, sterkt bak og sterka handleggi svo þetta er alveg bráðnauðsynlegt,“ segir Ari og leggur áherslu á að þótt ákveðnum tíma sé eytt í lyftingarnar komi það til góða annars staðar eins og í auknu starfsþreki.

Ari hefur verið virkur í fjallgöngum og fjallaklifri í að minnsta kosti 35 ár og er einn af þessum gömlu í faginu. Spurður hvað það sé við fjöllin sem heilli segir Ari: „Það er að vera úti í náttúrunni og fást við krefjandi verkefni.“ Hann segist alltaf vera með einhver plön í fjallasportinu og stefnir á hátt fjall árið 2008.

„Ég hef reyndar ekkert rosalega gaman af því að lyfta lóðum og held að fáir hafi gaman af því,“ segir Ari og bætir því við að þetta sé þó nytsamlegt og nokkuð sem hann viti að hann verði að gera, rétt eins og að borða. „Ég hef bara verið á þremur stöðum í þessi 25 ár og þoli ekki stóra staði. Frekar vil ég vera á smærri stöðum eins og Gym-80 þegar það var og hét og svo núna í Silfur sporti,“ segir hann og bætir við: „Það er frekar lítið, maður þekkir alla og tækin eru mjög góð. Það skiptir mig öllu máli hvar ég æfi og myndi ekki gera þetta hvar sem er.“

*sigridurh@frettabladid.is*


vísir.is
Fyrstur með fréttirnar


NÓVEMBER
Kafbátur mánaðarins
PIZZABÁTUR
...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða
SUBWAY
6 tommu bátur kr. 299
SUBWAY í fínu formi
Gildir í nóvember 2007
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumál

**Eyrnatappar** geta komið sér vel þegar fólk er í miklum hávaða. Mikilvægt er að vernda heyrnina og til að mynda er stundum skynsamlegt að hafa eyrnatappa ef fólk er á hávaða-sömum rokktónleikum eða vinnur í miklum hávaða.




**Næstu fyrirlestrar og námskeið**

Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

20. nóvember Hvað á ég að gefa litla barninu mínu að borða?
Ebba Guðný Guðmundsdóttir

22. nóvember Ann Wigmore og lifandi fæði
Sólveig Eiríksdóttir og Eiríkur Hermannsson

29. nóvember Heilsukostur - Hátíðakökur og eftirréttir
Auður Konráðsdóttir desertadrottning


# Úr hlíðum Himalaja

*Goji-ber eru lítil rauð ber sem vaxa á runnum í hlíðum Himalajafjallanna og hafa lengi verið talin allra meina bót af þeim sem til þekkja. Inga Kristjánsdóttir næringarþerapisti hefur kynnt sér goji-berin sem nýlega fóru að fást hér á landi.*

„Þessi ber hafa verið þekkt hjá kínverskum, indverskum og tíbeskum náttúrulæknum í svona sex þúsund ár. Þeir hafa notað þau til þess að berjast á móti öldrun, hjálpa lifrinni og bæta sjónina," segir Inga og bætir við að þau þyki líka góð fyrir ónæmiskerfið og blóðrásina. „Svo hafa þeir notað þau svolítið til þess að auka hjá sér kyngetuna og frjósemina," segir hún og hlær.

Goji-berin innihalda að sögn Ingu mikið af alls konar efnum sem eru góð fyrir heilsuna. „Goji-berin eru alveg stútfull af andoxunarefnum og innihalda til dæmis um það bil fimm hundruð sinnum meira af C-vítamíni en appelsínur. Þau innihalda líka mikið beta-karotín og zeaxanthin sem er gott fyrir sjónina og þá sem eru með augnvandamál. Svo innihalda þau líka B-vítamín og E-vítamín, rosalega mikið af steinefnum og snefilefnum og þessar lífsnauðsynlegu ómega-fitusýrur," segir hún.

Hér á landi fást goji-berin þurrkuð og í orkustykkjum að sögn Ingu. „Þau eru yfirleitt notuð þurrkuð, ekki svo mikið fersk. Það er reyndar líka unninn úr þeim safi en hann fæst ekki enn þá hérna," segir hún.

Þurrkuð eru goji-berin svolítið lík rúsínum að sjá fyrir utan rauða litinn. „Ég ráðlegg fólki oft að vera með hnetur og fræ og eitthvað slíkt í poka til þess að narta í yfir daginn og þá er rosalega sniðugt að blanda berjunum saman við. Þau má líka nota í möffins og alls konar bakstur og það kemur bara skemmtilegt bragð af þeim. Margir nota þau líka eins og músli út á jógúrt og svoleiðis. Ég borða berin sjálf og mér finnst þau mjög fín og skemmtileg viðbót við annað," segir Inga að lokum. *emilia@frettabladid.is*



Inga segist borða berin sjálf og er mjög hrifin af þeim.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Goji-berin líkjast svolítið rúsínum fyrir utan það að þau eru eldrauð.


Stinnari á 4 vikum...
Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!
SLENDERTONE
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-
eða 6.660 á mán. í 3 mán.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Minnistöflur
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is
FOSFOSER MEMORY
Valið fæðubótarefni ársins 2002 í Finnlandi

Íslenskir karlmenn verða nú langlífastir!
Japanir hafa sushi
Við höfum bitafisk og harðfisk í hæsta gæðaflokki
Fæst í Bónus og Inspired (Flugstöðinni)
GULLFISKUR
Hollusta í hverjum bita

IPL VARANLEG, SÁRSAUKALÍTIL HÁREYÐING
Greifynjan snyrtistofa s. 587 9310
NEMATILBOÐ -20% ÞRIÐJUD. FÓTSNYRTING

Hvað er að frétta?
Fréttir af fólki_
www.visir.is
vísir

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Einkamál
Smáauglýsing óskar eftir að komast í samband við góðan auglýsanda. Fyllsta trúnaði heitið. Áhugasamir hafið samband í síma 550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá


Guðlaug Pétursdóttir, eigandi Glóar, og Guðbergur Garðarsson rekstrarstjóri við gnægtarborð þess hollasta sem náttúran gefur.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Heilsa í glasi gulli betri

***Íslendingar elska nýpressaða heilsudrykki; ekki síst konur sem farnar eru að freista karla sinna með ferskri glasafylli af vítamínum og náttúrufjöri.***

„Konur eru duglegri að smakka og setja sig inn í holla matargerð, en hér sjáum við karlana með þeim og í fyrstu fussa þeir og sveia yfir hugmyndinni um heilsudrykk, en koma svo sjálfir seinna til að fá sér meira,“ segir Guðbergur Garðarsson, rekstrarstjóri veitingahússins Gló í Listhúsinu í Laugardal.

„Heilsudrykkir eru komnir til að vera. Þeir hafa lengi verið í boði á Íslandi en ekki náð vinsældum fyrr en nú. Þetta er mikil heilsubót og vitaskuld ekkert húmbúkk, enda hefur innihald og hollusta ávaxta og grænmetis verið rækilega rannsakað,“ segir Guðbergur, en vinsælasti heilsudrykkur Glóar er Eplahamingja, úr grænum eplum og engifer.

„Engifer styrkir ónæmiskerfið og eykur brennslu, og græn epli gefa vinnuorku fyrir daginn. Þá koma hingað ófrískar konur í hópum til að fá sér Rauðrófugleði, enda blóðaukandi, gott fyrir barnið, mjólkina og járnbúskap líkamans. Allir þessir drykkir gera líkamanum gott, ekki síst í vetrartíð þegar flensur herja á landsmenn,“ segir Guðbergur, sem ráðleggur eitt glas á dag en ekki meir.

„Margir þurfa að horfa í budduna en vilja borða hollt. Vissulega er dýrt að kaupa inn lífrænt og það þarf alltaf mikið af ávöxtum og grænmeti í hvern drykk, en þessi fæða er stútfull af vítamínum, hvort sem hún er lífræn eða ekki, og kaupa má góðar safapressur á verðbilinu 5 til 10 þúsund til að útbúa drykkina heima,“ segir Guðbergur, sem ráðleggur heilsudrykk að morgni.

„Þá hefur magastöðin verið í slökun yfir nóttina og best að fylla hana orku fyrir daginn. Fólk finnur strax fyrir betri líðan þegar það tileinkar sér þennan lífsstíl, verður í kjölfarið meðvitaðra um sjálft sig, sneiðir hjá ruslfæði og vill gera líkama sínum sem bestan viðurgjörning.“

*thordis@frettabladid.is*

**GLÓANDI ORKUDRYKKUR**
**200 g lífræn jarðarberjajógúrt**
**30 g frosin bláber**
**30 g frosin jarðarber**
**hálf teskeið kókosolía**
**hálfur banani**
**klakar**
Sett saman í blandara og borið fram kalt.

**RAUÐRÓFUGLEÐI**
**1 meðalstór rauðrófa**
**4 gulrætur**
**1 epli**
**biti af engiferrót í teskeiðarstærð**
Sett saman í safapressu og borið fram.

**EPLAHAMINGJA**
**4 lífræn græn epli**
**biti af engiferrót í matskeiðarstærð**
Sett saman í safapressu og borið fram.


Eplahamingja eykur starfsþrekið.


Rauðrófugleði er sérstaklega góð fyrir barnshafandi konur.


Glóandi orkudrykkur er óneitanlega girnilegur að sjá.













**Bókastoðir** eru í senn hagnýtar og til skrauts. Í barnaherbergi má fá ýmsar fígúrur til að skreyta bókahillurnar og halda bókunum á sínum stað. Einnig geta fullorðnir fundið þema við sitt hæfi eða haft bókastoðirnar einfaldar og stílhreinar.






Lestu um nýju bækurnar á bokmenntir.is

Bókmenntavefurinn

Borgarbókasafn. Sími 563 1717. www.borgarbokasafn.is


# Davíð var hlédrægur þrátt fyrir frægðina

***Snert hörpu mína heitir bók sem kom út í gær um ævi Davíðs Stefánssonar skálds frá Fagraskógi. Friðrik G. Olgeirsson er höfundur hennar.***



Friðrik les upp úr nýju bókinni á Amtsbókasafninu á Akureyri þar sem Davíð var bókavörður lengi. MYND/ÞORSTEINN G. JÓNSSON

Friðrik er fæddur og uppalinn í Ólafsfirði og á menntaskólaárunum kveðst hann oft hafa keyrt um hlaðið á Fagraskógi og orðið hugsað til skáldsins sem þar ólst upp og þeirra persóna sem það skapaði. „Ég fékk snemma áhuga á Davíð en það var ekki fyrr en löngu seinna sem ég fór að rýna í Sólon Íslandus, þessa einu skáldsögu sem hann lét eftir sig. Í kjölfarið á þeim lestri kviknaði sú hugmynd að gaman væri að skrifa sögu Davíðs. Hélt reyndar alltaf að það væri annarra að gera það og þess vegna dróst það.“

Spurður hvort eitthvað hafi komið honum á óvart þegar hann fór að grufla í ævi skáldsins svarar Friðrik:

„Það kom mér eiginlega á óvart hversu mikill heimsborgari Davíð var. Flestir sjá hann fyrir sér sitjandi á Akureyri sem amtsbókavörð en framan af ævinni var hann heilmikið á faraldsfæti. Hann kynntist Einari Olgeirssyni, einum af leiðtogum sósíalista, sem fékk Davíð með sér í Sovétreisu 1928. En Davíð líkaði ekki allt sem hann sá. Samt sendi hann frá sér róttæk ljóð um 1930 en upp úr því fór hann að breytast og verða íhaldssamari. Áður, eða árin 1920-21, var hann á Ítalíu með Ríkarði Jónssyni myndhöggvara og Ingólfi Gíslasyni lækni. Sú ferð varð fræg hér á Íslandi því almenningur gat ekki leyft sér svona ferðalög. Ljóðabók Davíðs, Svartar fjaðrir, var nýkomin út og sló algerlega í gegn og þegar hann kom heim frá Ítalíu vildu allir fá hann til að lesa upp ljóð og segja frá Ítalíuferðinni. Þetta jók mjög hróður hans og gerði hann vinsælan og eftirsóttan.

Næsti meginviðburður sem kom honum áfram var Alþingishátíðin 1930 því þá var haldin samkeppni um ljóð og hann sigraði. Þeir voru settir í fyrsta sæti, hann og Einar Benediktsson, en ljóð Davíðs var valið til flutnings á Þingvöllum 1930. Það var stóra stundin í lífi Davíðs sem skálds. Hann var 35 ára gamall og orðinn þjóðskáld.“

Þrátt fyrir frægðina var Davíð hlédrægur, að sögn Friðriks, og tranaði sér ekki fram. „Hann var lítið í því að koma verkum sínum út erlendis. Gullna hliðið var þó víða sett á svið og ljóð hans voru þýdd. Samt vantaði herslumuninn. Hann kynntist sænskri vel menntaðri konu sem hafði þá bjargföstu skoðun að hann ætti að fá Nóbelinn og fór að þýða verk hans en var nokkrum árum of sein. Ég er ekki að halda því fram að nafn hans hafi einhvern tíma komið til greina hjá Nóbelsnefndinni en á tímabili var þessi sænska kona að koma honum á framfæri.“

Friðrik segir ljóst að Davíð hafi verið mjög lengi með sín stærstu verk á borðinu eins og Gullna hliðið og Sólon Íslandus. „Hann var vandvirkt skáld.“ *gun@frettabladid.is*





## Af lífshlaupi frumkvöðuls

Um ævistarf þessa fjölhæfa frumkvöðuls má segja að hug hans og höndum hafi verið fátt ofviða sem hann fékk áhuga á. Ekki var þó mulið undir hann í bernsku og ungur maður fékk hann berklaveiki og glímdi lengi við hana. Í bók sinni, *Sótt á brattann,* segir Ævar frá lífshlaupi sínu og viðfangsefnum svo að unun er að lesa. Ævar er löngu þjóðkunnur maður en lúpínuseyði hans hefur hjálpað fjölda manns til heilsu.

Skjaldborg

www.skjaldborg.is




Þórarinn Eldjárn er meðal þeirra sem lesa úr verkum sínum í Saltfélaginu.

## Lesið á sunnudögum

Í SALTFÉLAGINU VERÐUR UPPLESTRARÖÐ ALLA SUNNUDAGA FRAM AÐ JÓLUM. UPPLESTRARNIR VERÐA MILLI KLUKKAN 15 OG 16 OG MUNU HÖFUNDAR LESA UPP ÚR BÓKUM SÍNUM.

Fyrstu upplestrarnir voru síðastliðinn sunnudag þegar Valur Gunnarsson og Eyvindur Karlsson lásu upp úr bókum sínum, Konungur norðursins og Ósagt. Valur las upp við undirspil laga eftir Jacques Brel og Leonard Cohen. Næstu sunnudaga má heyra upplestra skálda á borð við Davíð Loga Sigurðsson, sem skrifaði bókina Velkomin til Bagdad, Hildi Helgadóttur sem nýverið gaf út bókina Í felulitum, Einar Má Guðmundsson sem skrifaði Rimlar hugans og Þórarin Eldjárn sem les upp úr bók sinni Gælur, fælur og þvælur. Fleiri höfundar munu einnig lesa upp úr verkum sínum í upplestraröðinni í Saltfélaginu næstu sunnudaga. *- sig*


GRÆNN MARKAÐUR

ALLT TIL INNPÖKKUNAR!
KÖRFUR, SATÍNBORÐAR, KRULLUBÖND, GJAFAÖSKJUR, POKAR, GJAFAPAPPÍR Á RÚLLUM, SILKIPAPPÍR, SELLÓFAN OG FLEIRA

GRÆNN MARKAÐUR






EINGÖNGU SALA TIL FYRIRTÆKJA

www.flora.is - info@flora.is - Réttarhálsi 2 - 110 Rvk - S: 535-8500

480 8000 TOYOTA SELFOSSI 480 8000


Toyota Land Cruiser 100 TDI (110765) 3/2006, dísel, ssk, ekinn 40 þús km, leður, lúga, 2 gangar af felgum og dekkjum, ofl... Ásett verð 7.790 þús.


Toyota Land Cruiser 100 TDI (134602) 1/2005, dísel, ssk, ekinn 45 þús km, leður, lúga, 33" dekk, ofl... Ásett verð 6.890 þús.


Toyota Land Cruiser 100 TDI (134538) 5/2004, dísel, ssk, ekinn 102 þús km, grátt leður, dráttarkr, kælibox, ofl... Ásett verð 5.790 þús.


Toyota Land Cruiser 100 TDI 35" (270220) 11/2002, dísel, ssk, ekinn 70 þús km, 35" breyttur, dráttarkr, ofl... Ásett verð 5.390 þús.


Toyota Land Cruiser 100 TDI (134860) 1/2001, dísel, ssk, ekinn 138 þús km, leður, topplúga, tems, dráttakr, ofl... Ásett verð 3.690 þús.


Toyota Land Cruiser 120 VX (111093) 6/2006, dísel, ssk, ekinn 39 þús km, ljóst leður, topplúga, aukasæti, filmur, ofl... Ásett verð 5.590 þús.


Toyota Land Cruiser 120 GX (270193) 6/2006, dísel, ssk, ekinn 48 þús km, cd magasín, cruise control, ofl... Ásett verð 4.530 þús.


Toyota Land Cruiser 120 VX 33" (134613) 5/2005, bensín, ssk, ekinn 39 þús km, 33" breyttur, leður, dráttarkr, ofl... Ásett verð 4.350 þús.


Toyota Tundra Crew Max LTD (111080) 2007, bensín, ssk, ekinn 10 þús km, leður, topplúga, 20" álfelgur, ofl... Ásett verð 4.950 þús.


Toyota Tacoma D/C (134873) 7/2005, bensín, ssk, ekinn 62 þús km, dráttarkr, læstur að aftan, ofl... Ásett verð 2.690 þús.


Toyota Hilux D/C 2.5L 38" (111400) 3/2006, dísel, bsk, ekinn 21 þús km, 38" breyttur, dráttarkr, læstur að framan, ofl... Ásett verð 4.190 þús.


Toyota Hilux D/C 3.0L 35" (211509) 9/2007, dísel, ssk, ekinn 1 þús km, 35" breyttur, dráttarkrókur prófíll, ofl... Ásett verð 4.070 þús.


Toyota Hilux D/C 38" (134835) 9/2004, dísel, bsk, ekinn 70 þús km, 38" breyttur, 4:88 hlutföll, 100% þjónusta, ofl... Ásett verð 3.690 þús.


Toyota Rav4 VX (134395) 3/2006, bensín, ssk, ekinn 35 þús km, ljóst leður, topplúga, álfelgur, ofl... Ásett verð 2.990 þús.


Toyota Rav4 (270210) 5/2006, bensín, ssk, ekinn 47 þús km, cd magasín, loftkæling, ofl... Ásett verð 2.760 þús.


Toyota Rav4 (134779) 9/2004, bensín, ssk, ekinn 62 þús km, fjarst samlæs, dráttarkr, ofl... Ásett verð 2.090 þús.


Toyota Avensis W/G EXE (110817) 10/2006, bensín, ssk, ekinn 16 þús km, leður, dráttarkr, loftkæling, ofl... Ásett verð 2.990 þús.


Toyota Avensis EXE (134710) 11/2003, bensín, ssk, ekinn 115 þús km, leður, filmur, cruise control, ofl... Ásett verð 1.770 þús.


Toyota Corolla 1.6 Sol MM (111028) 9/2007, bensín, MM skipting, ekinn 1 þús km, fjarst samlæs, ofl... Ásett verð 2.380 þús. Áhvílandi 2.140 þús.


Toyota Yaris 1.3 Luna (134885) 6/2000, bensín, bsk, ekinn 90 þús km, álfelgur, hliðarlistar, spoiler, ofl... Ásett verð 670 þús. Áhvílandi 625 þús. Fæst á 45 þús


Toyota Rav4 (111248) 8/2000, bensín, ssk, ekinn 81 þús km, álfelgur, dráttarkr, ofl... Ásett verð 1.290 þús.


Lexus IS250 (134758) 5/2007, bensín, ssk, ekinn 13 þús km, leður, topplúga, 20" chrome felgur, chrome grill, filmur, xenon í aðalljós og xenon í kösturum, 17"


Lexus IS200 (134561) 7/2002, bensín, ssk, ekinn 67 þús km, 17" álfelgur, cd magasín, ofl... Ásett verð 1.670 þús. Áhvílandi 1.590 þús. Fæst á yfirtöku + 80.000 kr.


Vw Touareg V6 TDI NEW (134166) 3/2007, dísel, ssk, ekinn 20 þús km, leður, dráttarkr, loftpúðafjöðrun, ofl... Ásett verð 6.950 þús.


Dodge Ram 2500 Laramie 33" (111031) 2006, dísel, ssk, ekinn 24 þús milur, leður, 33" dekk á 20" álfelgum, brettakantar, ofl... Ásett verð 4.590 þús. Var 4.790 þús.


Nissan Patrol Elegance (110725) 10/2006, dísel, ssk, ekinn 20 þús km, leður, dráttarkr, topplúga, ofl... Ásett verð 4.690 þús.


Nissan Navara 4WD D/C SE (134872) 6/2006, dísel, ssk, ekinn 30 þús km, dráttarkr, filmur, topplúga, ofl... Ásett verð 3.590 þús.


MMC Pajero DiD GLS (211644) 1/2005, dísel, ssk, ekinn 72 þús km, leður, dráttarkr, topplúga, rafmagn í öllu, ofl... Ásett verð 4.190 þús.


MMc L200 D/C (200865) 12/2000, dísel, ssk, ekinn 201 þús km, dráttarkr, krómuð veltigrind, ofl... Ásett verð 1.090 þús. Áhvílandi 950 þús.


Ssangyong Musso Sport (211403) dísel, bsk, ekinn 84 þús km, dráttarkr, klædd skúffa, ofl... Ásett verð 1.360 þús.

Bílasala suðurlands • Fossnesi 14 800, Selfoss
Sími: 480 8000 • Fax: 480 8001 • Netfang: toyotaselfossi@toyotaselfossi.is • www.toyotaselfossi.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
6.956 **-3,65%**

**Fjöldi viðskipta:** 749
**Velta:** 9.317 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| ATLANTIC PET. | +14,66% | EXISTA | -5,80% |
| FØROYA BANKI | +3,13% | STRAUMUR | -5,31% |
| ICELANDAIR | +1,23% | KAUPÞING | -4,38% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 10,28 +0,00% ... Bakkavör 57,40 -1,38% ... Eimskipafélagið 36,90 -3,28% ... Exista 27,60 -5,80% ... FL Group 21,60 -3,14% ... Glitnir 24,90 -3,11% ... Icelandair 24,80 +1,23% ... Kaupþing 916,00 -4,38% ... Landsbankinn 38,00 -2,56% ... Straumur-Burðarás 16,05 -5,31% ... Össur 97,90 -1,90% ... Teymi 6,35 -1,40%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Engin ástæða til að örvænta

„Kaup á hlutabréfum eru í eðli sínu langtímafjárfesting og ég ráðlegg fólki að hugsa sig vel um áður en það selur bréf sín nú,“ segir Pétur Aðalsteinsson, sérfræðingur hjá VBS Fjárfestingabanka, en gengi bréfa í fjármálafyrirtækjum tók snarpa dýfu undir lok viðskiptadags í Kauphöll Íslands í gær. Úrvalsvísitalan féll um 3,65 prósent, stóð við lok viðskiptadags í 6.956 stigum og hefur ekki verið lægra síðan undir lok janúar.

Gengi bréfa í Exista féll um 5,8 prósent. Fast á hæla þess fylgdi Straumur, sem féll um rúm fimm prósent en gengi bréfa í félaginu hefur ekki verið lægra síðan seint í ágúst á síðasta ári. Á eftir þeim fylgdi nýliðinn SPRON, Kaupþing, Glitnir, FL Group og Eimskipafélagið, sem fór niður um rúm þrjú prósent. Atlantic Petroleum hækkaði hins vegar um tæp fimmtán prósent á sama tíma í kjölfar tæplega þrjátíu prósenta falls í síðustu viku.



WILLIAM FALL, FORSTJÓRI STRAUMS

Pétur segir alþjóðlega hlutabréfamarkaði nú stjórnast af fréttum af fjármálafyrirtækjum, sem flestar hverjar hafi verið neikvæðar en slíkt valdi sveiflum á verði hlutabréfa nú. Hann bendir á að kennitölur fyrirtækja í Kauphöllinni sýni engu að síður að grunnur þeirra sé traustur. „Til lengri tíma litið eru verð hlutabréfa hagstæð,“ segir Pétur. „Ég held að það sé engin ástæða fyrir menn að örvænta.“ **- jab**

**LÆKKUN Á GENGI FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA***

| Fyrirtæki | Gengisbreyting |
|---|---|
| Eik banki | -7,59% |
| Exista | 15,98% |
| Glitnir | -10,43% |
| FL Group | -14,29% |
| Föroya banki | -9,38% |
| Landsbankinn | -13,44% |
| Kaupþing | -17,55% |
| Straumur-Burðarás | -18,94% |

* Síðustu fjórar vikur

## Nýr forstjóri Merrill Lynch

John Thain, forstjóri bandarísk-evrópsku kauphallarsamstæðunnar NYSE Euronext var fyrir helgi ráðinn sem forstjóri bandaríska fjárfestingabankans Merrill Lynch. Ráðningin vakti heilmikla athygli enda í fyrsta sinn í 93 ár sem einstaklingur sem ekki starfar með beinum hætti í fjármálageiranum er ráðinn í svo mikilvæga stöðu.



JOHN THAIN

Thain tekur við af Stan O'Neal, fyrrverandi forstjóra Merrill Lynch, sem tók poka sinn eftir að bankinn skilaði tapi í fyrsta sinn í sex ár vegna geysihárra afskrifta í tengslum við fasteignalán í Bandaríkjunum. **- jab**



## Storebrand fær leyfi ráðuneytis

**Norska tryggingafélagið Storebrand hefur fengi leyfi frá norska fjármálaráðuneytinu til að taka yfir SPP, sem er sænskt líftryggingafélag í eigu Handelsbanken. Kaupþing er stærsti hluthafinn í Storebrand. Kaupþing og Exista fara saman með tæp þrjátíu prósent í félaginu.**

**Stjórnendur Exista hafa gefið út að þeir muni taka þátt í hlutafjáraukningu Storebrand til þess að fjármagna þessi kaup. Gefa á út 200 milljónir hluta á genginu 45 norskar krónur. Það jafngildir um hundrað milljörðum íslenskra króna. Í Vegvísi Landsbankans kemur fram að svo lágt gengi hafi ekki verið á Storebrand síðan 2004.**

**„Afslátturinn kemur nokkuð á óvart en ætti að tryggja að fjármögnun á yfirtökunni gangi eftir þrátt fyrir erfiðar markaðsaðstæður,“ segir í Vegvísinum.** **- bg**

## Mistök leiðrétt í Kauphöllinni

Felld voru niður fyrstu viðskipti með hlutabréf Føroya Banka í Kauphöllinni í gærmorgun. Heimild er til að fella niður viðskipti þar sem augljós mistök hafa verið gerð í framsetningu kaup- eða sölutilboðs.

Niðurfelldu viðskiptin voru á genginu 220 danskar krónur á hlut en þá um morguninn gengu bréf bankans kaupum og sölum nálægt 190 dönskum krónum á hlut. Fram kemur í tilkynningu Kauphallarinnar í gær að niðurfellingin hafi verið gerð á grundvelli reglur 5.7.3 í aðildarreglum NOREX. **- óká**



**ROBERT FRANCIS KENNEDY FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1925.**

*„Einungis þeir sem þora að hætta á að mistakast stórkostlega geta náð stórkostlegum árangri.“*



***Robert F. Kennedy var bróðir Bandaríkjaforsetans John F. Kennedy. Hann var dómsmálaráðherra árin 1961-1964 og var einn af helstu ráðgjöfum forsetans. Hans er einna helst minnst fyrir framlag sitt til réttindabaráttu svartra Bandaríkjamanna. Hann hlaut útnefningu Demókrataflokksins sem forsetaefni en var skotinn 5. júní árið 1968 og lést degi síðar.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 20. NÓVEMBER 1889

## Fyrsta sinfónía Mahlers frumflutt



Gustav Mahler var austurrískt tónskáld við lok rómantíska tímabilsins en á sínum tíma var hann einna þekktastur sem hljómsveitarstjóri. Hann var 28 ára gamall þegar hann byrjaði að semja Sinfóníu númer 1 í D-dúr. Hún var þó áfram í smíðum á árunum 1888-1894 en var frumflutt í Búdapest þennan dag árið 1889 og átti eftir að taka nokkrum breytingum síðar meir. Þessi sinfónía varð síðan upphafið að annarri viðameiri í c-moll.

Mahler samdi meðal annars níu sinfóníur og mikið af sönglögum. Hann hóf píanónám sex ára gamall og þegar hann var fimmtán ára komst hann inn í Konservatoríið í Vín þar sem hann lærði aðallega píanóleik en þó eitthvað í tónsmíðum. Eftir þrjú ár þar fór hann í Vínarháskóla þar sem hann lærði meðal annars hjá Anton Bruckner og lærði hann heimspeki og sögu ásamt tónlist. Meðan á námi stóð samdi Mahler sína fyrstu alvarlegu tónsmíð, Das klagende Lied. Hann hóf stjórnunarferil sinn árið 1880 og sjö árum síðar stjórnaði hann Niflungahringnum eftir Wagner, sem var það tónskáld sem hafði einna mest áhrif á Mahler. Til gamans má geta þess að Mahler hélt því fram að allar sínar sinfóníur væru „níundu“ en með því átti hann við að þær væru allar af svipuðum mikilfengleik og níunda sinfónía Beethovens. Auk þess var Mahler hjátrúarfullur og taldi að tónskáld létust alltaf eftir sína níundu sinfóníu og þess vegna gaf hann sinni níundu sinfóníu ekkert númer. Hann lést engu síður á meðan hann var að skrifa sína tíundu sinfóníu árið 1911. Í seinni tíð hefur Mahler verið talið eitt merkasta tónskáld síðrómantíska tímabilsins en á meðan hann lifði var tónlist hans ekki fyllilega viðurkennd af ráðandi öflum tónlistargeirans.

**MERKISATBURÐIR**

- **1763** Hóladómkirkja vígð og stendur hún enn.
- **1929** Fyrsta einkasýning Salvadors Dalí.
- **1959** Viðreisnarstjórnin, samsteypustjórn Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks undir forsæti Ólafs Thors, tekur við völdum og situr hún lengur en nokkur önnur íslensk ríkisstjórn.
- **1959** Sameinuðu þjóðirnar samþykkja Barnasáttmálann.
- **1992** Eldur kviknar í Windsorkastala, heimili Elísabetar Bretlandsdrottningar.
- **1995** Díana prinsessa viðurkennir í sjónvarpsviðtali að hafa haldið framhjá Karli Bretaprins.
- **2003** Breska ræðismannsskrifstofan og banki sprengd í Istanbúl og létust 27.

# Uppbyggilegar forvarnir

Næsta miðvikudag verður haldinn forvarnadagur í öllum grunnskólum landsins. Í níundu bekkjum grunnskólanna verður dagskrá helguð baráttunni gegn fíkniefnum og er áhersla lögð á uppbyggilegar forvarnir og þátttöku ungmennanna sjálfra.

Forvarnadagurinn var haldinn í fyrsta sinn í fyrra undir kjörorðinu „Taktu þátt! Hvert ár skiptir máli!“ og var það að frumkvæði forseta Íslands, herra Ólafs Ragnars Grímssonar. Aðrir bakhjarlar eru Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og lyfjafyrirtækið Actavis sem er aðalstuðningsaðili verkefnisins.



**FORVARNADAGURINN KYNNTUR Í HAGASKÓLA** Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Brynhildur Magnúsdóttir nemi og Róbert Wessman hlýða á orð forseta Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Barnasáttmálinn fullorðnast

Útbreiddasti mannréttindasáttmáli heims, Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, verður átján ára í dag. Í tilefni þess efnir Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna á Íslandi til málþings í Norræna húsinu í dag kl. 14-16.30. Þingið er öllum opið og aðgangur ókeypis. Einar Benediktsson, stjórnarformaður UNICEF á Íslandi, setur málþingið og Jóhanna Vilhjálmsdóttir dagskrárgerðarmaður stýrir því. Þar munu Þórhildur Líndal, Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna, og Lucy Smith frá Alþjóðlegu barnaréttarnefndinni flytja erindi. Barnakór Kársness syngur, Ungmennaráð UNICEF á Íslandi sýnir eigið myndband um sýn barna á réttindi, boðið verður upp á veitingar og að lokum verða pallborðsumræður með fyrirlesurum og öðrum góðum gestum.



**BARNASÁTTMÁLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA** Er útbreiddasti mannréttindasáttmáli heims og er átján ára í dag.



**MÓTETTUKÓRINN** Hörður hefur verið við stjórn kórsins frá upphafi og er hann honum mjög kær enda hefur hann fylgt honum lengi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**HÖRÐUR ÁSKELSSON:** FAGNAR 25 ÁRA AFMÆLI MÓTETTUKÓRSINS

# Margt sem stendur upp úr

Mótettukór Hallgrímskirkju fagnar 25 ára afmæli á árinu. Hörður Áskelsson hefur stjórnað kórnum frá upphafi og minnist þess þegar fyrstu tónleikarnir voru haldnir.

„Fyrstu tónleikarnir voru í septemberbyrjun, viku eftir að auglýst var eftir kórfélögum,“ segir Hörður kíminn og heldur áfram: „Ég var nýbúinn að taka við minni stöðu í Hallgrímskirkju og hafði ákveðið að stofna kór með ungu fólki. Svo kom það upp að við vorum að fara að halda tónleika með Andreasi Schmidt, góðvini mínum og söngvara, en hann átti að syngja tvær stórar einsöngskantötur eftir Bach. Önnur þeirra var með lokasálmi fyrir kór svo það vantaði kór fyrir það. Þá var drifið í að setja auglýsingu í blaðið og auglýst var eftir fólki á aldrinum 20-40 ára með kórreynslu. Það komu um þrjátíu manns sem við tókum inn.“ Þarna var kominn Mótettukór Hallgrímskirkju sem starfað hefur óslitið síðan. „Aldursviðmiðin hrundu náttúrlega eftir að stjórnandinn áttaði sig á því þegar hann varð fertugur að það væri líf eftir fertugt og þá breyttist skoðun hans á getu við aldur,“ segir Hörður glettinn en bætir við að kórinn hafi þó alltaf haft fremur lágan meðalaldur.

Þegar talið berst að hápunktum í starfi kórsins verður stjórnandanum erfitt um vik að velja úr umfangsmikilli verkefnaskrá.„Það sem ég undrast einna helst er hve hratt árin hafa liðið. Mér finnst þau í raun vera örfá þar til ég skoða hvað kórinn er búinn að flytja mikið af tónlist og hve mörg og stór verk hafa verið flutt í fyrsta skipti á Íslandi. Þó verð ég að nefna Passíu Hafliða Hallgrímssonar og Jólaóratoríu Johns Speight. Þetta eru tvö stórvirki sem við höfum frumflutt og hafa komið út á geisladiski,“ segir Hörður en bætir við að auk þess standi hátt í minningunni flutningur á h-moll messunni síðasta sumar, Matteusarpassían fyrir tveimur árum og Saul eftir Händel fyrir mörgum árum. „Einnig höfum við oft átt stórar stundir í flutningi á tónlist án undirleiks eins og til dæmis messu Franks Martin eða köflum úr Vesper eftir Rachmaninoff“, segir Hörður.

Mótettukórinn hefur átt trausta bakhjarla um árin. „Það er gríðarlega mikilvægt og einkennandi fyrir starf þessa kórs að hafa tengslin við Hallgrímskirkju. Við störfum við mest áberandi kirkju landsins og njótum þar mikilla forréttinda sem gerir þennan kór sérstakan og verður það seint fullþakkað,“ segir Hörður.

Það sem er næst á döfinni eru árlegir jólatónleikar Mótettukórsins í Hallgrímskirkju og verða þeir 2. desember næstkomandi klukkan fimm. „Tónleikarnir eru í röð tónleika sem við flytjum fyrir aðalstyrktaraðila okkar SPRON og þar erum við að flytja aðventu- og jólatónlist með sérstakri áherslu á franska jólatónlist. Auk þess syngjum við lög tengd Betlehem og Betlehemsstjörnunni,“ útskýrir Hörður. Með kórnum syngur Gissur Páll Gissurarson tenór og strengjasveit með Guðnýju Guðmundsdóttur konsertmeistara leikur undir ásamt Birni Steinari Sólbergssyni orgelleikara.

**hrefna@frettabladid.is**




†

*Innilegar þakkir til allra sem auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður míns, tengdaföður okkar, afa, og langafa,*

**Ólafs J. Einarssonar,**

áður Hofslundi 19, Garðabæ.

**Sjöfn Ólafsdóttir** **Eyjólfur Sigurðsson**
**Inga Jóna Andrésdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Gunnar Páll Ívarsson,**

Norðurfelli 7,

sem lést laugardaginn 10. nóvember, verður jarðsunginn frá Fella- og Hólakirkju miðvikudaginn 21. nóvember kl. 13.00.

**Jónína Ragnarsdóttir**
**Andrea Margrét Gunnarsdóttir**
**Katrín Sylvía Gunnarsdóttir** **Gunnþór Jónsson**
**Gunnar Páll Torfason**
**Heimir Páll Ragnarsson**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sigurður Kr. Árnason**

skipstjóri,

lést að heimili sínu á Hrafnistu í Hafnarfirði, sunnudaginn 18. nóvember sl. Útförin auglýst síðar.

**Friðrik Sigurðsson** **Margrét Hlíf Eydal**
**Steinar Sigurðsson** **Helga Sigurjónsdóttir**
**Árni Þór Sigurðsson** **Sigurbjörg Þorsteinsdóttir**
**Þórhallur Sigurðsson** **Ene Cordt Andersen**
**Sigurður Páll Sigurðsson**
**barnabörn.**

# STÓR ÚTSALA Á UPPÍTÖKUBÍLUM

Frábær afsláttur!
Frábært verð!

**ATH!**
**Fyrsta afborgun 5. mars. 2008**

**ATH!**
**Kr. 50.000 til 100.000 gjafakort frá Smáralind fylgir öllum bílum.**

**100% lán í allt að 84 mánuði**

**Gott úrval á staðnum - Dæmi um bíla á útsölu:**

Verð áður kr. 1.470 þús.
**Útsöluverð kr. 1.240 þús.**




**Renault Megane II, árg 2004 ek. 47 þús - sjsk.**

Ekkert út og 18.100 á mánuði.
Fyrsta afborgun 5. mars 2008.*

Verð áður kr. 1.390 þús.
**Útsöluverð kr. 1.130 þús.**




**Citroen Xsara, árg 2004 ek. 52 þús - bsk.**

Ekkert út og 16.500 á mánuði.
Fyrsta afborgun 5. mars 2008.*

Verð áður kr. 980 þús.
**Útsöluverð kr. 820 þús.**




**Nissan Almera, árg 2004 ek. 81 þús - bsk.**

Ekkert út og 11.950 á mánuði.
Fyrsta afborgun 5. mars 2008.*

Verð áður kr. 1.330 þús.
**Útsöluverð kr. 1.060 þús.**




**Renault Scenic, árg 2003 ek. 100 þús - bsk.**

Ekkert út og 17.700 á mánuði.
Fyrsta afborgun 5. mars 2008.*

*Bílasamningur m.v. 100% lán og mánaðarlegar greiðslur í allt að 84 mánuði, sem eru háðar breytilegum vöxtum og gengi erlenda mynta. Gengiskarfa 50% JPY / 50% CHF.

**Með hverjum útsölubíl fylgir gjafakort í Smáralind.**
**Bílar yfir 1 milljón = 100.000 kr. gjafakort**
**Bílar undir 1 milljón = 50.000 kr. gjafakort**

Smáralind




**Opið virka daga frá kl. 09 til 18**
**og á laugardögum frá kl. 12 til 16.**

bílaland B&L notaðir bílar

**bilaland.is**
**Grjóthálsi 1 - 575 1200**




## STUÐ MILLI STRÍÐA Morðatíðindi

**SUNNU DÍS MÁSDÓTTUR** LANGAR AÐ LESA UM FLEIRA EN DRÁPSÆÐI UM JÓLIN



Á þessum tíma árs fara pistlarnir mínir, eins og bróðurparturinn af heilastarfsemi minni, að snúast um jólagjafir, jólaskraut, jólakonfekt og innpökkun á jólagjöfum (ef ég ætti að gera lista yfir uppáhaldshlutina mína, í anda Maríu vinkonu minnar úr fyrstu bíómyndinni sem ég man eftir að hafa séð, væri jólagjafainnpökkun efst á blaði). Að áeggjan fólks í nánasta umhverfi mínu hef ég fallist á að byrja ekki að velta mér upp úr jólakonfekti – í óeiginlegri merkingu – fyrr en desember gengur í garð, og því verð ég að láta mér nægja að sökkva mér ofan í jólabækurnar enn um sinn.

Eftir að hafa keypt fyrstu jólagjafirnar nú um helgina (sem var úrskurðað „nauðsynlegt“ og féll því ekki undir brot á loforðum um jólaþagnarbindindi) kom ég mér þess vegna vel fyrir í sófanum mínum með tíðindi úr bókaútgáfu sem ég missi oftar en ekki svefn af spenningi yfir.

Í ár er ekki þverfótað fyrir glæpasögum. Önnur hver efnislýsing í tíðindunum góðu hefst á orðinu lík, morð eða blóð. Ég held að ég hafi alveg jafn gaman af glæpasögum og hver annar, og hef stofnað til kynna við Hercule, Sherlock, Erlend, Robert Langdon og fjölda annarra snillinga í gegnum tíðina. Ég er nú samt þannig úr garði gerð að mig langar líka að kynnast einhverri hetju sem einblínir ekki á dauða og morðgátur.

Glæpasöguæðið margumtalaða er að vissu leyti af hinu góða. Glæpasögur eru ekki lengur annars flokks bókmenntir, sem er hið allra besta mál. Mér finnst nú samt óþarfi, í minni eigingirni, að þær skipi alla flokka frá fyrsta og upp í tíu.

Fyrir mína parta má næsta æði gjarnan snúast um skáldsögur þar sem meinatæknar koma hvergi við sögu, blóði drifnir hnífar birtast bara í draumum og fólk er almennt ekki haldið miklu drápsæði. Hvað segist um samkeppni um næstu Toni Morrison? Steinunni Sigurðar? Sue Monk Kidd?

# myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# Já, við erum hreykin enn og aftur!

**PHILIPS** VINNUR **EISA** VERÐLAUNIN 2007-2008
FYRIR **HÁSKERPU FLATSKJÁ** OG **HEIMABIÓKERFI**

Hin virta dómnefnd óháðra blaðamanna frá European Imaging & Sound Association (EISA) hefur veitt **Philips** viðurkenningu fyrir tækniþróun og nýsköpun á sviði afþreyingartækni fyrir heimili með tveimur eftirsóttum tækniverðlaunum.

**European Full-HD LCD-TV 2007-2008**
„...skilar hreint ótrúlegum gæðum í fullri **High Definition** upplausn. Jafnvel fíngerðustu smátriði eru skýr og greinileg í 1920x1080p upplausn. Öll hreyfing er skýrari og eðlilegri með hjálp hinnar framúrskarandi **Perfect Pixel HD Engine** myndtækni frá **Philips**“, eins og segir í skýrslu **EISA** nefndarinnar um **47PFL9752D**.




**SJÓNVARPIÐ FÆST Í 37", 42" OG 47" ÚTFÆRSLUM**

Powered by ambi light

EISA AWARD Best Product 2007-2008
FULL-HD LCD-TV
Philips 47PFL9732D



EISA AWARD Best Product 2007-2008
HOME THEATER COMPACT SYSTEM
Philips HTS8100

**European Home Theater Compact System 2007-2008**
Ólíkt hefðbundnum heimabíókerfum með aðskildum hátölurum er **HTS8100** grundvallað á **Ambisound** tækninni frá **Philips** sem skilar alvöru 5.1 rása hljóðgæðum úr einu sambyggðu tæki.

**EISA dómnefndin lofar hönnunina sérstaklega**
„Þessi hönnun virkar einstaklega vel með flatskjám og skilar öllu sem til er ætlast.
Afgerandi heimabíóupplifun“.

**PHILIPS**
sense and simplicity




| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 36 | GARÐARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700 |

**Heimilistæki**

ht.is

! **Kl. 17**
*Reykjavíkurakademían stendur fyrir umræðufundi í húsnæði sínu að Hringbraut 121 í dag kl. 17. Umræðuefni fundarins eru grunngildi samfélagsins. Mælendur á fundinum eru Miriam Rose sem hefur tekið þátt í mótmælum Saving Iceland, Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir og Viðar Þorsteinsson heimspekingur.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Æsispennandi kvöld með krimmum

Bókaforlagið Bjartur stendur fyrir upplestrarkvöldi á kaffihúsinu Súfistanum í Bókabúð Máls og menningar á Laugavegi 18 annað kvöld kl. 20.30. Þetta verður krassandi kvöldstund þar sem lesið verður úr nýútkomnum glæpasögum.

Ingunn Ásdísardóttir les upp úr þýðingu sinni á bókinni Drápin eftir Andreu Mariu Schenkel. Bókin byggist á sönnum atburðum sem áttu sér stað í Þýskalandi um miðja síðustu öld. Á bóndabænum Tannöd fundust lík allra heimilismanna og af verksummerkjum að dæma höfðu þau öll verið myrt. Meðal hinna látnu voru hjónin á bænum, en þau höfðu orð á sér fyrir að vera gráðug, illskeytt og skapstygg. Margir í sveitinni áttu í útistöðum við hjónin og því var nokkur fjöldi fólks sem lá undir grun. Málið er þó enn óupplýst þrátt fyrir að reynt hafi verið að upplýsa það allt fram til þessa dags.

Lesið verður upp úr Horfinn eftir Robert Goddard, í þýðingu Ugga Jónssonar. Bókin segir frá Lance Bradley sem lifir viðburðasnauðu lífi þar til systir gamals vinar hans biður hann um hjálp. Vinurinn, Rupert Alder, er horfinn en allt útlit er fyrir að hann hafi verið potturinn og pannan í svikamyllu sem hefur haft fé af fyrirtæki nokkru.

Yrsa Sigurðardóttir les upp úr bók sinni Aska, sem kemur út á fimmtudaginn, en vonir standa til að nokkur eintök verði komin í Bókabúð Máls og menningar á miðvikudagskvöldið. Sumarið 2007 koma í ljós líkamsleifar við uppgröft húss sem fór undir ösku í eldgosinu í Eyjum árið 1973. Á sama tíma finnst kona myrt í Reykjavík. Þóra Guðmundsdóttir lögmaður, sem lesendur þekkja úr fyrri bókum Yrsu, glímir við að finna tengsl á milli þessara voðaverka.

**- vþ**



**YRSA SIGURÐARDÓTTIR** Metsöluhöfundurinn Yrsa les úr glænýrri spennusögu sinni annað kvöld.




# Konfekt fyrir munn og eyru

**Bryddað verður upp á spennandi nýjung í tónleikahaldi í Hafnarhúsinu næstkomandi föstudagskvöld þegar fyrstu tónleikar í röðinni Kökukonsertar fara fram. Á tónleikunum verður kökugerðarlist og tónlist blandað saman á eftirminnilegan hátt.**

Skipuleggjendur tónleikanna eru söngkonurnar Hallveig Rúnarsdóttir og Margrét Sigurðardóttir og hafa þær fengið til liðs við sig súkkulaðigerðarmeistarann Hafliða Ragnarsson til þess að skapa óvenjulega listupplifun. „Tilgangurinn með þessum tónleikum er að reyna að brjóta upp þetta hefðbundna tónleikaform,“ segir Margrét.

„Okkur langar til þess að fara nýja leið í tónleikahaldi og bjóða áhorfendum upp á aðra reynslu en að þeir sitji í sínu rými og að við tónlistarmennirnir fremjum okkar list í okkar rými. Slík upplifun er oft afar formleg og stíf. Mikið af sígildri tónlist var upphaflega flutt á litlum stofutónleikum þar sem mikil nánd ríkti og áhorfendur gátu gætt sér á veitingum á meðan þeir hlýddu á tónlistina. Þessi stemning var heimilisleg og afar ólík þeirri sem ríkir í tónleikasölum í dag. Með kökukonsertunum langar okkur til þess að endurvekja þessa tónlistarupplifun.“

Á þessum fyrstu tónleikum verður boðið upp á nýja og nýlega íslenska tónlist í bland við góðgæti frá Hafliða. Þær Margrét og Hallveig koma að sjálfsögðu fram ásamt hörpuleikaranum Katie Buckley, sellóleikaranum Sigurgeiri Agnarssyni, slagverksleikaranum Frank Aarnink og raftónlistarmanninum Guðmundi Vigni Karlssyni, sem þekktur er undir listamannsnafninu Kippi Kanínus. Flutt verður frumsamin tónlist eftir þau Frank, Guðmund og Margréti en einnig verður sótt í smiðju Snorra Sigfúsar Birgissonar og Sigursveins Magnússonar. Stefnt er að því að halda tvenna tónleika á ári í röðinni og verður nýtt þema á tónleikunum hverju sinni.

„Þrátt fyrir að súkkulaðigerð flokkist yfirleitt ekki til listgreina verður að segjast að Hafliði er sannkallaður listamaður á sínu sviði og því verður afar spennandi að sjá hvað hann býður upp á á föstudag. Að njóta góðs matar er lífsnautn og það sama má segja um áhlustun góðrar tónlistar. Við ætlum að sameina þetta tvennt og því ætti útkoman ekki að svíkja nokkurn mann,“ segir Margrét að lokum.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20 og er miðaverð 1.800 kr.

**vigdis@frettabladid.is**



**MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR OG HAFLIÐI RAGNARSSON** Listamenn hvort á sínu sviði.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON







# Hefnd bóksalans í Kabúl

Bókin Bóksalinn í Kabúl eftir norska blaðamanninn Asne Seierstad dró upp afar gagnrýna mynd af afgönsku samfélagi.

Svo óheppilega vill þó til að Shah Muhammad Rais, sjálfur bóksalinn sem bókin fjallar um, er afar ósáttur við myndina sem sagan dregur upp af afgönsku samfélagi og honum sjálfum. Hann hefur ítrekað ásakað Seierstad um að afbaka sannleikann, en lítið mark hefur verið tekið á honum fram til þessa. Nú hefur Rais tekið málin í sínar hendur og sjálfur skrifað bók þar sem hann segir sína hlið sögunnar. Bókin hefur ekki enn fengist útgefin, en í henni gagnrýnir Rais skrif Seierstad harðlega.

Metsölubókin Bóksalinn í Kabúl er byggð á reynslu Seierstad, en hún bjó um tíma hjá Rais, konunum hans tveimur og börnunum þeirra í Kabúl. Í bókinni fjallar Seierstad um hvernig Rais stýrði heimili sínu með harðri hendi og kúgaði eiginkonur sínar tvær til hlýðni við sig.

Rais hefur áratugum saman starfað við að selja bækur í Kabúl, oft í óþökk talibananna sem gættu þess vandlega að hann seldi ekki bækur sem gætu talist andíslamskar. Rais segir þó að meðferð talibananna hafi verið smámunir miðað við þá niðurlægingu sem hann upplifði eftir útkomu bókar Seierstad.

Í Bóksalanum frá Kabúl er því meðal annars haldið fram að Rais hafi reynt að fela þá staðreynd að „heiðursmorð“ hafi átt sér stað innan fjölskyldu sinnar. Þegar bókin kom út var yfirhylmingunni slegið upp í afgönskum dagblöðum og Rais fordæmdur. Rais viðurkennir að morðið hafi átt sér stað en hann vildi ekki ljóstra því upp af ótta við hefnd frá öðrum fjölskyldumeðlimum. Rais segir að fjölskyldu hans standi nú svo mikil ógn af hefndaraðgerðum að báðar konur hans og börn hafi leitað hælis í öðrum löndum og því sé hann nú einn eftir í Kabúl.

Allt frá því að Bóksalinn í Kabúl kom fyrst út hefur Rais ótal sinnum farið til Noregs til þess að fá Seierstad til þess að draga skrif sín til baka. Hann hefur einnig reynt að kæra hana fyrir ærumorð. Rais segist aldrei ætla að gefast upp við að reyna að hreinsa nafn sitt og annarra Afgana. „Hún hefur sagt heiminum að Afganar séu villimenn, en hún var bara í Kabúl í nokkrar vikur og gat því ekki sett sig inn í menningu okkar eða skilið hana á nokkurn hátt,“ segir Rais.

Seierstad hefur tekið skrifum Rais af stillingu. Hún segist standa við sannleiksgildi bókar sinnar og segir að Rais sé frjálst að segja sína hlið á málinu sé hann ósáttur við skrif hennar.

**- vþ**



**ASNE SEIERSTAD** Norskur rithöfundur sem sló í gegn með Bóksalanum frá Kabúl.

# Láttu þér líða vel um jólin

## Slide Back rúm á jólatilboði





Passion rúmin eru afar vönduð og tvímælalaust með bestu rúmakaupunum sem hægt er að gera í dag.

Þráðlaus fjarstýring með barnalæsingu fylgir Passion rúmunum og kraftmiklir en hljóðlátir rafmagnsmótorar gera það að verkum að Passion rúmið færist mjúklega og hljóðlega í hvaða stöðu sem þú velur.

DÖNSK HÖNNUN
DÖNSK GÆÐI

Hægt er að velja úr fjölmörgum útgáfum af fótum og áklæði fyrir rúmin frá Passion










hönnun: www.origami-art.net

Úrval af glæsilegum hægindastólum og hægindasófum með rafdrifnum stillingum. Náttborð og rúmgaflar í miklu úrvali.
Flott jólatilboð í gangi.



**LÚR**
BETRI HVÍLD

**LÚR - BETRI HVÍLD**
HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100
WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS

Opnunartímar:
mán–fös 10:00 – 18:00
lau 11:00 – 16:00

Þú sefur betur í rúmi frá Lúr



# Jólaskreytingakvöld

Nú er komið að okkar vinsælu jólaskreytingakvöldum.

Jólaskreytingakvöld miðvikudag 21. nóv. og fimmtudag 22. nóv. kl 20-22 í glæsilegri verslun Blómavals í Skútuvogi.

Skreytingameistarar og starfsfólk Blómavals taka á móti gestum og sýna það nýjasta og flottasta í jólaskreytingum og skrauti. Uppákomur og kynningar. Skráið ykkur í síma 5 800 500. eða á blom@blomaval.is

Takmarkaður sætafjöldi - ókeypis aðgangur.

blómaval
heillandi heimur



*„Ég myndi elska að vera kölluð kynþokkafull, þó ekki væri nema einu sinni. Bara af því að þá væri ég að minnsta kosti eitthvað annað en sæt.“*

**LEIKKONAN JENNIFER LOVE HEWITT** hefði varla mikið á móti því að komast á lista yfir kynþokkafyllstu stjörnurnar.



*„Mig langar að vera eins og Britney. Kannski betri, en ég vil ekki skyggja á hana!“*

**LITLA SYSTIR BRITNEY, JAMIE LYNN SPEARS,** virðist vera á báðum áttum með hversu mikið hún vill líkjast stóru systur.



*„Ég þoli ekki sæta stráka. Ég vil frekar strák með bumbu en strák sem er í ræktinni alla daga og er meðvitaður um hvað hann borðar.“*

**SMEKKUR HEROES-GELLUNNAR ALI LARTER** ætti að gleðja einhverja drengi.

# Fólk

folk@frettabladid.is



**PÁLL ÓSKAR** Páll Óskar hélt uppi feiknastuði enda ekki þekktur fyrir neitt annað.



**LITRÍKT** Stemningin var einstaklega litrík og góð á Nasa á laugardagskvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Feiknastuð hjá Páli Óskari

**Tónlistarmaðurinn Páll Óskar Hjálmtýsson hélt útgáfutónleika á Nasa á laugardagskvöld til að fagna sinni fyrstu dansplötu í átta ár, Allt fyrir ástina.**

Eins og búast mátti við var troðfullt á tónleikunum og hélt Páll Óskar uppi feiknastuði. Spilaði hann lögin af nýju plötunni auk þess sem eldri slagarar fengu að fylgja með.



**SETH SHARP** Tónlistarmaðurinn Seth Sharp fylgdist með kollega sínum Páli Óskari troða upp.



**TVÆR Í STUÐI** Þessar tvær blómarósir voru í hörkustuði á Nasa.



Félagarnir Daddi og útvarpsmaðurinn Ívar Guðmundsson voru í góðum gír.



**RÚNAR OG DAVÍÐ** Útvarpsmaðurinn Rúnar Róbertsson og Idol-stjarnan Davíð Smári brostu út að eyrum.



**STEMNING** Eins og sjá má var stemningin á Nasa gríðarlega góð.

# Kókaínstjörnur gagnrýndar

Antonio Maria Costa, yfirmaður eiturlyfjaeftirlits Sameinuðu þjóðanna, hefur gagnrýnt stjörnurnar Amy Winehouse og Kate Moss harðlega fyrir að láta eiturlyf líta lokkandi og heillandi út. Hann varaði við þeim hættum sem steðja að Bretlandi frá kólumbískum eiturlyfjabarónum og hafa slæm áhrif á líf milljóna Afríkubúa, þar sem lyfin eru flutt í gegnum þá heimsálfu.

„Sjáið bara Kate Moss, sem fær enn þá frábær verkefni eftir að hafa verið mynduð við að sniffa kókaín. Rokkstjörnur eins og Amy Winehouse verða frægar af því að syngja „Ég ætla ekki í meðferð“, þó að hún hafi virkilega þurft á því að halda og að lokum leitað sér hjálpar,“ segir Costa, og vísar þar með í lag Winehouse, Rehab.

„Eitt sniff hér og þar í Evrópu veldur öðrum harmleik í Afríku, og bætir þar með við fátæktina, atvinnuleysið og farsóttirnar,“ segir hann.



**AFHJÚPUÐ** Eiturlyfjaneysla Kate Moss var fest á filmu í september 2005, en sú afhjúpun hefur ekki dregið mikinn dilk á eftir sér fyrir fyrirsætuna.

Kókaínneysla Kate Moss var fest á filmu í september 2005. Eftir heimsskandal var fyrirsætan þó fljót að ná sér á strik aftur og krækti í samninga við risahönnuði eins og Christian Dior í kjölfarið. Winehouse tók of stóran skammt eiturlyfja í ágúst á þessu ári og dvaldist í kjölfarið á meðferðarheimili um stund. Hún virðist þó ekki hafa náð fullum bata.



**HEILLANDI** Yfirmaður eiturlyfjaeftirlits Sameinuðu þjóðanna hefur gagnrýnt Amy Winehouse fyrir að láta eiturlyf líta lokkandi út fyrir áhorfendur.




Rannsóknir sýna að ein besta forvörnin gegn fíkniefnum er

# að sniðganga áfengi sem lengst

Kynntu þér málið á www.forvarnardagur.is

FORVARNARDAGURINN

**TAKTU ÞÁTT!**

HVERT ÁR SKIPTIR MÁLI

**Miðvikudagurinn 21. nóvember** er forvarnardagur í öllum grunnskólum landsins. Ofangreind fullyrðing er byggð á áralöngum rannsóknum fræðimanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík á hegðun ungmenna og hvað skilar árangri í forvörnum. Forvarnardagurinn er samstarfsverkefni eftirfarandi aðila:

Forseti Íslands · Reykjavíkurborg · UMFÍ · SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Verkefnið er styrkt af actavis



Ímyndaðu þér nýja
óperu eftir Verdi.
BMW X5
Ímyndaðu þér nýtt meistaraverk
með fullkominn samhljóm.
B&L
Með bílinn handa þér
NÝR BMW X5. Fágæt upplifun,
sem höfðar til þín á marga vegu. Nútímaleg hönnunin er hrein veisla fyrir augað, á meðan þýður gangurinn lætur sem tónlist í eyrum, hvort heldur á í hlut lágvær söngur línusexunnar eða hljómfagrir tónar V8 vélarinnar.
Það gerir síðan ekkert til, þó að þú hafir misst af síðustu uppfærslunni á La Traviata, þar sem framúrskarandi hljómflutningskerfi BMW X5 gerir hann að óperuhúsi á hjólum.
NÝR BMW X5
www.bmw.is
BMW
Sheer
Driving Pleasure
Eigum bíla til afgreiðslu strax. Komdu í reynsluakstur.
B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - www.bl.is

## > Bjarki dregur orð sín til baka

Bjarki Sigurðsson, þjálfari Aftureldingar, vandaði þeim Helga Hallssyni og Sigurjóni Þórðarsyni dómurum ekki kveðjurnar í viðtali við Fréttablaðið eftir leik HK og Aftureldingar á dögunum. Bjarki sér eftir því sem hann lét þar falla og hefur því sent frá sér svohljóðandi yfirlýsingu: *„Vegna ummæla minna í Fréttablaðinu um daginn vegna leiks HK og UMFA en þar set ég út á dómara leiksins þá Helga og Sigurjón, og tala þar um að lið mitt UMFA hafi verið tveimur leikmönnum færri nær allan leikinn. Þessi ummæli mín eiga engan rétt á sér og eru sögð í hita leiksins, vil ég því biðja þá félaga velvirðingar á mínum orðum og dreg þau hér með til baka,“* segir Bjarki í yfirlýsingunni.



**sport**
sport@frettabladid.is

GEOF KOTILA, ÞJÁLFARI SNÆFELLS: EKKI SÁTTUR VIÐ SPILAMENNSKU SINNA MANNA ÞAÐ SEM AF ER VETRI

# *Ekki sami neisti og baráttuandi og var áður*

Slæmt gengi Snæfells í Iceland Express-deild karla það sem af er vetri hefur vakið mikla athygli. Liðið er í sjötta sæti deildarinnar eftir átta leiki og hefur aðeins unnið þrjá leiki en tapað fimm. Nú síðast tapaði liðið óvænt heima gegn Fjölni og það sem meira er náði Snæfell ekki einu sinni að skora 60 stig í leiknum. Þjálfari liðsins, Geof Kotila, er eðlilega áhyggjufullur yfir þessu dapra gengi.

„Tapið gegn Fjölni kom okkur sjálfum ekki síst á óvart og það dylst engum að við erum í niðursveiflu þessa dagana,“ sagði Kotila en hann vildi meina að slæmt tap gegn Skallagrími síðasta föstudag hefði setið í mönnum en þar missti Snæfell niður sextán stiga forystu. „Leikurinn sat greinilega í mönnum enda hrikalega slæmt tap. Okkur gengur þess utan illa að skora stig. Það hjálpar ekki að Sigurður Þorvaldsson er búinn að vera veikur og var ekki nema skugginn af sjálfum sér gegn Fjölni.“

Snæfelli var spáð öðru sæti deildarinnar fyrir tímabilið en liðið er langt frá því að vera í sama klassa og bestu liðin eins og staðan er í dag. Kotila er löngu hættur að hugsa um toppbaráttuna enda þarf hann að hugsa um erfiðari og alvarlegri mál miðað við stöðu liðsins.



„Ég tel að fyrst og fremst þurfi viðhorf manna að breytast. Á meðan það gerist ekki verðum við í vandræðum. Það verður ekki auðvelt að snúa þessu gengi við enda leggst gengið eðlilega á sálina á mönnum. Nú snúast hlutirnir ekki um toppbaráttuna hjá okkur heldur hreinlega að halda lífi,“ sagði Kotila en lítil breidd hefur klárlega ekki hjálpað liðinu mikið. Það eru því gleðitíðindi að Magni Hafsteinsson sé byrjaður að spila aftur með liðinu en hann á eftir að komast í form enda nýfarinn af stað aftur.

„Gengið er vissulega mikil vonbrigði en það sem veldur mér mestum vonbrigðum er að leikmenn eru hreinlega ekki að berjast nógu grimmilega. Það er ekki sami neisti og baráttuandi hjá okkur nú og áður. Það vantaði alla grimmd og baráttu í menn gegn Fjölni og við gerum ekki mikið fyrr en við lögum þá hlið mála. Það er blessunarlega mikið eftir af mótinu og ég hef enn fulla trú á að við getum unnið okkur út úr vandamálunum og komið sterkir inn í seinni hluta mótsins.“

Steve Bruce:

# Frá Birmingham til Wigan

**FÓTBOLTI** Steve Bruce hefur verið ráðinn knattspyrnustjóri hjá Wigan. Hann kemur til liðsins frá Birmingham þar sem hann hefur verið við stjórnvölinn í sex ár.

Wigan greiðir Birmingham 3 milljónir punda í skaðabætur og Bruce mun fá um 2 milljónir punda í árslaun.

„Það er ekkert að borga 3 milljónir punda fyrir leikmann og ég tel ódýrt að fá stjóra eins og Bruce á þessu verði sem er í raun hálfgert gjafverð,“ sagði Dave Whelan, eigandi Wigan, en hann er mikill aðdáandi Bruce.

Bruce tekur við starfinu af Chris Hutchings sem var rekinn á dögunum. Þetta er í annað sinn sem hann starfar fyrir Wigan en hann stýrði liðinu til skamms tíma árið 2001.

**- hbg**

N1 DEILD KARLA
Þriðjudagur 20. nóv.
Ásvellir kl. 19.00
Haukar - Fram
Mýrin kl. 20.00
Stjarnan - ÍBV

# Hermann fyrirliði í stað Eiðs Smára

**Ólafur Jóhannesson, landsliðsþjálfari í knattspyrnu, hefur ákveðið að Hermann Hreiðarsson muni bera fyrirliðabandið í fjarveru Eiðs Smára Guðjohnsen í landsleiknum gegn Dönum á morgun. Landsliðið mun spila leikaðferðina 4-5-1. Allir leikmenn eru heilir og tilbúnir í átökin á Parken.**

**FÓTBOLTI** Ísland leikur lokaleik sinn í undankeppni EM á Parken annað kvöld. Mótherjar Íslands eru Danir. Bæði lið hafa í raun að engu að keppa en vilja klárlega enda riðlakeppnina á jákvæðum nótum. Leikurinn er fyrsti leikur liðsins undir stjórn Ólafs Jóhannessonar en hann hefur haft hópinn í höndunum síðan á laugardag. Liðið hefur æft nokkuð stíft og kláraði sína fimmtu æfingu í gærkvöldi. Lokaæfing liðsins fer síðan fram á Parken í kvöld.

„Ég hef verið að skoða mannskapinn og við höfum verið að fara vel yfir varnarleikinn og hvernig við ætlum að setja leikinn upp. Ég hef ákveðið að Hermann verði fyrirliði og við munum spila 4-5-1 leikaðferðina er við verjumst en 4-3-3 er við sækjum,“ sagði Ólafur við Fréttablaðið í gærkvöldi.

„Aðaláherslan er að loka vörninni og við verðum að hafa einhverjar leiðir í að sækja. Æfingar hafa gengið vel og það eru allir heilir, sem er mjög gott,“ sagði Ólafur en hann kann vel við sig í landsliðsþjálfarahlutverkinu.

„Þetta er svolítið öðruvísi en að vera með félagslið og mjög gaman. Það er góður andi í hópnum finnst mér og þjálfarateymið er mjög sátt við allt saman og bjartsýnt.



**GOTT SAMSTARF** Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari segir að samstarf sitt við Pétur Pétursson gangi vel og þeir séu ekki enn farnir að slást.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ég hafði engar fyrir fram gefnar hugmyndir um hvernig þetta starf væri en var staðráðinn í að hafa léttleika yfir þessu og leggja áherslu á að menn hefðu gaman af því sem þeir væru að gera.“

Ólafur er að starfa í fyrsta skipti með Pétri Péturssyni aðstoðarlandsliðsþjálfara en þeir þekktust sama sem ekki neitt áður en Ólafur ákvað að leita til Péturs. Hann segir samstarfið ganga vel.

„Samstarfið gengur frábærlega og við erum ekki farnir að slást enn sem komið er. Skárra væri það nú miðað við að samstarfið var að hefjast.

Pétur er frábær og skemmtilegur drengur og við erum ekkert langt frá hvor öðrum í fótboltahugmyndum. Við finnum lausnir á því í sameiningu sem við erum að gera,“ sagði Ólafur en annað nýtt andlit í þjálfarahópnum er Bjarni Sigurðsson landsliðsmarkvörður. Ólafur segist langt kominn með að velja liðið.

„Ég er kominn með beinagrind að liðinu og kannski aðeins meira en það. Liðið verður samt ekki gefið upp alveg strax en ég geri það væntanlega á liðsfundi á morgun [í dag],“ sagði Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari.

**henry@frettabladid.is**




51250 50
Auglýsingasími
Mest lesið

Íslandsmeistarar KR taka á móti tyrkneska liðinu Banvit í klukkan 19.15 í kvöld:

# Við berum enga virðingu fyrir tyrkneska liðinu og ætlum okkur sigur

**KÖRFUBOLTI** Íslandsmeistarar KR verða í eldlínunni í kvöld þegar þeir taka á móti tyrkneska liðinu Banvit BC í 32-liða úrslitum Euro-Cup. Þetta er fyrri leikur liðanna en síðari leikurinn fer fram ytra eftir viku.

Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, segist lítið vita um tyrkneska liðið enda hafi hann ekki fengið neinar spólur með leikjum liðsins.

„Við vitum að þetta lið á nóg af peningum og hefur innan sinna raða gríðarlega sterka Kana sem hafa NBA-reynslu. Þeir eru með eina þrjá Kana á sínum snærum en mega aðeins nota tvo í Evrópukeppninni.

Ég veit ekki hvaða Kanar spila gegn okkur ennþá,“ sagði Benedikt við Fréttablaðið í gær en tyrkneskur körfubolti er að hans sögn gríðarsterkur og stærstu liðin þar í landi hafa verið að gera flotta hluti í Evrópukeppnum síðustu ár.

„Þó svo að við vitum að þetta sé hörkulið berum við ekki virðingu fyrir einum né neinum. Við mætum til leiks með það að markmiði að vinna leikinn. Við ætlum okkur áfram í þessari keppni og ef það á takast er alveg ljóst að við verðum að fara með forskot til Tyrklands,“ sagði Benedikt.

KR-ingar fara utan á sunnudag en síðari leikurinn fer fram í mikilli gryfju sem tyrkneska liðið spilar í.



**BENEDIKT GUÐMUNDSSON** Mætir óhræddur til leiks með strákana sína gegn tyrkneska liðinu Banvit BC. Hann sést hér segja Avi Fogel hvernig eigi að gera hlutina.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Aðstæður þar verða klárlega talsvert öðruvísi en þær sem við eigum að venjast. Tyrkneskir áhorfendur eru nú ekki beint þekktir fyrir gestrisni né að hafa sérstaklega lágt þannig að við bíðum spenntir eftir því verkefni. Fyrst af öllu er að klára fyrri leikinn og koma okkur í þá stöðu að eiga möguleika í seinni leiknum,“ sagði Benedikt.

**- hbg**


Allt sem þú þarft…
Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins og það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.
FRÉTTABLAÐIÐ
…alla daga
Fíton/SÍA


**MÆTAST AFTUR** Fram og Stjarnan mætast í stórleik átta liða úrslitanna.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Eimskipsbikar karla:

## Meistararnir í Safamýrina

**HANDBOLTI** Dregið var í átta liða úrslit í Eimskipsbikar karla í hádeginu í gær.

Óhætt er að segja að drátturinn hafi verið tvískiptur þar sem í boði verða tveir stórleikir og svo tveir leikir þar sem minni spámenn eru á meðal þátttakenda.

Bikarmeistarar Stjörnunnar þurfa að sækja Fram heim í Safamýri en þessi lið áttust einmitt við í úrslitum bikarkeppninnar á síðustu leiktíð. Svo tekur Valur á móti Haukum.

Þróttur úr Vogum er óvænt í átta liða úrslitum en liðið tekur ekki þátt í deildarkeppninni. Liðið er þjálfað af Sigurði Vali Sveinssyni, fyrrum stórskyttu. Leikirnir fara fram 2. og 3. desember. - hbg

**DRÁTTURINN**

**8-liða úrslit:**

| | |
|---|---|
| Fram | Stjarnan |
| Valur | Haukar |
| Afturelding B | Akureyri |
| Þróttur Vogum | Víkingur |

# Býr sig undir lokahringinn með því að horfa á mynd með De Niro

**Birgir Leifur Hafþórsson er aðeins einum golfhring frá því að öðlast þátttökurétt á Evrópumótaröðinni annað árið í röð. Birgir Leifur lék vel aftur í gær en hann hefur verið mjög stöðugur á lokaúrtökumótinu. Hann ætlar að horfa á kvikmynd með Robert De Niro til þess að koma sér í gírinn fyrir lokahringinn.**

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson er í 17.-23. sæti þegar aðeins einn hringur er eftir á lokaúrtökumótinu fyrir Evrópumótaröðina. Hann kom í hús í gær á 71 höggi eða eina höggi undir pari. Birgir Leifur er samtals á fimm höggum undir pari og er jafn öðrum í 17.-23. sæti en 30 efstu kylfingarnir á mótinu öðlast þáttökurétt á Evrópumótaröðinni.

„Þetta er búið að ganga fínt og spilamennskan ágæt. Ég tel mig samt eiga meira inni og vonandi kemur það hjá mér á lokadeginum," sagði Birgir Leifur við Fréttablaðið í gær. Þó að staða Birgis sé góð er hún einnig viðkvæm og ljóst að hann má ekki við miklum áföllum á lokahringnum til þess að ná takmarki sínu.

„Þetta er einn þéttur pakki. Ég verð að passa mig því það er stutt í báðar áttir. Það er mikil spenna og hvert högg skiptir gríðarlegu máli. Stöðugleikinn hefur verið fínn hjá mér en ég hefði viljað komast undir 70 höggin," sagði Birgir Leifur en hann hefur minnst leikið á 70 höggum og mest á 73 höggum á þessum fimm hringjum.

Hann byrjaði á því að para fyrstu tvær brautirnar í gær en síðan fékk hann skolla á þriðju og sjöttu braut. Hann lét það ekki koma sér úr jafnvægi heldur fékk hann fugl á sjöunda, áttundu og níundu braut og litlu mátti muna að hann fengi einnig fugl á þeirri tíundu.

„Ég var að spila vel en púttin voru ekki alveg að detta. Ég reyndi bara að hugsa jákvætt og hugsa aðeins um eitt högg í einu. Mér leið strax betur þegar fuglarnir fóru að detta. Það hefur vantað að púttinn detti ofan í hjá mér, ég hef verið að pútta vel en það lekur oft rétt framhjá," sagði Birgir.

Það er aðeins einn hringur eftir hjá Birgi og hann mætir bjartsýnn til leiks. „Lokahringurinn leggst vel í mig. Ég mun halda áfram að hugsa jákvætt og reyna að gera hlutina með einföldum hætti. Ég hef engu að tapa en allt að vinna. Það kemur samt ekkert annað til greina en að komast áfram," sagði Birgir Leifur en hvað gerir hann til þess að búa sig undir hringinn mikilvæga?

„Ég hugsa mikið um öndun og svo finnst mér gott að slaka á og horfa á góða þætti eða mynd. Ég er með tvær góðar hérna með De Niro sem ég mun skoða fyrir hringinn. De Niro er algjör meistari og vonandi hefur hann góð áhrif. Annars verður hann ekki notaður aftur," sagði Birgir léttur á því. henry@frettabladid.is


**EINBEITTUR** Birgir Leifur sést hér einbeittur á svip í gær. Hann er í kjöraðstöðu til þess að tryggja sér þátttökurétt á Evrópumótaröðinni annað árið í röð.
VÍKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Miele

Miele S381 Tango Plus ryksuga með 1800W mótor
Verð áður kr. 24.600

Tilboð: Kr. 15.990

Fáanlegir fylgihlutir t.d.:
- **Hebafilter** sem hreinsar loftið af ofnæmisvaldandi efnum.
- **Kolafilter** sem hreinsar óæskilega lykt. Hentar vel fyrri þá sem eru með gæludýr.
- **Parketbursti** sem skilar parketinu glansandi.

Miele ryksugur
á einstöku tilboðsverði

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og mikið úrval fylgihluta er innbyggt í vélina.

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele heimilistækin.

35% AFSLÁTTUR

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | www.eirvik.is


Njarðvík lagði Tindastól, 98-78:

## Brenton braut Stólana

**KÖRFUBOLTI** Njarðvíkingar lentu ekki í miklum vandræðum gegn fámennu liði Tindastóls og vann þægilegan tuttugu stiga sigur, 98-78.

Njarðvíkingar mættu til leiks með nýjan Bandaríkjamann en Damon Bailey var tiltölulega nýlentur á landinu og var hent strax í búning. Hann byrjaði þó ekki leikinn.

Jafnræði var með liðunum lengstum í fyrri hálfleik og það var ekki fyrr en Njarðvíkingar settu í gírinn og keyrðu upp hraðann sem eitthvað fór að gerast. Þeir skoruðu úr fjölda hraðaupphlaupa og röðuðu þess utan niður einum níu þriggja stiga skotum í hálfleiknum.

Brenton var heitur í hálfleiknum með 15 stig og þrjár þriggja stiga körfur en hann endaði með sex slíkar.

Stólarnir réðu ekkert við hraða Njarðvíkinga og misstu þá þrettán stigum fram úr sér í leikhléi, 54-41, eftir að munurinn hafði aðeins verið tvö stig eftir fyrsta leikhluta, 20-18.

Njarðvík byrjaði þriðja leikhluta af sama krafti og komu muninum í 20 stig fyrir lok leikhlutans, 76-56 og ballið búið.

Teitur Örlygsson, þjálfari Njarðvíkur, var eðlilega sáttur með sína menn í leikslok. „Við vorum alveg steinsofandi í upphafi en eftir að við sprengjum leikinn upp ráða þeir ekkert við okkur og við hristum þá af okkur," sagði Teitur en hann var sáttur við Brenton og ekki síst Hjört Einarsson sem kom sterkur inn og skoraði 18 stig.

„Æðislega gaman að fylgjast með Hirti en hann er ekki nema 18 ára þessi strákur og sjálfstraustið er flott hjá honum. Hann var ákveðinn báðum megin og ég er virkilega sáttur við þennan sigur." - hbg



**HART BARIST** Stólarnir réðu ekkert við hraða Njarðvíkinga sem unnu leikinn með tuttugu stiga mun. Brenton Birmingham skoraði flest stig í leiknum, 28 talsins.
MYND/VÍKURFRÉTTIR

**STIG NJARÐVÍKUR:**
**Brenton Birmingham 28,** Hjörtur Einarsson 18, **Hörður Axel Vilhjálmsson 15,** Sverrir Þór Sverrisson 9, **Jóhann Árni Ólafsson 8,** Friðrik Stefánsson 7, **Damon Bailey 7,** Guðmundur Jónsson 3, **Elías Kristjánsson 3.**

**STIG TINDASTÓLS:**
**Donald Brown 22,** Kristinn Friðriksson 16, **Svavar Birgisson 11,** Shamir Shaptahovic 11, **Marcin Konarzewski 10,** Ísak Einarsson 5, **Serge Poppe 3.**

Landsbankinn

VÍS

ICELANDAIR

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

Á MORGUN KL. 18:30

# DANMÖRK ÍSLAND

EM 2008

# NÝR ÞJÁLFARI NÝIR TÍMAR?



Á MORGUN KL. 21:00

**Íslenska landsliðið**

Rýnt í íslenska landsliðið og stöðu þess eftir leikinn gegn Dönum.

sýn

*besta sætið*

## > Wentworth Miller



Wentworth fæddist á Englandi árið 1972 en fluttist til New York aðeins eins árs gamall. Hann útskrifaðist úr Princeton University með BA-gráðu í enskum bókmenntum og 23 ára fluttist hann til Los Angeles til að láta leiklistardrauminn rætast. Fyrsta hlutverk Wentworth var í þáttunum Dinotopia og árið 2003 túlkaði hann Coleman Silk í The Human Stain. Wentworth er þekktastur fyrir að leika í þáttunum Prison Break sem eru á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR HLÆR AÐ HEIMSKUM UPPUM

# Danskur Trúður skarar fram úr

Sjónvarpið tók nýverið til sýninga danska gamanþáttinn Klovn, sem á íslensku kallast Trúður. Þættirnir fjalla í megindráttum um ævintýri vinanna Franks og Caspers en þeir eru efnaðir danskir uppar sem láta engan bilbug á sér finna í leit sinni að lífsnautnum. Einkum þykir þeim gaman að eltast við unglingsstelpur, neyta eiturlyfja, keyra um á mótorhjólum og ganga í dýrum fötum. Þeir eru þó svo ólánssamir að eiga konur sem eru frekar venjulegar og vilja bara eignast börn og halda matarboð. Þær kæra sig ekki um að þeir Frank og Casper geri það sem þeim finnst skemmtilegt og eru sífellt að siða þá til. Þeir félagar virða þær þó iðulega að vettugi og gera í hverjum þætti eitthvað sem þeir hafa áhuga á en þurfa jafnframt að fela fyrir eiginkonum sínum.

Þessi lýsing á þáttunum, sem er einfaldlega nokkuð raunsönn, minnir verulega á inntakið í mörgum bandarískum gamanþáttum sem fjalla um vitlausa og stjórnlausa eiginmenn og alvörugefnar og stjórnsamar eiginkonur. Þessir bandarísku þættir hafa verið alþjóðlega fordæmdir fyrir tilfinnanlegan skort á frumleika og fyndni, en þeir eiginleikar þurfa helst að vera til staðar ef gaman á að vera að gamanþáttinum. Nú ber svo við að þrátt fyrir að Trúður haldi sig við þessi margtuggðu og fyrirsjáanlegu kynjahlutverk gerir hann það á óvæntan hátt. Dæmi um þessa ófyrirsjáanlegu nálgun birtist í þættinum sem sýndur var síðastliðið fimmtudagskvöld, en þá hafði Frank uppfyllt kröfur konu sinnar um mannlega hegðun og eldað fyrir matarboð. Fólkið sat og naut ljúffengs pottréttarins þegar óvæntan gest bar að garði.

„Ekki borða annan bita! Þið eruð að borða mannakjöt!" hrópaði gesturinn upp yfir sig um leið og hann ruddist inn í huggulegt matarboðið. Fólkið sem þar sat til borðs hló í fyrstu og taldi að um lélegan brandara væri að ræða. Því næst kastaði það upp á diskana sína.

Trúður er framúrskarandi sjónvarpsefni. Danmörk er hið besta land.



**FRANK OG CASPER** Borða mannakjöt í matarboðum.

## EKKI MISSA AF



▶**21.05** **Söngvaskáld** Sjónvarpið



▶ **21.05** **NCIS** Stöð 2



▶ **16.00** **Duplex** Stöð 2 bíó



▶ **21.15** **Windfall** Sirkus



▶ **22.00** **State of Mind** Skjár einn

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Sportið**
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin** (36:52)
**18.00 Geirharður bojng bojng** (23:26)
**18.25 Nægtaborð Nigellu** (10:13)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Mæðgurnar** (17:22) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-ríki og dóttur hennar á unglingsaldri.
▶**21.05 Söngvaskáld** Björn Jörundur flytur nokkur af lögum sínum að viðstöddum áhorfendum í Sjónvarpssal. Dagskrárgerð: Jón Egill Bergþórsson. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Ríki í ríkinu** (5:7) Breskur spennumyndaflokkur í sjö þáttum. Flugvél springur í flugtaki í Washington og í framhaldi af því lendir sendiherra Breta í borginni í snúnum málum og virðist engum geta treyst. Meðal leikenda eru Jason Isaacs, Ben Daniels, Neil Pearson og Sharon Gless. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Glæpurinn** (6:20) Danskir spennuþættir af bestu gerð. Ung stúlka er myrt og rannsókn lögreglunnar leiðir ýmislegt forvitnilegt í ljós. e.
**00.20 Kastljós**
**01.00 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Pieces of April**
**08.00 Hildegarde**
**10.00 Duplex**
**12.00 Dirty Dancing: Havana Nights**
**14.00 Hildegarde**
▶**16.00 Duplex**
**18.00 Dirty Dancing: Havana Nights**
**20.00 Pieces of April** Átakanleg kvikmynd með Katie Holmes í aðalhlutverki.
**22.00 Undisputed**
**00.00 And Starring Pancho Villa as Himself**
**02.00 Extreme Ops**
**04.00 Undisputed**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 The Bold and the Beautiful**
**09.30 Wings of Love** (67.120)
**10.15 Numbers** (18.24)
**11.10 Veggfóður**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.30 America´s Got Talent** (12.15)
**14.35 America´s Got Talent** (13.15)
**15.20 Sjáðu**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**19.25 Simpsons** (9.21)
**19.50 Friends 4** (5.24)
**20.15 Amazing Race NÝTT** (2.13) Liðin 10 ferðast til Mongólíu þar sem þau þurfa að ferðast á hestum og velja á milli erfiðra áskoranna.
▶**21.05 NCIS** (12.24) Hörkuspennandi framhaldsþáttur frá framleiðendum Jag. Hér segir frá sérsveit sem rannsakar alla glæpi sem tengjast á einhvern hátt sjóliðum, hvort sem um er að ræða þá háttsettu eða nýliðana. 2006.
**21.50 Kompás**
**22.25 60 mínútur** Glænýr þáttur virtasta og vinsælasta fréttaskýringaþáttar í heimi þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar og taka einstök viðtöl við heimsþekkt fólk. 2007.
**23.10 Prison Break** (2.22) Þriðja serían af þessum vinsælasta spennuþætti Stöðvar 2. Nýtt fangelsi og ný flóttatilraun. Í lok síðustu þáttaraðar lentu flóttamennirnir í klóm laganna varða í Mexíkó og hafa nú verið lokaðir inní í skelfilegasta fangelsi Mexíkó og þótt víðar væri leitað. Bönnuð börnum.
**23.55 Big Love** (12.12)
**00.50 Poirot-After The Funeral**
**02.25 Medium** (10.22)
**03.10 NCIS** (12.24)
**03.55 Amazing Race NÝTT** (2.13)
**04.40 Numbers** (18.24)
**05.25 Simpsons** (9.21)
**05.50 Fréttir og Ísland í dag**
**06.45 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SÝN besta sætið

**16.40 Skotland - Ítalía EM 2008 - Undankeppni** Útsending frá leik Skotlands og Ítalíu sem fór fram laugardaginn 17. nóvember.
**18.20 Meistaradeild Evrópu - Fréttaþáttur**
**18.50 Spánn - Svíþjóð EM 2008 Undankeppni** Útsending frá leik Spánar og Svíþjóðar í undankeppni EM 2008 sem fór fram laugardaginn 17. nóvember.
**20.30 King of Clubs**
**21.00 Norður Írland - Ísland EM 2008 undankeppni** (e) Útsending frá fyrsta leik Íslands í undankeppni Evrópukeppninnar í knattspyrnu karla. Íslenska liðið mætti Norður-Írum í Belfast í fyrsta alvöruleik liðsins undir stjórn Eyjólfs Sverrissonar.
**22.40 David Beckham: New Beginnings**
**23.30 Augusta Masters Official Film** Í þessum þætti verður sýnt frá mótinu árið 1986 sem var sögulegt í meira lagi. Þá voru kappar eins og Seve Ballesteros og Greg Norman í eldlínunni, en gamla manninum Jack Niclaus tókst óvænt að blanda sér í baráttuna á lokadegi mótsins.

## SÝN 2

**17.20 Birmingham - Aston Villa** Útsending frá nágrannaslag Birmingham og Aston Villa sem fór fram sunnudaginn 11. nóvember.
**19.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**19.30 Coca Cola mörkin 2007-2008** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
**20.00 Goals of the season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**21.00 PL Classic Matches** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**21.30 PL Classic Matches**
**22.00 English Premier League 2007/08**
**23.00 Man. Utd. - Blackburn** Útsending frá leik Man. Utd og Blackburn í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram sunnudaginn 11. nóvember.

## SKJÁREINN

**07.30 Dýravinir** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**16.25 Vörutorg**
**17.25 How to Look Good Naked** (e)
**18.15 Dr. Phil** Dr. Phil, hreinskilni sjónvarpssálfræðingurinn frá Texas, heldur áfram að hjálpa fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segja frábærar sögur og gefa góð ráð. Frábærir þættir sem létta manni lífið!
**19.00 Skrekkur** Bein útsending frá árlegri hæfileikakeppni nemenda í 8.-10. bekk í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu. Í ár er gríðarleg þátttaka og alls eru 1.100 keppendur mætta til leiks.
**21.00 Innlit / útlit** (9.13) Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og breyta og bæta á heimilum þess. Þau eru með góðan hóp iðnaðarmanna sér til halds og trausts og koma með sniðugar hugmyndir og einfaldar lausnir.
▶**22.00 State of Mind** (3.8) Bandarísk þáttaröð um sálfræðing sem á sjálfur í miklum sálarflækjum. Ann annast konu sem er sakbitin eftir að hafa gefið nýfætt barn sitt til ættleiðingar. Barry fær skuggalega skjólstæðinga og Ann er ekki ánægð. James fær fyrrverandi konuna sína í heimsókn með óvænt tíðindi.
**22.50 Fyrstu skrefin** Frábær þáttaröð um börn, uppeldi þeirra og síðast en ekki síst hlutverkum foreldra og annarra aðstandenda.
**23.15 Silvía Nótt** Frægasta frekjudós Íslands, Silvía Nótt, stendur ávallt fyrir sínu.
**23.40 C.S.I. New York** (e)
**00.40 Charmed** (e)
**01.40 C.S.I.**
**02.25 Vörutorg**
**03.25 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.


Höfuð, herðar…





Íbúfen®
– Bólgueyðandi og verkjastillandi

**Notkunarsvið:** Íbúfen inniheldur íbúprófen sem er bólgueyðandi, verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Íbúfen er notað við liðagigt, slitgigt, tíðaverkjum, tannpínu og höfuðverk. Einnig eftir minniháttar aðgerðir, t.d. tanndrátt. **Varúðarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir íbúprófeni eða öðrum skyldum lyfjum (NSAID), með skerta lifrarstarfsemi eða alvarlegan hjarta- og nýrnasjúkdóm ætti ekki að nota lyfið. Fólk sem hefur fengið astma, nefslímubólgu eða ofsakláða eftir töku acetýlsalicýlsýru eða annarra bólgueyðandi lyfja ætti ekki að nota lyfið. Nota skal lyfið með varúð hjá fólki með tilhneigingu til magasárs eða sögu um slík sár. Lyfið er ekki ætlað barnshafandi konum. **Aukaverkanir:** Íbúfen getur valdið aukaverkunum eins og t.d. meltingaróþægindum, niðurgangi, ógleði, útbrotum, þreytu og höfuðverk. **Skammtastærðir:** Fullorðnir: Venjulegir skammtar eru 600-2000 mg á dag í 3-4 jöfnum skömmtum. Ekki mælt með stærri skammti en 2400 mg. Börn: Venjulegir skammtar eru 20 mg/kg líkamsþunga á dag í 3-4 jöfnum skömmtum. Börnum <30 kg skal eigi gefa meira en 500 mg á dag. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Júlí 2004.

actavis
hagur í heilsu

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.50
### Kompás




Í kvöld fjallar Kompás um hávaxtastefnu Seðlabankans en hún er sögð skapa verðbólgu í stað þess að slá á hana. Svo virðist sem ríkisvaldið vinni gegn Seðlabankanum og á meðan deilt er um hvernig eigi að hlúa að krónunni eru atvinnulífið og einstaklingar að gefast upp og yfirgefa gjaldmiðilinn.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Skrekkur
### Skjár einn kl. 19.00

Nú er komið að úrslitakvöldi Skrekks 2007 í Borgarleikhúsinu. Skrekkur, sem er árleg hæfileikakeppni grunnskólanna í Reykjavík, hefur vaxið með hverju árinu og í ár skráðu sig ríflega 1.100 keppendur til leiks. Aðeins átta bestu atriðin komust áfram og úrslitin ráðast í kvöld.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stef
**15.03** Útvarpssagan: Hversdagshöllin
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hundur í útvarpssal
**21.00** Í heyranda hljóði: Loftslagsbreytingar, er áhrifa farið að gæta?
**22.15** Fimm fjórðu
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks** (61.260)
**16.30 Hollyoaks** (62.260)
**17.00 The George Lopez Show** (17.22)
**17.30 Johnny Zero** (3.13)
**18.15 Windfall** (10.13)
**19.00 Hollyoaks** (61.260)
**19.30 Hollyoaks** (62.260)
**20.00 The George Lopez Show** (17.22) (e)
**20.30 Johnny Zero** (3.13) Hörkuspennandi þáttur um fyrrum fanga sem er fastur á milli tveggja heima þegar bæði lögreglan og glæpagengið úr hverfinu reyna að fá hann til liðs við sig. 2004. Bönnuð börnum.
▶ **21.15 Windfall** (10.13) (e)
**22.00 Side Order of Life** (6.13) Side Order of Life er nýr, rómantískur og glettilega fyndinn framhaldsþáttur sem sló í gegn í Bandaríkjunum í sumar. Þættinum hefur verið líkt við Grey's Anatomy og Ally McBeal.
**22.45 Crossing Jordan** (2.17) Einn lífseigasti og um leið vinsælasti spennuþáttur Stöðvar 2 snýr aftur. Þar höldum við áfram að fylgjast með störfum réttarlæknisins dr. Jordan Cavannaugh og félaga hennar hjá rannsóknarlögreglunni í Boston. Þættirnir eru framleiddir af hinum sömu og framleiða Las Vegas. Bönnuð börnum.
**23.30 Janice Dickinson Modelling Agency** Janice Dickinson vakti athygli og umtal þegar fyrsta sería raunveruleikaþáttar hennar var sýnd hér á landi en hún er hvergi nærri hætt. Nú er komin að annarri þáttaröðinni þar sem Janice heldur áfram að leita að flottustu fyrirsætum Bandaríkjanna. 2006.
**00.15 E-Ring** (16.22)
**01.00 Kenny vs. Spenny**
**01.20 Ren & Stimpy**
**01.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson er í Flórida. Hann ræðir mál líðandi stundar yfir hafið við gesti í myndveri ÍNN.
**20.30 Kötturinn í sekknum** Lilja Þórisdóttir bregður sér í hlutverk ofurneytandans og reynir að fá okkur hin til að vera virkir neytendur.
**21.00 Reynslunni ríkari** Ásdís Olsen býður Valgerði Ólafsdóttur að deila með okkur lífsreynslunni.

## DR 1

**12.50** Matiné: På dessa skuldror **14.30** Andra Avenyn **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Türkisch für Anfänger **16.25** Flag Stories - en français **16.30** Krokomax **17.00** BoliBompa **17.10** Småkryp **17.20** Tippe **17.30** Seaside hotell **17.45** Rekordbyrån **18.00** Lilla Aktuellt - kortnyheter **18.05** Grand Prix **18.30** Rapport **19.00** Andra Avenyn **19.30** Mitt i naturen **20.00** Plus **20.30** Toppform **21.00** Simning: Världscupen **21.30** Kate & Leopold **23.25** Rapport **23.35** Kulturnyheterna **23.45** Grotesco **0.15** Sändningar från SVT24 **5.00** Gomorron Sverige

## NRK 1

**16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Veterinær på safari **17.00** Dyrlege Due **17.10** Småspøkelsene **17.20** Angelina Ballerina **17.35** Kl¢nete kl¢ner **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen: Det skriker fra Juvlijuvet **18.55** Drømmerollen **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Standpunkt **21.15** Extra-trekning **21.30** Safari **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Heroes **23.00** Filmplaneten **23.30** Why Democracy? **0.25** Kulturnytt **0.35** Autofil jukeboks.

## SVT 1

**11.15** Aftenshowet **11.30** Aftenshowet **12.00** Valg07 - TV Avisen Ekstra **12.15** Livet på Sprog¢ **13.00** Valg 07 - TV Avisen Ekstra **13.20** Har vi travlt mor? **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.20** Hans og Edith **15.00** Valg 07 - TV Avisen Ekstra **15.15** Brutalis er et næsehorn **16.00** Valg 07 - TV Avisen Ekstra **16.20** Valg N¢rd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Valg 07 - Valgaften **23.00** Forbrydelsen **5.30** Valg 07 - Morgen


Hollusta og heilbrigði verða verkefni framtíðarleiðtoga okkar.

Ásta Dís Óladóttir, dósent
*Forstöðumaður meistaranáms í Stjórnun heilbrigðisþjónustu*



WWW.BIFROST.IS

STJÓRNUN HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU
Nýtt meistaranám

Þjónusta á sviði heilbrigðismála er ört vaxandi þáttur í nútímasamfélagi. Nýir tímar eru framundan á þessum vettvangi og mikil þörf verður þar fyrir fólk með góða stjórnunarmenntun.

Frá og með áramótum býður Háskólinn á Bifröst upp á nýtt meistaranám: Stjórnun heilbrigðisþjónustu. Námið býr nemendur undir leiðtogahlutverk í heilbrigðisstofnunum og heilsufyrirtækjum. Fagráð sérfræðinga stendur að baki náminu sem skipulagt er í samstarfi við erlenda háskóla. Kennararnir eru allir sérmenntaðir á sviði heilbrigðisþjónustu og viðskipta.

Þetta er spennandi og metnaðarfullur kostur að loknu BS eða BA námi. Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð eru á www.bifrost.is.

FÉLAGSVÍSINDADEILD
- BA í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS)
- MA í menningarstjórnun
- MA í Evrópufræðum

VIÐSKIPTADEILD
- BS í viðskiptafræði
- MS í alþjóðlegri banka- og fjármálastarfsemi
- MS í alþjóðaviðskiptum
- MS í stjórnun heilbrigðisþjónustu

LAGADEILD
- BS í viðskiptalögfræði
- ML í lögfræði
- MA í skattarétti

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er klárlega Pizzan í Garðabænum. Ég hef verið þekktur fyrir pepperoni og ananas en pepperoni, bananar og svartur pipar kom sterkt inn um daginn.“*

Haukur Heiðar Hauksson, söngvari Diktu.

# Þorgrímur og eiginkonan ánægð með söluna

Bók Þorgríms Þráinssonar, Hvernig gerirðu konuna þína hamingjusama? situr í fjórða sæti á metsölulista Eymundsson, á eftir nýjustu bókum Arnalds Indriðasonar og Þórarins Eldjárns og Hnífi Abrahams, margumtalaðri glæpasögu Óttars M. Norðfjörð.

„Ég hef alveg trú á því að þessi bók verði ein af fjórum, fimm mest seldu bókum ársins,“ segir Þorgrímur um árangurinn. „Ég er auðvitað mjög glaður með þetta, en miðað við þá umfjöllun sem bókin hefur fengið síðustu vikur kemur það ekki svo á óvart, í hreinskilni sagt,“ bætir hann við. Þorgrímur segist þó kannski ekki hafa séð árangurinn fyrir á meðan hann sat við skriftir. „En ég hafði það góða tilfinningu fyrir efninu að ég vissi að þetta yrði heit umræða og þar af leiðandi góð sala,“ segir hann.

Spurður hvort konu hans, Ragnhildi Eiríksdóttur, þyki það skrýtið að sjá heimilislífið á metsölulistanum svarar Þorgrímur neitandi. „Ég held að okkar væntingar hafi verið mjög svipaðar,“ segir hann. Þorgrímur er því ekki heldur ókunnugur að verma sæti á metsölulistum, enda spannar rithöfundarferill hans ein átján ár. „Ég er, að ég held, eini rithöfundurinn sem hefur átt bók í bæði fyrsta og öðru sæti á lista yfir heildarsölu árs. Það voru bækurnar Bak við bláu augun og Lalli ljósastaur,“ segir Þorgrímur, sem bendir þó á að metsölulistar spegli ekki alltaf gæði. „Þetta er auðvitað ákveðið mælitæki, en það er alltaf fjöldi frábærra bóka sem ratar aldrei þangað,“ segir hann. -sun



**SVIPAÐAR VÆNTINGAR** Þorgrímur Þráinsson segir að hann og kona hans, Ragnhildur Eiríksdóttir, hafi haft svipaðar væntingar til bókarinnar Hvernig gerirðu konuna þína hamingjusama? FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**LÁRÉTT** 2. pest 6. öfug röð 8. langar 9. farfa 11. þurrka út 12. morðs 14. flækja 16. ekki 17. hópur 18. angan 20. fyrir hönd 21. útungun eggja.

**LÓÐRÉTT** 1. líkami 3. tveir eins 4. gufuskip 5. hamfletta 7. nískupúki 10. blekking 13. skaut 15. innyfla 16. trjátegund 19. skóli.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. kvef, 6. on, 8. vil, 9. lit, 11. má, 12. dráps, 14. flóki, 16. ei, 17. lið, 18. ilm, 20. pr, 21. klak.

**LÓÐRÉTT:** 1. hold, 3. vv, 4. eimskip, 5. flá, 7. nirfill, 10. tál, 13. pól, 15. iðra, 16. eik, 19. ma.



**ÓTRÚLEG EFTIRSPURN** Uppselt er á þrenna jólatónleika Björgvins Halldórssonar í Laugardalshöll. Ísleifur Þórhallsson tónleikahaldari, til hægri á myndinni, og starfsfólk Miða.is komu upp um tilraun til svartamarkaðsbrasks með miða á tónleikana. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### ÍSLEIFUR ÞÓRHALLSSON: ÓLÖGLEG MIÐASALA STÖÐVUÐ

# Svartamarkaðsbrask með miða á tónleika Björgvins

„Við sáum auglýsingar á netinu þar sem stelpa var að auglýsa miða til sölu. Þetta var augljóslega ekki einhver sem átti ekki heimangengt á tónleikana heldur hafði hamstrað miða,“ segir Ísleifur B. Þórhallsson, tónleikahaldari hjá Concert. Ísleifur stendur fyrir jólatónleikum Björgvins Halldórssonar í Laugardalshöll í næsta mánuði en uppselt er á alla þrjá tónleikana. Borið hefur á því að fólk hafi ætlað að selja miða á tónleika Björgvins á svörtum markaði og var meðal annars birt auglýsing þess efnis á kassi.is. Að sögn Ísleifs gekk miði. is í málið, hafði uppi á stúlkunni og sagðist hafa áhuga á miðunum. Í kjölfarið tókst að bera kennsl á hana og voru miðarnir ógildir um leið enda gilda strangar reglur um slík viðskipti.

Ísleifur segir að umrædd stúlka hafi augljóslega ætlað að græða á athæfinu, hún hafi selt ódýrari miðana á átta þúsund og dýrari miðana á tíu þúsund krónur en miðaverð er sjö og átta þúsund. „Hún ætlaði greinilega að skapa sér einhverjar tekjur af þessu,“ segir Ísleifur og bætir því við að hann hafi ekki séð atvinnustarfsemi af þessu tagi í tengslum við tónleikahald hér á landi áður. Ekki hefði þó gróðinn orðið mikill, 20 þúsund krónur ef allir miðarnir hefðu selst.

Gríðarleg eftirspurn hefur verið eftir miðum á jólatónleika Björgvins og er þegar uppselt á alla þrjá tónleikana sem ráðgert hefur verið að halda. Ísleifur segir nánast útilokað að fjórðu tónleikunum verði bætt við. „Við erum ekki einu sinni að ræða það núna en við útilokum að sjálfsögðu ekki neitt.“

„Ég er nú bara að heyra þetta í fyrsta skipti,“ sagði Björgvin Halldórsson þegar Fréttablaðið náði af honum tali í gær. „Þetta er nú bara eins og erlendis þar sem miðar ganga kaupum og sölum. Það er kannski ekki skrýtið í ljósi þess hversu margir hafa verið að reyna að ná sér í miða,“ segir Björgvin og hlær. „Ég vorkenni þessari stelpu reyndar. Ég vil endilega sjá hana á tónleikunum, það má ekki allt fara á hliðina hjá henni þó hún hamstri nokkra miða.“ - fgg/hdm

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Inga Lind Karlsdóttir**, sjónvarpskona í Íslandi í dag, á von á sínu fimmta barni. Inga Lind staðfesti við Vísi.is að hún væri gengin þrjá mánuði á leið. Því er von á barninu í lok maí og ríkir eflaust mikil spenna á heimili Ingu og eiginmanns hennar, athafnamannsins **Árna Haukssonar**, í Garðabæ.



En það eru fleiri að fjölga mannkyninu. **Dalla Ólafsdóttir**, dóttir **Ólafs Ragnars Grímssonar** forseta Íslands, á von á öðru barni sínu á allra næstu dögum. Dalla er gift **Matthíasi Sigurðarsyni** tannlækni. Fyrir eiga þau dótturina Urði sem er nýorðin þriggja ára.



Kynningarpartí Senu var vel sótt á Apótekinu á laugardagskvöld. Eins og fram hefur komið var gestum gert að mæta í svörtum, hvítum og rauðum klæðnaði en það vafðist fyrir nokkrum þrátt fyrir skýr skilaboð. Meðal þeirra sem ekki fengu inngöngu voru **Tryggvi Guðmundsson**, fótboltamaður úr FH, **Andrea Jónsdóttir** útvarpskona og **Jón Jósep Snæbjörnsson** söngvari, sem reyndar skaust heim eftir rauðu bindi og slapp þá inn.



Aðalskemmtiatriði kvöldsins var myndband með **Pétri Jóhanni Sigfússyni** í hlutverki Ólafs Ragnars í Næturvaktinni. Ólafur Ragnar fór rækilega yfir starfsemi Senu og skaut á vel valda gesti með tilheyrandi hlátrasköllum. Talið er að um 500 manns hafi verið í partíinu þegar mest var. Þarna mátti til að mynda sjá **Richard Scobie**, **Unni Birnu Vilhjálmsdóttur**, **Ásgeir Kolbeins**, **Björgvin Halldórsson**, **Regínu Ósk**, **Einar Bárðarson**, **Arnar Gauta Sverrisson** og **Nadiu Banine**, **Auðun Blöndal**, **Egil „Gillzenegger“ Einarsson** og **Friðrik Ómar**. - hdm














# Snýr aftur með Gallerí Borg

Nýtt gallerí Péturs Þórs Gunnarssonar, sem kenndur er við Gallerí Borg, og eiginkonu hans Ernu Flygenring mun einfaldlega heita Gallerí Borg.

„Þetta er eitt þekktasta merkið á landinu í dag og þetta er fallegt nafn sem var á lausu,“ segir Pétur Þór um „nýja“ nafnið.

Pétur hefur verið í sjálfskipaðri útlegð frá listaverkaheiminum í tíu ár, eða frá því að rannsókn hófst á stóra málverkafölsunarmálinu. Var hann sem kunnugt er sýknaður fyrir þremur árum í Hæstarétti af fimmtíu ákæruliðum ásamt Jónasi Freydal Þorsteinssyni.

Pétur segir að einfaldast hafi verið að halda gamla nafninu því hann sjálfur sé hvort sem er kenndur við Gallerí Borg. „Mér finnst þetta betra. Maður gengur bara hreint til verks og er ekki í neinum feluleik. Þetta var niðurstaðan og það er lítið annað um það að segja. En þetta er nýtt gallerí og við erum að byrja algjörlega frá núlli. Það verður farið hægt og rólega af stað og ekki með neinum látum,“ segir hann og óttast ekki gagnrýnisraddir. „Maður hefur fengið kaldar kveðjur, einmitt í Fréttablaðinu frá Tryggva í Fold en það truflar mig ekkert.“

Gallerí Borg verður opnað á laugardaginn klukkan 17 að Skipholti 35. Boðið verður upp á veitingar og sjá þeir Tómas R. Einarsson og Óskar Guðjónsson um að halda uppi léttleikandi stemningu. - fb



**PÉTUR ÞÓR GUNNARSSON** Pétur Þór og eiginkona hans Erna Flygenring opna Gallerí Borg á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# HÁTÍÐ ER Í BÆ

## SAMSUNG ÞÝÐIR SNILLD!




HD ready

EISA AWARD Best Product 2007-2008
HD-READY LCD-TV
Samsung LE40R81B/86BD

## *Frábær upplifun*

### 40" LCD sjónvarpstæki
Samsung LE40R86WDX

- Digital sjónvarpsmóttakari
- Upplausn: 1366 x 768
- 10 bita litvinnsla
- Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
- Svartími: 8 millisekúndur
- Contrast: 8000:1
- Sjónsvið: 178°/178°
- Mynd í mynd (1 tuner)
- 3 HDMI, Component, SCARTx2




HD ready

### SAMSUNG YFIRLIT:

| SKJÁSTÆRÐ: | HEITI / NÚMER | LITUR | VERÐ: |
|---|---|---|---|
| 19" | LE19R86WDX | HVÍTT OG SVART | 69.900.- kr |
| 23" | LE23R86WDX | HVÍTT OG SVART | 89.900.- kr |
| 26" | LE26R87BDX | SVART | 114.900.- kr |
| 32" | LE32R86WDX | HVÍTT OG SVART | 139.900.- kr |
| 37" | LE32R87BDX | SVART | 189.900.- kr |
| 40" | LE40R86WDX | HVÍTT OG SVART | 229.900.- kr |

## TOPP GÆÐI Á FRÁBÆRU VERÐI

Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum.

# ORMSSON

ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**





visir.is
Fyrstur með fréttirnar




**BAKÞANKAR**
Karenar D. Kjartansdóttur

## *Lausnin fundin*

Ósvei, allir eru að okra, enginn vill vinna, allir eru að kaupa, jólin byrjuðu í október. Þegar meirihluti samræðna á kaffistofum byggist upp á fyrrnefndum fullyrðingum veit ég að blessuð jólahátíðin er á næsta leiti. Margir segja að fyrsti boðberi jólanna sé jólasveinarnir í glugganum hjá Rammagerðinni. Mér finnst jólin hins vegar ekki byrja fyrr en ég les reiðipistil um hve geigvænleg efnishyggja og neysla íslensku þjóðarinnar sé orðin. Slíka pistla skrifar gáfað og gott fólk sem mér finnst líklegt að vilji segja öðrum rómantískar ýkjusögur af þeirri gleði sem gagntók það þegar það fékk epli í desember eða þegar það opnaði fyrsta molann af makkintosinu í bernsku.

**YFIRLEITT** hríslast um mig gæsahúð af hrifningu þegar ég les slíka vandlætingarpistla þó ég velti því oft fyrir mér hvar í veröldinni þetta fólk hafi alist upp. Ekki voru epli neitt tiltökumál í minni bernsku, þaðan af síður viðbjóðslegir makkintosmolarnir sem eldra fólk otaði að mér á hátíðum og gerði mér ljóst að það væri dónaskapur og vanþakklæti að afþakka slíkan nýlenduvarning.

**ÉG** er afskaplega sátt við hlutskipti mitt í lífinu. Hef aldrei keypt mér hlut sem mér þótti of dýr. Í martröðum mínum sé ég ekki fyrir mér kaupmenn að velta sér upp úr seðlahrúgu og greiðslukvittunum frá sveltandi vinnuþjörkum með sultardropa, sem neyddust til að eyða síðustu krónunum sínum í bandarísk leikföng. Dægurþras gáfaðs og nýtins fólks um verð og okur fær mig stundum til að halda að meginþorri Íslendinga eigi nánast engan pening. Þeim fáu krónum sem þeir haldi eftir af launum sínum sé ætíð stolið af gráðugum kaupmönnum í líki hins illa Skröggs sem lesa má um í jólaævintýri Dickens.

**ÞÁ** finnst mér væl fólks yfir því hvað það eigi ægilega lítinn pening vegna þess að það hafi þurft að kaupa sér svo ægilega dýra hluti svipa til kvartana drykkjumanns sem kvartar yfir þynnku. Í báðum tilfellum er til einföld lausn á vandamálinu. Temjið ykkur að versla til jólanna undir áhrifum áfengis; þá getið þið kennt brennivíninu um að þið eydduð allt of miklum peningum.



**GÓÐAN DAG!**

**Í dag er þriðjudagurinn 20. nóvember, 324. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.11 | 13.13 | 16.15 |
| Akureyri | 10.13 | 12.58 | 15.42 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


www.volkswagen.is




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 07-1048

Gæði og glæsileiki Volkswagen Passat er orðinn vel þekktur en þróunin heldur áfram. Nú bjóðum við Passat Comfortline með veglegum aukabúnaði:

- 16" álfelgur • Hraðastillir • Fjarlægðarskynjarar að framan og aftan
- Leðurklætt stýri • Hiti í framsætum • Aðkomuljós

Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA